**ELÍSABET ÞORVALDSDÓTTIR**
*Eldar ekta húsmæðra-fiskibollur*
Matur
**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**RÁÐSTEFNUR**
*Krókódílar og ráðgátur við Grímsá*
Sérblað um ráðstefnur
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**MERCEDES CLUB**
*Ásakanir um svindl í Eurovision-keppninni*
Reglur sagðar beygðar til að hygla sveitinni.
**FÓLK 50**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. febrúar 2008 — 45. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Margt spennandi fram undan

Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sett var á laggirnar í ágúst síðastliðnum færir út kvíarnar.
**TÍMAMÓT**



### Hvað gerir Geir?

HSÍ hefur boðið Geir Sveinssyni að taka við handboltalandsliðinu. Hann svarar HSÍ í dag.
**ÍÞRÓTTIR 44**



FÖSTUDAGUR

### Fræga fólkið flykkist í klippingu

Hreiðar og Jóhann eiga Loft Salon í Kaupmannahöfn
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU**




## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA VESTAN TIL** Í dag verða suðvestan 5-10 m/s. Rigning víða fyrir hádegi en skúrir vestan til eftir hádegi, annars þurrt. Hiti 2-6 stig.
**VEÐUR 4**




# Átján ára piltur lést eftir morfínneyslu

**Átján ára piltur fór í öndunarstopp og lést síðan eftir að hafa tekið of stóran skammt af morfíntöflum í fyrrinótt. Hann hafði verið við neyslu ásamt vini sínum, sem reyndi lífgunartilraunir. Fyrir áramót lést kona eftir rítalínneyslu.**

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára piltur lést í fyrrinótt eftir að hafa tekið of stóran skammt af morfíntöflum. Hann fór í öndunarstopp og báru lífgunartilraunir ekki árangur.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru pilturinn og vinur hans saman við neyslu á morfíntöflum í herbergi í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu í fyrrakvöld. Pilturinn hóf að prófa sig áfram í neyslunni og auka við sig skammtinn. Skömmu fyrir miðnætti var hann enn vakandi.

Eftir það sofnaði hann og í gærmorgun áttaði vinur hans sig á því að hann var hættur að anda. Hann hringdi í neyðarlínuna 112 og fékk leiðbeiningar og aðstoð í gegnum síma við hjartahnoð og blástur. Lögreglan mætti skömmu síðar á staðinn og hélt endurlífgunartilraunum áfram. Sjúkralið mætti einnig, en hafðist ekki að þegar á staðinn var komið, því pilturinn var greinilega látinn og ekki ástæða til að reyna frekari endurlífgun.

Þetta er annað dauðsfallið af völdum lyfjaneyslu sem Fréttablaðið hefur greint frá á skömmum tíma. Í lok síðasta árs lést 35 ára kona í fjölbýlishúsi á Lindargötu í Reykjavík eftir að hún hafði sprautað sig með rítalíni í æð. Stuttu síðar fékk hún krampaflog, missti svo meðvitund og fór í öndunarstopp. Fólk sem var með henni í íbúðinni kallaði eftir aðstoð lögreglu og sjúkraliðs, en það reyndist of seint. Lögregla fann áhöld til fíkniefnaneyslu, einkum sprautur, í íbúðunni.

Lögregla hefur margítrekað í Fréttablaðinu að öll neysla fíkniefna er skaðleg og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. **- jss**



**NÝ BYRJUN Í VATNSMÝRI** Eftir að verðlaun höfðu verið veitt fyrir bestu tillögurnar að mati dómnefndar í samkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrar var opnuð sýning á öllum 136 tillögunum sem bárust. Líkan af verðlaunatillögu Graemes Massie og félaga naut óskiptrar athygli gesta á sýningunni sem verður opin í Hafnarhúsinu í eina viku. **Sjá nánar á síðu 16.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fangelsismálastofnun eykur stuðning við fanga á reynslulausn með eftirfylgni:

# Fjórðungur fanga rauf skilorð

**FANGELSISMÁL** Fjórtán til 25 prósent fanga rufu skilyrði reynslulausnar á árunum 1995 til og með 2005 samkvæmt tölfræðilegri úttekt sem Fangelsismálastofnun vann fyrir Fréttablaðið.

„Ég kalla þetta ferli „boomerang-effect“. Maður þeytist út og heldur að leiðin í burtu verði sem lengst frá fangelsinu, svo veit maður ekki fyrr en maður er kominn til baka,“ segir Guðmundur Svavarsson, fyrrverandi fangi. Héraðsdómur dæmdi hann í tuttugu ára fangelsi fyrir manndráp árið 1990. Hæstiréttur mildaði dóminn í sautján ár og þó að Guðmundur viðurkenni sjálfur að hafa ekki verið fyrirmyndarfangi fékk hann reynslulausn árið 2001. Nokkrum mánuðum síðar var hann fluttur aftur á Litla-Hraun og hafði þá framið ýmiss konar afbrot í frelsinu, sem reyndist honum þungbærara en hann hafði haldið. Hann hefur nú náð tökum á lífi sínu og segir það að ná tökum á fíkninni lykilatriði.

„Fangar glíma oftar en ekki við félagslega óvirkni eftir dvöl í fangelsi,“ segir Þórarinn V. Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. **- kdk, -mh /** **sjá síðu 18**






**VAXTAÁKVÖRÐUN** Davíð Oddsson tilkynnti um stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans.

Stýrivextir Seðlabanka óbreyttir:

# Krónan styrktist og hlutabréf féllu

**VIÐSKIPTI** Í kjölfar ákvörðunar Seðlabankans um óbreytta stýrivexti í gær styrktist krónan, markaðsvextir hækkuðu og hlutabréf lækkuðu. Greiningardeild Landsbankans segir ákvörðun bankans hafa komið markaðnum á óvart þótt hún hafi verið í takt við spár.

Greiningardeild Kaupþings segir Seðlabankann brátt hljóta að endurskoða spá frá því í nóvember um stýrivexti sem sé „algerlega óraunhæf nema því aðeins að bankanum sé í mun að knýja fram harða lendingu í efnahagslífinu“. Bankarnir spá allir lækkun vaxta á eða fyrir næsta vaxtaákvörðunardag í apríl. **- óká /** **sjá síður 2 og 22**

Rífandi blómasala:

# Blómvöndur á þrjátíu þúsund

**FÓLK „Blessaður vertu, Íslendingar virðast ekkert hafa verið að hlusta á vaxtatilkynningu Davíðs og félaga í Seðlabankanum og þessi dagur er miklu betri en sá í fyrra,“ segir Laufey Kristjánsdóttir hjá blómabúðinni Ísblómum, spurð hvort kreppan margumrædda hafi haft áhrif á blómakaupin á Valentínusardeginum. Íslendingar virðast smám saman vera farnir að taka þessa amerísku hefð upp á sína arma og létu krepputal lítið á sig fá. Hjá Blómaverkstæði Binna fengust þær upplýsingar að dýrasti vöndurinn sem fór út úr húsi hefði kostað þrjátíu þúsund krónur.** **- fgg /** **sjá síðu 50**



## SPURNING DAGSINS



*Gísli, var gaurinn á skallanum?*

„Það má segja að það hafi verið jafnt á komið með okkur, þótt það hafi að vísu verið hvort sitt tilbrigðið við sama stef.“

Gísli Einarsson sjónvarpsmaður lenti í því fyrir utan skemmtistaðinn Broadway um helgina að ókunnur maður taldi fullvíst að Gísli væri Dr. Gunni.

Samgönguráðuneytið skiptir um skoðun á því hvort sæstrengur standist EES-samninginn:

# ESA skoðar þátt íslenska ríkisins í Danice

**SAMGÖNGUR** „Við erum að skoða þetta mál,“ segir Amund Utne, yfirmaður samkeppnis- og ríkisstyrkjadeildar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Könnun ESA snýr að því hvort þátttaka ríkisins í nýjum sæstreng milli Íslands og Danmerkur, Danice, standist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Danice-strengurinn er meginforsenda þess að hér verði reist netþjónabú. Byrja á að leggja hann í sumar og á hann að vera tilbúinn að ári.

Amund Utne segir að athugasemd hafi borist frá íslenska ríkinu um að kanna málið. Það hefur Fréttablaðið fengið staðfest í samgönguráðuneytinu. Utne bætir því við að teljist ríkið vera venjulegur fjárfestir, sé ekki tilefni til athugasemda.



**AMUND UTNE** Yfirmaður ríkisstyrkjanefndar ESA segist vera að athuga hvort þátttaka ríkisins í nýjum sæstreng milli Íslands og Danmerkur standist EES-samninginn.

ESA fékk erindið í hendur í janúar, eftir því sem Utne segir.

Stofnunin hefur tvo mánuði til að ýmist ljúka málinu eða kalla eftir frekari gögnum.

Samgönguráðuneytið taldi hins vegar í október að enginn vafi væri á því að þátttaka ríkisins í Danice stæðist samninginn um EES. Úr samgönguráðuneytinu fást þær upplýsingar að nýleg þátttaka orkufyrirtækja í Danice kalli á aðkomu ESA. Óvíst er hvenær athuguninni lýkur.

Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja eiga nú sameiginlega ráðandi hlut í Farice. Gengið var frá samningum um það fyrir jól.

Lagningu annars sæstrengs hingað frá Írlandi, sem til stóð að yrði tilbúinn í haust, hefur verið frestað. Að sögn forstjóra Hibernia Atlantic þykir það lítt spennandi tilhugsun að standa í samkeppni við þessa aðila og ríkið eins og er. - ikh

Hæstiréttur:

## Nauðgunarmál heim í hérað

**DÓMSMÁL Hæstiréttur ómerkti í gær sýknudóm héraðsdóms í máli manns sem ákærður var fyrir að hafa nauðgað konu á salerni á Hótel Sögu í maí síðastliðnum.**

**Málinu hefur verið vísað heim í hérað til aðalmeðferðar. Í ályktun héraðsdóms segir meðal annars að það að maðurinn hafi ýtt konunni inn í salernisklefa, læst klefanum innan frá, dregið niður um hana, ýtt henni niður á salernið og síðan niður á gólf, geti ekki talist ofbeldi í skilningi fyrstu málsgreinar 194. greinar almennra hegningarlaga og nægi það eitt til að sýkna manninn. Þessu er Hæstiréttur ósammála.** - jse



**LOÐNUVEIÐAR Á SIGHVATI BJARNASYNI VE** Þótt Sighvatur Bjarnason hafi komið að landi með 600 tonn af vænni loðnu og um 30 norsk loðnuskip dæli henni upp fyrir austan land er allt útlit fyrir að loðnuvertíðin verði ekki meiri í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Loðnuvertíð blásin af

**Útlit er fyrir að loðnuvertíðin verði blásin af. Samráðshópur um loðnurannsóknir kom saman í gær og ályktaði að útgerðarmenn yrðu að halda að sér höndum uns frekari rannsóknir lægju fyrir. Skipstjóri segir nóg af loðnu.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Samráðshópur um loðnurannsóknir kom saman í gær til að ræða slæmt ástand stofnsins. Var niðurstaðan sú að fá útgerðarmenn til að halda ekki til loðnuveiða fyrr en frekari rannsóknir hefðu verið gerðar á stofninum en í dag verður svo ákveðið hvort farið verði fram á formlega veiðistöðvun þar til þeim hefur verið lokið.

„Við erum að leggja drög að því að gera lokatilraun til að fara yfir svæðið og ná mælingum en það virðist óvenjulítið um loðnu og það er spurning hvort grundvöllurinn sem lá fyrir þegar ákvörðun um bráðabirgðakvótann var tekin sé hreinlega brostinn,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar. „Við teljum mjög mikilvægt að á meðan á þeim rannsóknum stendur haldi menn að sér höndum við veiðar en annars er ekki loku fyrir það skotið að við förum fram á veiðistöðvun.“

Hann segir að í dag muni menn úr samráðshópnum tala sig saman og ræða við útgerðarmenn og aðra sem í hlut eiga en að því loknu verði tekin ákvörðun um það hvort farið verði fram á veiðistöðvun.

Jón Eyfjörð, skipsstjóri á Sighvati Bjarnasyni, segir hins vegar ekkert að óttast í þessum efnum því nóg sé af loðnu. „Við vorum að fá um 600 tonn í tveimur köstum og þetta er stór og fín loðna,“ sagði hann í gær þegar hann var á heimstími af veiðum austur af landinu. „Þarna vorum örugglega um 30 norsk loðnuskip sem einnig voru að fá nóg og þetta er á mjög stóru svæði. Ég sá hins vegar ekkert rannsóknarskip, þeir fara einhvernveginn alltaf á mis við loðnuna. Ég ætti eiginlega að bjóða þeim með mér í næsta túr svo þeir fái nú einhvern tíman að sjá hana.“

Jóhann segir að nýlega hafi verið rannsóknarskip verið á ferð austur af landinu. „Og þótt það veiðist eitthvað þarna nú þá efast ég um að það sé svo mikið að það breyti einhverju, annars kemur þetta allt í ljós þegar við erum búnir að fara vel yfir þetta en á meðan við erum í þessari óvissu er mikilvægt að fara varlega.“

Kvótinn sem úthlutaður hafði verið er 205 þúsund tonn og þar af koma 122 þúsund tonn í hlut íslenskra skipa. jse@frettabladid.is

Skoðanakönnun:

## Samfylkingin með mesta fylgið

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin reynist með mest fylgi í skoðanakönnun sem Talnakönnun gerði fyrir vefsvæðið Heimur.is. Sögðust 38,8 prósent styðja flokkinn, sem er 12 prósentum meira en flokkurinn fékk í síðustu alþingiskosningum árið 2007. Sjálfstæðisflokkurinn fær tæp 34 prósent í könnuninni sem er þremur prósentum minna en í kosningunum. Vinstri grænir fá 11,9 prósent í könnuninni, Framsóknarflokkur 8,5 prósent og Frjálslyndir 6,7 prósent.

Hringt var í um 690 manns á dögunum 5. til 7. febrúar og tóku 440 afstöðu. Síðasta dag könnunarinnar var REI-skýrslan birt. - jse



**MEÐ NÝJA SKÍRTEINIÐ** Mariam Amash man vel eftir því þegar Tyrkir réðu lögum og lofum í Palestínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Háöldruð kona í Ísrael:

## Segist sjálf vera 120 ára gömul

**ÍSRAEL, AP** Mariam Amash týndi nafnskírteininu sínu fyrir stuttu. Þegar hún kom á bæjarskrifstofurnar í þorpinu sínu í Ísrael til að sækja um nýtt skírteini kom í ljós að hún var skráð fædd árið 1888. Sjálf staðfestir hún það.

Reynist það rétt, þá er Amash elsta manneskja heims, 120 ára gömul. Hún á tíu syni og eina dóttur, sem er að nálgast nírætt. Barnabörnin eru 120 og barnabarnabörnin 250. Hún er við góða heilsu og fer í göngutúr á hverjum degi. - gb

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:

## Minnihlutinn lak skýrslunni

**BORGARMÁL Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, telur ólíklegt að einhver borgarfulltrúa flokksins hafi lekið REI-skýrslunni til fjölmiðla til að koma höggi á Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson.**



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

**„Mér þykir það afar ótrúlegt, ég trúi því ekki upp á neinn að vera með ásetning í þá veru,“ segir hún. „Ég tel að þegar svona leki verður sé það miklu frekar vegna spennu sem fylgir því að geta átt frumkvæðið í umræðunni.“ Hún segir enn fremur líklegra að einhver úr minnihlutanum hafi lekið henni.**

**REI skýrslan lak til fjölmiðla degi áður en hún var kynnt borgarráði og var ítarlega fjallað um hana og þátt Vilhjálms í REI-málinu í Kastljósi sama dag.** - jse




Framkvæmdastjóri SA varð fyrir djúpum vonbrigðum með stýrivextina:

# Grípa verður í taumana

**KJARAMÁL** Aðilar vinnumarkaðarins urðu fyrir þungum vonbrigðum með þá ákvörðun Seðlabankans að halda stýrivöxtum óbreyttum. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, sagði að ekki væri hægt að búa við þetta ástand lengur. „Þetta hefur gengið langt úr hófi fram allt of lengi,“ sagði hann. Forseti Alþýðusambands Íslands, ASÍ, vonaðist eftir lækkun þó að hún yrði kannski ekki stór í þetta skiptið.

„Peningastefna Seðlabankans hefur komið sér mjög illa fyrir atvinnulífið án þess að hafa haft neitt að segja gegn verðbólgunni,“ segir Vilhjálmur. „Hún hefur valdið kostnaði fyrir atvinnulífið en ekki skilað neinum árangri. Í kjarasamningunum reynum við að brjótast út úr þessum verðbólguvítahring með því að forgangsraða og ná utan um lægstu launin og þá sem hafa setið eftir. Sú byrði lendir harkalega á sömu fyrirtækjum og hafa orðið fyrir miklum búsifjum vegna peningastefnunnar. Þess vegna er okkur mikið í mun að komast út úr þessari sjálfheldu,“ segir hann og hvetur til þess að samkomulag milli ríkisins og Seðlabankans verði endurskoðað eða lögum um Seðlabankann breytt. „Ef Seðlabankinn hlustar ekki og sér ekki og heldur stefnu sinni óbreyttri sama hvað gerist þá verður að grípa í taumana.“



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON** Forseti ASÍ.



**VILHJÁLMUR EGILSSON** Framkvæmdastjóri SA.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir að ákvörðun Seðlabankans komi kjarasamningum ekki úr skorðum en kunni að hafa áhrif á ástandið fram undan. „Við teljum okkur vera að ganga frá kjarasamningum sem eru þess eðlis að þeir eiga að tryggja stöðugleika og lækkandi verðbólgu. Það er markmiðið. Það mun reyna gríðarlega mikið á stjórnvöld og Seðlabankann í framhaldinu. Við ráðum ekki við þetta ein. Í því samhengi skiptir þetta auðvitað máli.“ - ghs




## KIA Sorento

Fullbúinn alvöru jeppi með ríkulegum staðalbúnaði

- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP-stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Þakbogar
- Hátt og lágt drif
- Ný og glæsileg innrétting
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir (Cruise Control)
- 3.500 kg. dráttargeta

**Verð frá 3.850.000 kr.**

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

DRÁTTARBEISLI OG VETRARDEKK FYLGJA

KIA MOTORS Official Partner

EURO2008 Austria-Switzerland

KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## GENGIÐ 14.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,66 | 66,98 |
| Sterlingspund | 131,32 | 131,96 |
| Evra | 97,43 | 97,97 |
| Dönsk króna | 13,068 | 13,144 |
| Norsk króna | 12,236 | 12,308 |
| Sænsk króna | 10,444 | 10,506 |
| Japanskt jen | 0,6156 | 0,6192 |
| SDR | 105,23 | 105,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
128,8077

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tuttugu og ein fasteignasala sameinar krafta sína:

# Reynt að bregða fyrir þá fæti

**VIÐSKIPTI** Forráðamenn tuttugu og einnar fasteignasölu hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um náið samstarf með svokallaðri klasamyndun. Óskar Rúnar Harðarson frá fasteignasölunni Mikluborg, sem er ein af þessum fasteignasölum, segir eitt af meginmarkmiðunum vera að gera miðlægan gagnagrunn með fasteignum sem allar fasteignasölurnar í klasanum geti notað við söluna.

Óskar Rúnar segir ennfremur að eftir um það bil einn og hálfan mánuð verði samstarfið komið á koppinn ef allt gengur eftir. Óskar Rúnar vil ekki nefna þær fasteignasölur sem skrifað hafa undir en segir að þær séu með þeim stærstu og reyndustu á markaðnum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa nokkrir fasteignasalar sem ekki tilheyra klasanum brugðist harkalega við og jafnvel reynt að bregða fæti fyrir þá sem að henni standa. Þau viðbrögð eru þó ekki frá stærstu fasteignasölukeðjunni, Remax. Nýi klasinn mun hafa rúmlega fimmtíu löggilta fasteignasala á sínum snærum eða fleiri en aðrir á markaðnum.

Sverrir Kristinsson, hjá Fasteignasölunni Eignamiðlun, segir sitt fyrirtæki ekki hafa séð hag í því að taka þátt í þessu samstarfi en hafi heldur ekki reynt að hindra það. „Við ráðum engu um það hvernig aðrir stjórna sínum fyrirtækjum svo ég sé ekki hvernig við ættum að geta komið í veg fyrir það sem þeir kjósa að gera.“ - jse



**FASTEIGNASALA** Óskar Rúnar segir að þegar gagnagrunnurinn verði kominn á geti seljendur með einni færslu tryggt sér þjónustu frá 21 fasteignasölu.

Spillingarmál í Noregi:

## Sjötugur forstjóri í fangelsi

**NOREGUR, AP** Ivar Henriksen, sjötugur fyrrverandi forstjóri vatnsveitu Óslóborgar, var í gær dæmdur í átta ára fangelsi fyrir að hafa dregið sér fé úr fyrirtækinu áratugum saman.

Sonur hans var dæmdur í fimm ára fangelsi og tveir aðrir voru einnig dæmdir í fangelsi fyrir hlut sinn að málinu.

Lars Stoltenberg saksóknari sagðist aldrei hafa séð jafn þungan dóm fyrir spillingarmál í Noregi. Meðan réttarhöldin stóðu yfir sagði hann brot feðganna vera stærsta spillingarmál sem nokkru sinni hefði komið fyrir norskan dómstól. - gb



**MITT ROMNEY** Biður sína menn að kjósa McCain. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetaslagurinn í BNA:

## Mitt Romney styður McCain

**BANDARÍKIN, AP** Repúblikaninn Mitt Romney styður flokksbróður sinn John McCain til að verða forsetaefni flokksins í kosningunum í haust.

Stuðningur Romneys tryggir enn frekar yfirburðastöðu McCains í forkosningabaráttu Repúblikanaflokksins. Romney dró sig út úr slagnum í síðustu viku þegar ljóst var að erfitt yrði að sigra McCain.

Romney hefur beðið þá 280 kjörmenn, sem hann hafði tryggt sér, að greiða McCain atkvæði sitt á flokksþingi repúblikana í byrjun september, þegar forsetaefni flokksins verður kosið. - gb

Þrír handteknir við húsleit:

## Fíkniefni og hálf milljón

**LÖGREGLUMÁL Amfetamín í söluskömmtum, um 20 grömm af kannabisefnum og um hálf milljón í peningum fundust við húsleit í Breiðholti í vikunni. Grunur leikur á að peningarnir séu ágóði af fíkniefnasölu. Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn.**

**Sama dag komu tveir aðrir karlmenn á þrítugsaldri við sögu hjá lögreglu vegna fíkniefnamála. Báðir voru með fíkniefni í fórum sínum.** - jss

# Enginn ber ábyrgð á 79-109 milljóna tjóni

**Ríkisendurskoðun telur hæpið að rekja megi vatnstjón á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli til beinnar vanrækslu þeirra sem báru ábyrgð á svæðinu. Ágreiningur innan stjórnarráðsins tafði stofnun Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar.**

**STJÓRNSÝSLA** Tjón vegna vatnsleka sem varð í byggingum á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli dagana 18. og 19. nóvember 2006 má að mestu leyti rekja til óvenjulegs veðurs og óvenjulegs frágangs vatnslagna. Þetta er niðurstaða Ríkisendurskoðunar sem að ósk utanríkisráðuneytisins vann skýrslu um tjónið. Ríkisendurskoðun lítur svo á að erfitt hafi verið að sjá fyrir veðrið og frágang lagnanna og því sé ósanngjarnt að ásaka þá sem ábyrgð báru á svæðinu um vanrækslu á eftirlits- og viðhaldsskyldum.

Embættið finnur að ýmsu við yfirfærslu á mannvirkjum og rekstri á Keflavíkurflugvelli eftir brottför varnarliðsins. Í skýrslunni eru nefnd óljós og óformgerð hlutverkaskipan, fjárskortur eða síðbúnar fjárheimildir og nokkur lausatök við móttöku, vörslu og eftirlit með þróunarsvæðinu.

Þá kemur fram að ágreiningur innan stjórnarráðsins um hvernig forræði svokallaðs þróunarsvæðis skyldi háttað hafi leitt til þess að ákvörðun um stofnun Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar var nokkuð síðbúin. Jafnframt hafi skapast núningur milli embætta á flugvellinum um hlutverk hvers og eins á þróunarsvæðinu. „Auðveldlega hefði mátt komast hjá þessu með skýrari fyrirmælum,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Engu að síður er tekið fram að þegar tekið er tillit til umfangs og skamms undirbúningstíma hafi yfirtaka Keflavíkurflugvallar í meginatriðum verið leyst vel af hendi.





**ÞRÓUNARSVÆÐIÐ Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Vatnsrör sprungu í fjölda bygginga á svæðinu vegna óvenjumikils frosts helgina 18. og 19. nóvember 2006. Fór frostið mest í rúmar tólf gráður. Auk íbúðarhúsnæðis skemmdust fyrrum skrifstofuhúsnæði, leikskóli, verkstæði, æskulýðsmiðstöð og geymslur.

**SKEMMT** Mest varð tjónið í fjölbýlishúsum þar sem vatnslagnir eru í risi ofan við einangrun efstu íbúða. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Samtals skemmdust 106 íbúðir í þrettán fjölbýlishúsum auk þess sem vatnslagnir sprungu í sjö öðrum mannvirkjum. Mat Þróunarfélagsins og Verkfræðistofu Suðurnesja er að tjónið hafi numið á bilinu 79-109 milljónum króna. Er í skýrslunni tekið fram að ekki sé hlaupið að því að meta tjón sem þetta og því beri að taka matinu með fyrirvara.

Fimmtán mánuðir eru síðan utanríkisráðuneytið fór þess á leit við Ríkisendurskoðun að úttektin yrði gerð. Í skýrslunni segir að sá mikli dráttur sem orðið hafi á að ljúka athuguninni skýrist fyrst og fremst af síðbúinni umsögn ráðuneytisins sjálfs, sem helgast af ráðherraskiptum í kjölfar kosninganna síðastliðið vor, og annríki hjá Ríkisendurskoðun í nóvember og desember.

bjorn@frettabladid.is

Fjögurra mánaða skilorð:

## Sló mann með hafnaboltakylfu

**DÓMSMÁL Átján ára karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Hann sló mann á þrítugsaldri í andlitið með hafnaboltakylfu fyrir framan veitingastaðinn Dubliners við Hafnarstræti í Reykjavík í maí 2006. Fórnarlambið hlaut mar á auga og handlegg.**

**Árásarmaðurinn játaði fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að hafa slegið manninn, en kvað hann hafa slegið til sín fyrst. Sú útskýring var ekki tekin til greina.**

**Hann var látinn greiða fórnarlambinu rúmar hundrað þúsund krónur í bætur, auk sakarkostnaðar.** - sþs

Börn í herþjónustu:

## Þrettán lönd nota börn í her

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Þrettán lönd nota börn í herþjónustu að sögn Radhika Coomaraswamy, aðstoðarframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) eru 3.000 börn við herþjónustu, meðal annars í Afganistan, Búrúndí, Búrma og Súdan. Í mörgum þessara landa hafa börn verið myrt, ráðist hefur verið á skóla og spítala og stúlkum verið nauðgað.

Aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hvetur Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að taka á þessu máli. - áf

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stelsjúk kona tekin tvisvar**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði tvívegis afskipti af sömu konu á fertugsaldri á einum degi, þegar hún var tekin fyrir þjófnað úr verslunum. Hún endaði í fangageymslum.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

**AÐGERÐALÍTIÐ VEÐUR** Það eru dæmigerðar suðvestlægar áttir á landinu með nokkuð mildu veðri. Núna með morgninum gengur úrkomusvæði til austurs yfir land en eftir hádegi ætti meginþorri þess að vera kominn austur yfir land og því úrkomulítið síðdegis.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Billund | 2° |
| Osló | -1° |
| Stokkhólmur | -2° |
| Gautaborg | 1° |
| London | 8° |
| París | 9° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Berlín | 2° |
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 5° |
| Basel | 8° |
| Eindhoven | 5° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 9° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Helgartilboð
## á íslensku nautakjöti




**Nautapiparsteik**
- í pakka




**Nautasnitsel**
- pakkað




**Nautagúllas**
- pakkað




**Nautahakk**
- pakkað




**Hamborgarar**
- 4 stk. með brauði

ÍTALÍA
gæða álegg
beint frá ítalíu






**Kjörís** Pipp ís, Tromp ís,
Bananasprengju ís og Konfekt ís




**Holt og Gott pokasalat**
- hafðu það holt og gott




**Nýtt**
í Hagkaupum

**Skyrdrykkur 1 ltr.**
- Mangó og ástaraldin, jarðaberja

Gildir til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Nýtt kortatímabil!

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú láta setja Geirsgötu í stokk?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 60% |
| NEI | 40% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Viltu að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verði borgarstjóri?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Bankastjórar ræddu við ríkisstjórn um aðgerðir vegna alþjóðlegrar lánsfjárkreppu:

# Geir segir enga sérstaka hættu á ferðinni

**VIÐSKIPTI** „Ég tel ekki að það sé nein sérstök hætta á ferðum, umfram það sem annars staðar er,“ sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra, eftir fund forystumanna ríkisstjórnarinnar og forystumanna í bankakerfinu.

Fundurinn var haldinn til að ræða viðbrögð við alþjóðlegri fjármálakrísu, en forsætisráðherra lét þess sérstaklega getið á Viðskiptaþingi í fyrradag að stjórnvöld myndu ræða við bankamenn um aðgerðir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði að fundurinn hefði ekki síst verið haldinn til að kalla eftir hugmyndum bankastjóranna um hvernig þeir vildu bregðast við og miðla hugmyndum stjórnvalda. „En þetta var fyrst og fremst upplýsingafundur.“

Bankastjórar sögðu fátt að fundi loknum. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, sagði ekkert hafa komið fram um hvernig stjórnvöld vildu leggjast á árar með bönkunum. „Nei, ég held að menn séu einfaldlega ennþá að skoða hvernig menn geti unnið saman.“

„Þetta var bara almennt spjall,“ sagði Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

„Þetta var bara upplýsingafundur sem þau báðu um,“ sagði Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans.

Geir sagði að ýmsar hugmyndir hefðu verið ræddar, en vildi ekki ræða þær hverja og eina. Nefndi samt hugsanlega hagræðingu í bankakerfinu. Hann nefndi einnig að stofna mætti formlegan samstarfsvettvang banka og ríkisins.

Ingibjörg Sólrún nefndi að virkja mætti viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og sendiráðin til að miðla upplýsingum erlendis um íslenskt fjármálakerfi. **- ikh**



**FÁMÁLIR BANKAMENN** Sigurjón Árnason, Lárus Welding, Guðmundur Hauksson, Guðjón Rúnarsson og Halldór J. Kristjánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Aðkoma ríkisstjórnarinnar er forsenda

**Sátt hefur tekist um launahækkanir á almennum vinnumarkaði. Laun hækka um 18-21 þúsund við undirskrift. Samningar gilda til hausts 2010. Ekki verður gengið frá samningum nema ríkisstjórnin komi að með myndarlegum hætti.**

**KJARAMÁL** Forystumenn Alþýðusambandsins, ASÍ, ganga á fund ríkisstjórnarinnar í dag til að ræða aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Forysta ASÍ dustaði í gær rykið af kröfugerð gagnvart ríkinu frá því í haust og gerði á henni breytingar sem verða ræddar við ríkisstjórnina í dag. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, ræðir um aðkomu ríkisins að vaxtabótum, barnabótum, húsaleigubótum og menntamálum svo dæmi séu nefnd.

Sátt hefur tekist um útlínur launaliðs nýrra kjarasamninga milli Samtaka atvinnulífsins, SA, og landssambanda innan Alþýðusambandsins, ASÍ. Miðað er við kjarasamninga sem gilda fram í nóvemberlok 2010. Kjarasamningarnir fela í sér hækkun almennra launataxta um 18 þúsund krónur við undirskrift, 13.500 krónur árið 2009 og 6.500 krónur árið 2010.

Kjarasamningar iðnaðarmanna taka öðrum breytingum. Þeir hækka um 21 þúsund krónur við undirskrift, 17.500 krónur árið 2009 og 10.500 krónur árið 2010. Miðað er við að nýjar launatöflur taki gildi á hverju ári og ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að lækka álagsgreiðslur á móti taxtabreytingunni.

Samkomulag er um launaþróunartryggingu. Í því felst að þeir sem hafa verið í starfi hjá sama atvinnurekanda og hafa ekki fengið að lágmarki 5,5 prósenta launahækkun frá 2. janúar 2007 til undirritunar samninga fái það sem á vantar. Enn fremur verði ákvæði fyrir þá sem hafa skipt um starf fram til 1. september 2007. Á árinu 2009 verði launaþróunartryggingin 3,5 prósent.



**SAMKOMULAG UM LAUNAÞRÓUNARTRYGGINGU** Samkvæmt samkomulaginu gilda kjarasamningarnir fram í nóvemberlok 2010 og fela í sér hækkun upp á 18 þúsund, 13.500 og 6.500 krónur 2008-2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árið 2010 verði almenn launahækkun upp á 2,5 prósent auk fyrrgreindra taxtahækkana.

„Það er búið að negla þetta niður svona að því gefnu að niðurstaða náist í umræður og viðræður sem eru í gangi um sérkröfur, bæði á vettvangi Alþýðusambandsins sameiginlega og hjá landssamböndunum hverju fyrir sig, og við erum ágætlega bjartsýn á að það takist,“ segir Grétar. „Síðan verður ekki af okkar hálfu gengið frá kjarasamningum öðruvísi en að ríkisstjórnin sé tilbúin að koma að málinu með myndarlegum hætti,“ segir hann.

Landssamböndin innan ASÍ munu funda með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins næstu daga til að ljúka sérmálum. Einnig er verið að kappkosta að ljúka þeim sameiginlegu málum sem hafa verið á borði ASÍ gagnvart Samtökum atvinnulífsins.

**ghs@frettabladid.is**

## FORSENDUR FYRIR MEIRA JAFNVÆGI

**Geir H. Haarde** forsætisráðherra gerir ráð fyrir að eiga fund í dag með forystumönnum ASÍ og atvinnurekenda til að fara yfir óskir og önnur mál sem tengjast lokastigi kjarasamninga. „Ef tekst að leiða þau mál til lykta erum við vonandi að horfa fram á það að kjarasamningum á almennum markaði ljúki með jákvæðum hætti,“ segir hann.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** utanríkisráðherra telur mikilvægt að stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans liggi nú fyrir. „Við höfum verið að funda hér með fjármálafyrirtækjunum og hnýta okkur saman vegna þeirra erfiðleika sem þar steðja að. Ég held að allar forsendur séu fyrir því nú að hægt sé að ná meira jafnvægi í íslenskt efnahagslíf,“ segir hún.






Stéttarfélög opinberra starfsmanna mótmæla kröfum SA á hendur ríkinu:

# Ósvífið og ólýðræðislegt

**KJARAMÁL** Stjórn Bandalags háskólamanna, BHM, hefur samþykkt ályktun þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við kröfur Samtaka atvinnulífsins, SA, á hendur ríkisstjórninni í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði þar sem krafist er að hið opinbera fylgi sömu launastefnu og SA hafi sett fram.

„Ríki og sveitarfélög hafa ekki komið að mótun þeirrar stefnu, hvað þá samtök opinberra starfsmanna, og dæmalaust ósvífið að ætlast til þess að kjör opinberra starfsmanna verði ákveðin af öðrum en þeim sem um þau eiga að semja. Stéttarfélög Bandalags háskólamanna eru með sjálfstæðan samningsrétt og munu að sjálfsögðu standa fast á þeim rétti. Launakannanir hafa ítrekað sýnt fram á að laun hjá hinu opinbera eru 20 til 30 prósentum lægri en á almennum markaði og úr því þarf að bæta,“ segir í ályktuninni.



**MÓTMÆLA HARÐLEGA** Stjórn BSRB hefur mótmælt harðlega kröfu Samtaka atvinnulífsins á hendur ríkisstjórninni. Ögmundur Jónasson er formaður BSRB.

Stjórn BSRB hefur mótmælt harðlega þessari sömu kröfu SA á hendur ríkisstjórninni. „Þessi krafa um forræðisvald atvinnurekenda er ósvífin og ólýðræðisleg því hún byggir á því að hunsaðar verði kröfur sem fram koma frá hendi samtaka opinberra starfsmanna í kjarasamningum þegar þeir losna í vor. Krafan er einnig ósvífin að því leyti að hún byggir á því að launakjör á þeim stofnunum sem nú búa við vaxandi manneklu vegna bágra kjara verði ekki leiðrétt eins og margoft hefur verið látið í veðri vaka af hálfu stjórnvalda að gert verði í komandi kjarasamningum,“ segir í ályktun sem stjórn BSRB hefur sent frá sér. **- ghs**


VETRAR FJÖR
Frábært verð á vetrarvönum bílum í febrúar.
Verið velkomin á Vetrarfjör í B&L!
Tekið er á móti gestum og gangandi með heitu kakói og kleinum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi. Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjörs – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.
Bíll ársins í flokki jeppa og jepplinga
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2007 BÍLABLAÐAMANNA
SantaFe
Sjálfskiptur, 2.7L.
Vetrartilboð: 3.980.000
Verð áður: 4.080.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)
Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka 320.000 kr.
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2008 BÍLABLAÐAMANNA
Land Rover Freelander
Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.
Vetrarfjörsverð: 4.670.000
Verð áður: 4.770.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)
Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka 345.000 kr.
Tuscon
Beinskiptur, 2.0L.
Vetrarfjörsverð: 2.850.000
Verð áður: 2.930.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)
Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka 285.000 kr.
Síðustu Arctic-Cat sleðarnir á sérstöku Vetrarfjörstilboði - fyrstir koma, fyrstir fá
BMW X5
Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.
Vetrarfjörsverð: 7.780.000
Verð áður: 8.020.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)
Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka 590.000 kr.
Renault Megane Sport Tourer
Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.
Vetrarfjörsverð: 2.290.000
Verð áður: 2.400.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)
Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka 200.000 kr.
Tilboð Vetrarfjörs gilda ekki með öðrum tilboðum. Bílar á mynd eru ekki í öllum tilfellum með sama búnaði og er í tilboðinu. Birt með fyrirvara um verðbreytingar og innsláttarvillur.
B&L
Með bílinn handa þér
B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.
Umboðsaðilar: Bílás,Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesi 2.Sími: 461 2533
B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur., Bolafæti.1, Sími: 421 4444

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver hafnaði stöðu þjálfara karlalandsliðsins í handbolta nýlega?
2. Hversu margar konur hafa fengið hæli hér á landi vegna mansals?
3. Hver er höfundur auglýsingastefsins Geymslur?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 50

Samkeppniseftirlitið skoðaði fyrirkomulag við verðbreytingar 1. mars:

# Samtökin sektuð fyrir ólöglegt samráð

**VERSLUN** Forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins (SI) og Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) hafa játað að hafa haft með sér ólöglegt samráð um verðbreytingar vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum úr fjórtán prósentum í sjö prósent, 1. mars síðastliðinn.

Eru samtökin dæmd til að greiða alls 3,5 milljónir í sekt; SI greiða 2,5 milljónir en SVÞ eina milljón, enda litið til stærðar samtakanna við refsiákvörðun.

Engin sérstök leynd var yfir samráðinu og var greint frá því í Fréttablaðinu 21. febrúar 2007 og Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn málsins í framhaldi af því.

Framleiðendurnir (SI) og smásalarnir (SVÞ) lækkuðu verð á forverðmerktum matvörum, eins og kjöti og ostum, áður en til lögbundinnar lækkunar kom. Var og ákveðið að þeir deildu með sér kostnaði við þetta.

Samtökin segja þetta hafa verið gert til að tryggja að lækkunin skilaði sér fyllilega til neytenda á réttum tíma.

Eftirlitið bendir hins vegar á að lögin spyrji ekki um tilgang samráðsins. Allt verðmyndandi samráð sé ólöglegt. Samráð um lækkun geti jú leitt til þess að hún verði minni en ella.

- kóþ



**SIGURÐUR JÓNSSON** Framkvæmdastjóri SVÞ kynnti niðurstöðuna í gær og benti þá á að vegna samráðsins hefðu neytendur notið góðs af skattalækkuninni tíu dögum fyrr en ella. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### HÁLEIT MARKMIÐ

„Áætlað er að þessar aðgerðir geti leitt til tæplega 16% lækkunar matvælaverðs og 2,3% lækkunar neysluverðsvísitölu á næsta ári. [...] Með þessari lækkun væri **matvælaverð á Íslandi orðið sambærilegt við meðalverð á matvælum á Norðurlöndunum** miðað við upplýsingar [...] frá Evrópsku hagstofunni."

- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ, 9. OKT. 2006


Umsagnir frá eigendum iRobot Roomba ryksuguvélmennisins:

- Ég hef ALDREI eignast eins gott heimilistæki bara SNILLD
- Ég hefði ekki trúað því hvað hún gerir þetta VEL, mæli með þessari
- Hver vill ekki láta RYKSUGA hjá sér daglega
- Ég bara hreinlega ELSKA hana og það muna allir gera það sem fá sér hana

...ég hreinlega Elska hana



Ert þú búin að fá þér eina?

Varist eftirlíkingar

iRobot ehf.
Hólshraun 7, 220 Hfj. • S. 555 2585 • Irobot.is


Sonarsonur Khomeinis:

## Fær ekki að bjóða sig fram

**ÍRAN, AP** Ali Eshragi, sonarsonur Khomeinis, erkiklerks í Íran, fær ekki að bjóða sig fram til þings.



**AJATOLLA KHOMEINI** Foringi klerkabyltingarinnar í Íran dó árið 1989.

Hann segir úrskurð byltingarráðsins um þetta ekkert annað en móðgun við fjölskyldu sína.

Hann ætlar þó ekki að gera neinar formlegar athugasemdir eða fara fram á endurskoðun úrskurðarins.

Úrskurður ráðsins er sagður byggður á viðtölum við nágranna Eshragis um einkahagi hans.

Kosningar verða haldnar í mars. Af 7.200 manns sem upphaflega buðu sig fram hefur meira en 2.000 verið hafnað af byltingarráðinu.

- gb



**EFTIRSÓTT** Fjársvikafólkið sóttist einkum eftir fartölvum og símum.

# Sviku út fyrir 12,5 milljónir

**Fjórir karlmenn og ein kona hafa orðið uppvís að stórfelldum fjársvikum. Þau sviku vörur út úr raftækjaverslunum fyrir á þrettándu milljón króna.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir karlmenn og ein kona hafa orðið uppvís að því að svíkja út vörur hjá nokkrum raftækjaverslunum á höfuðborgarsvæðinu fyrir samtals 12,5 milljónir króna. Fyrir liggur að þessi stórfelldu fjársvik voru þaulskipulögð með löngum fyrirvara. Meðal annars voru söluaðilar blekktir með fölsuðum millifærslustaðfestingum úr heimabönkum sem sendar voru með tölvupósti, er breytt hafði verið með þeim hætti að hann virtist koma frá banka.

Fjármunabrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hóf rannsókn þessa umfangsmikla svikamáls 7. febrúar. Tveir menn voru þá handteknir er þeir voru að sækja vörupöntun í verslun. Árvekni starfsmanna þar og í annarri verslun til viðbótar leiddi til þess að lögreglu var gert viðvart um hugsanlega tilraun til fjársvika. Við rannsókn málsins kom fljótlega í ljós að fleiri voru viðriðnir það og voru tveir karlar og ein kona til viðbótar handtekin. Krafist var gæsluvarðhalds yfir fjórum þeirra og úrskurðaði Héraðsdómur Reykjavíkur þá í gæsluvarðhald, sem rann út í fyrradag. Að því búnu var brotamönnunum sleppt lausum, enda höfðu þeir þá allir játað verknaðinn og málið að því leytinu upplýst. Þeir eru á aldrinum frá tvítugu og upp í 26 ára.

Lögregla vinnur hins vegar enn að því að finna hluta munanna sem fólkið sveik út úr verslununum. Einhvern hluta hefur tekist að finna, til að mynda vörur sem fólkið sveik út úr einni verslun á einu bretti að andvirði um 1,3 milljóns króna. Þær vörur fundust við húsleit á heimili eins sakborningsins. Það sem fólkið sóttist einkum eftir við fjársvikin var fartölvur, símar og annað því tengt.

- jss


Rýmingarsala Rýmingarsala Rýmingarsala Rýmingarsal Rýmingars

seljum öll líkamsræktartæki úr sýningarsal með allt að 50% afslætti

Nýtt kortatímabil

Taktu á því með tækjum...

Rýmum til fyrir reiðhjólunum...
því vorið nálgast

ÖRNINN
STOFNAÐ 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verskstæði Sími 588 9891
www.orninn.is

Opið laugard. 11-15 Visa- og Euroraðgr.

KORTER.IS

SCHWINN PRO-FORM NordicTrack CYBEX NAUTILUS


Uppsagnir HB Granda:

## Samstarf um endurmenntun og ráðgjöf

**SJÁVARÚTVEGUR** Samkomulag hefur tekist í deilunni um fyrirhugaðar uppsagnir HB Granda á Akranesi. Samstarf hefur tekist um endurmenntunaráætlun og ráðgjöf gagnvart þeim sem missa vinnuna þegar uppsagnir starfsfólks koma til framkvæmda.

„Viðkomandi starfsmönnum verður veitt aðstoð við atvinnuleit, aðgengi að viðeigandi námskeiðum, gerð ferilsskrár og greiningu áhugasviðs," segir í frétt á heimasíðu ASÍ.

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að kanna í samráði við aðila vinnumarkaðarins hvort rétt sé að styrkja og skýra reglur um hópuppsagnir og taka af öll tvímæli um hvernig standa eigi að framkvæmd þeirra.

Að mati ASÍ þarf að skýra hvaða ferli upplýsinga og samráðs þurfi að fara fram áður en ákvörðun er tekin um uppsagnir og tilkynning um þær sendar vinnumiðlun. Jafnframt verði tekin af tvímæli um hvaða stjórnvald fari með eftirlit og framkvæmd laganna.

- ghs


Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið




# Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.




**SX4 2.190 þús.**
Bíll með kröftugt útlit, mikla veghæð og fjöðrun fyrir fjölbreyttar aðstæður. „Crossover" hönnun SX4 gefur ökumanni og farþegum meira rými, hærra aðgengi og betri yfirsýn. Drifbúnaður SX4 gefur möguleika á framdrifi, sítengdu fjórhjóladrifi og læstu fjórhjóladrifi.




**SWIFT 4X4 1.859 þús.**
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.




**JIMNY 1.950 þús.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

**SUZUKI SPARNEYTNI**

**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKIBILAR.IS**



**BANGSAR MYNDA BIN LADEN** Á alþjóðlegri listsýningu í Madríd á Spáni má sjá þetta verk eftir Mörtu Neves frá Brasilíu. Andlit hryðjuverkaforingjans Osama bin Laden er þarna myndað úr leikfangaböngsum. NORDICPHOTOS/AFP

Óeirðir hafa verið kvöld eftir kvöld í Kaupmannahöfn:

# Kveikt í bílum og gámum

**DANMÖRK, AP** Ungmenni í Kaupmannahöfn hafa kveikt í bílum og ruslagámum, mest í hverfinu Norðurbrú en einnig í öðrum hverfum borgarinnar.

Óeirðir hafa brotist út kvöld eftir kvöld nú í vikunni og versnað dag frá degi.

Sautján manns voru handteknir í fyrrinótt. Lögreglan hefur ákveðið að auka viðbúnað sinn og kalla út meiri mannskap.

Lögreglan segir ástæður óeirðanna ekki vera á hreinu. Sumir sem til þekkja segja ungmennin vera að mótmæla yfirgangi lögreglunnar, og svo virðist sem endurbirting Múhameðsteikninganna í dönskum dagblöðum hafi ýtt undir ólguna.

Steen Munch, talsmaður lögreglunnar, vill þó ekki staðfesta það: „Við vitum ekki nákvæmlega hvers vegna. Hugsanlega út af leiðindum. Hugsanlega vegna þess að lögreglan hefur á síðustu vikum lagt aukna áherslu á að leita að hnífum. Það geta líka verið aðrar ástæður.“ Dagblaðið Politiken skýrði í gær frá því að lögreglan hefði verið sökuð um að beita fólk af erlendum uppruna harðræði og nota gróft orðbragð þar sem óspart væri vísað í litarhátt fólks. - gb



**BIFREIÐ Í LJÓSUM LOGUM** Lögreglan í Kaupmannahöfn segist ekki átta sig á ástæðum óeirðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Samtök fjárfesta:

# Senda spurningar til FME

**VIÐSKIPTI** Samtök fjárfesta hafa sent fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins (FME) um það hvort FME hafi „bannað SPRON að birta upplýsingar um viðskipti stjórnarmanna“.

Er með fyrirspurninni vitnað til sölu stjórnarmanna í SPRON á stofnfjárbréfum eftir stjórnarfund félagsins 17. júlí í fyrra þar sem verðmat Capacent á félaginu var til umfjöllunar og ákvarðanir voru teknar um að stefna að skráningu félagsins á markað. Um þetta hefur verið fjallað í Fréttablaðinu. Samtök fjárfesta óska eftir því að FME vísi í lagaákvæði máli sínu til stuðnings. - mh




Grænlenskur þingmaður:

# Grænlendingar hætti þingsetu

**GRÆNLAND Lars Emil Johansen, annar tveggja grænlensku fulltrúanna á danska þjóðþinginu, telur rétt að Grænland hætti að senda fulltrúa sína á þingið í Kaupmannahöfn.**

**Frá þessu er skýrt á vefsíðu grænlenska útvarpsins KNR.**

**Johansen segir hótanir frá danska Þjóðarflokknum og dönsku ríkisstjórninni, þegar grænlensku þingmennirnir hugðust greiða atkvæði á móti stjórninni, þess eðlis að Grænlendingar geti ekki setið undir því.**

**Julianne Henningsen, hinn grænlenski fulltrúinn í Kaupmannahöfn, er þó ósammála félaga sínum. Hún vill ekki að framkoma dönsku þingmannanna í garð hinna grænlensku verði látin hafa þau áhrif að Grænlendingar hætti þingsetu.** - gb



**ALLIR HLUSTA Á PÚTÍN** Síðasta blaðamannafundi Vladimírs Pútín forseta var sjónvarpað beint um allt Rússland í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Pútín segist fá nóg völd

**Vladimír Pútín segist ekki gráta það að verða forsætisráðherra í staðinn fyrir forseti. Þvert á móti fagni hann því að fá að starfa á nýjum vettvangi.**

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti segir nægilega mikil völd fylgja forsætisráðherraembættinu. Hann hafi aldrei látið hvarfla að sér að sitja áfram sem forseti.

Þótt forsetinn ráði meginstefnunni hefur forsætisráðherrann síðasta orðið í efnahagsmálum og ber ábyrgð á varnarmálum. „Æðsta framkvæmdavaldið í landinu er ríkisstjórnin,“ sagði Pútín á blaðamannafundi í gær. „Ég ætti ekki að gráta það heldur fagna því að fá tækifæri til að starfa og þjóna landi mínu á öðrum vettvangi.“

Þetta var síðasti stóri blaðamannafundurinn sem Pútín heldur áður en hann lætur af embætti í maí næstkomandi.

Seint á síðasta ári lýsti Pútín yfir stuðningi við Dimitrí Medvedev aðstoðarforsætisráðherra, sem öruggt þykir að sigri í forsetakosningunum í byrjun mars.

Pútín ítrekaði í gær að sér þætti ekkert erfitt að afhenda Medvedev völdin.

„Ég hef aldrei freistast til þess að sitja í þrjú kjörtímabil, aldrei,“ sagði Pútín. „Frá fyrsta degi mínum í forsetastarfinu tók ég þá ákvörðun fyrir sjálfan mig að ég myndi aldrei brjóta gegn stjórnarskránni.“

Pútín sagði af og frá að hann væri haldinn valdafíkn.

„Sumir eru haldnir fíkn í sígarettur, sumir í eiturlyf og sumir í peninga. Sagt er að versta fíknin sé valdafíkn. Ég hef aldrei fundið til hennar. Ég hef aldrei verið haldinn neinni fíkn.“

Sömuleiðis vísaði hann til föðurhúsanna sögum um að hann hefði á átta árum á forsetastóli sankað að sér stórum fjárhæðum, eins og sumir Rússar hafa fullyrt á prenti.

„Þeir hafa togað það út úr nefinu á sér og smurt á pappír,“ sagði Pútín og var ekkert að skafa utan af hlutunum frekar en venjulega.

Hann viðurkenndi þó fúslega að hann væri ríkasti maður heims.

„Það er satt,“ sagði forsetinn og brosti breitt. „Ég er ríkasti maður í Evrópu og í öllum heiminum. Ég safna tilfinningum. Ég er ríkur vegna þess að almenningur í Rússlandi hefur tvisvar sinnum treyst mér fyrir æðsta embætti í svona frábæru landi. Ég held að það séu mestu auðæfi mín.“

gudsteinn@frettabladid.is



Styðja Súðvíkinga heils hugar:

# Vilja jarðgöng til Súðavíkur

**VESTFIRÐIR „Hættan á ofanflóðum í Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð er óásættanleg eins og nýleg dæmi undirstrika svo rækilega,“ segir í bókun bæjarráðs Bolungarvíkur í vikunni.**

**Tekur bæjarráðið þar heils hugar undir með sveitarstjórn Súðavíkur og skorar á ríkisstjórn Íslands að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar.**

**Þá minna Bolvíkingar á að umrædd leið sé hluti af vegi sem tengir norðanverða Vestfirði við þjóðveg eitt.**

- ovd

Ólga í Líbanon þegar tugir þúsunda héldu út á götur Beirút:

# Útifundir tveggja andstæðra fylkinga

**LÍBANON, AP** Mikil spenna var í loftinu í Beirút, höfuðborg Líbanons, í gær þegar tvær andstæðar fylkingar söfnuðust þar saman á útifundum.

Stuðningsmenn stjórnarinnar, sem aðhyllist nánari tengsl við Vesturlönd, komu saman í miðborginni til að minnast þess að þrjú ár eru liðin frá því Rafik Hariri forsætisráðherra var myrtur.

Stuðningsmenn sjíahreyfingarinnar Hisbolla, sem vill nánari tengsl við Sýrland, komu hins vegar saman í suðurhluta borgarinnar í jarðarför Imads Mughniyeh, eins helsta leiðtoga hernaðararms samtakanna, sem var myrtur á þriðjudagskvöld.

Hisbolla-samtökin kenna Ísraelum um morðið á Mughniyeh, sem hafði lengi verið í felum og var eftirlýstur víða um heim.



Hassan Nasrallah, leiðtogi samtakanna, hét hefndarárásum á ísraelsk skotmörk utan landamæra Líbanons.

„Þið hafið drepið Imad utan hins eðlilega vígvallar,“ sagði Nasrallah í ræðu við jarðarförina, og vísar þar til þess að Hisbolla hafi til þessa aðeins barist við Ísraela innan Líbanons meðfram landamærum Ísraels. Nú sé hins vegar vígvöllurinn orðinn galopinn.

Þegar hann hafði lokið ræðu sinni mátti heyra skotið úr byssum í fagnaðarskyni víða í suðurhverfum Beirútborgar.

Ísraelsk stjórnvöld brugðust við með því að herða öryggisráðstafanir.

- gb

**MORÐSINS Á HARIRI MINNST** Tugir þúsunda mættu til að minnast þess að þrjú ár eru liðin síðan Rafik Hariri var myrtur. NORDICPHOTOS/AFP




**ANDSTAÐA** Belgradbúar mótmæla ákvörðun Serbíustjórnar um að hafna samstarfi við ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfstæði Kosovo:

# Serbar undirbúa refsiaðgerðir

**SERBÍA, AP** Stjórnvöld í Serbíu hafa í undirbúningi aðgerðaáætlun sem ganga á í gildi um leið og af því verður að þing Kosovo, sem eingöngu er skipað Kosovo-Albönum, lýsi yfir sjálfstæði héraðsins. Talið er líklegt að það gerist jafnvel á næstu dögum.

Aðgerðaáætlunin miðar að því að refsa þeim ríkjum sem viðurkenna sjálfstæði Kosovo og einangra héraðið með öllum þeim ráðum sem Serbum eru tiltæk. Í hverju hinar áformuðu aðgerðir felast nánar tiltekið er annars haldið leyndu í bili. Serbíustjórn vonast til að aðgerðirnar verði til að gera sjálfstæðisyfirlýsinguna lagalega ógilda.

- aa

Árangur pakistanskra sveita:

# Háttsettur talibani gómaður

**PAKISTAN, AP Pakistanskar öryggissveitir særðu og handsömuðu í byrjun vikunnar háttsettan forystumann skæruliða talibana sem herjast gegn herafla Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins í Afganistan. Er þetta í annað skipti á tveimur vikum sem háttsettur liðsmaður talibana næst innan landamæra Pakistans.**

**Mansoor Dadullah er bróðir múlla Dadullah, æðsta herstjórnanda talibana, sem var felldur í maí og er hann hæstsetti liðsmaður talibana sem hefur verið drepinn frá innrásinni í Afganistan 2001. Eftir dauða hans hækkaði bróðir hans í tign.**

- sdg

Sex mánaða tilraunaverkefni:

# Hvíldarrými fyrir aldraða

**HEILBRIGÐISMÁL** Tuttugu skammtíma hvíldarrými fyrir aldraða skjólstæðinga heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu og þrjátíu dagvistarrými með áherslu á endurhæfingu eru hluti af sex mánaða tilraunaverkefni heilbrigðisráðuneytisins og Heilsuverndarstöðvarinnar ehf.

Var samningur þessa efnis undirritaður í vikunni. Rétt til vistunar eiga aldraðir sem að mati heimahjúkrunar þurfa tímabundna vistun vegna dægurvillu, til að hvíla umönnunaraðila, vegna skyndilegra veikinda eða ef sá sem annast viðkomandi forfallast skyndilega.

- ovd





**VALENTÍNUSI MÓTMÆLT** Ekki eru allir hrifnir af Valentínusardeginum. Á Indlandi mótmæltu strangtrúaðir hindúar deginum með því að kveikja í líkneski og Valentínusarkortum. NORDICPHOTOS/AFP

Samráð ESB og Rússlands:

## Bitist um sjálfstæði Kosovo

**SLÓVENÍA, AP** Viðræður ráðamanna Rússlands og Evrópusambandsins í Slóveníu um áform Kosovo-Albana um að lýsa yfir sjálfstæði skiluðu engu öðru en því að staðfesta að þeir væru á öndverðum meiði í málinu.



**SERGEI LAVROV**

Rússar styðja Serba í þeirri stefnu að halda Kosovo formlega innan serbneska ríkisins. Þrátt fyrir það sagði rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov að Rússar hefðu ekki í hyggju að beita ESB-ríkin refsiaðgerðum ef þau viðurkenndu sjálfstæði Kosovo. Kjörnir fulltrúar Kosovo-Albana hafa í hyggju að lýsa yfir sjálfstæði jafnvel nú strax á sunnudag. - aa

# Enn óbreytt áform um Bitruvirkjun

**Forstjóri Orkuveitunnar segir að pólitísk stjórn fyrirtækisins hafi ekki tekið neina nýja ákvörðun um Bitruvirkjun. „Bíðum niðurstöðu umhverfismats,“ segir Ásta Þorleifsdóttir. Hellisheiðarvirkjun gæti dugað fyrir álverið í Helguvík.**

**ORKA** „Bitruvirkjun er bara í eðlilegum farvegi og það hefur engin ný ákvörðun verið tekin í Orkuveitunni,“ segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri fyrirtækisins.

Núverandi stjórn Orkuveitunnar hafi einungis fundað einu sinni og þessi virkunaráform á Hellisheiði hafi þá ekki borið á góma.

Ásta Þorleifsdóttir, nýr varaformaður stjórnar Orkuveitunnar, hefur áður lýst sig andvíga byggingu virkjunarinnar. Hún vill þó bíða niðurstöðu umhverfismats um hana; fyrr sé ekki hægt að taka upplýsta afstöðu. Hún hafi fundið hjá Orkuveitunni ríkan vilja til að koma til móts við þær athugasemdir sem komu frá almenningi.



**ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR**

Ásta hefur reifað hugmyndir um að bíða með Bitruvirkjun, en setja systurvirkjunina, Hverahlíðarvirkjun, í forgang. Sú er talin valda minna umhverfistjóni.

Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri í Ölfusi, svaraði þessari hugmynd í Fréttablaðinu í gær þannig að hann væri búinn að fá sig fullsaddan á tíðri stefnubreytingu hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Gaf hann í skyn að fyrst bíða ætti með eina virkjun væri best að bíða með allar virkjanaframkvæmdir á Hellisheiði. Ölfus færi með skipulagsvaldið á svæðinu og hefði lagt of mikla vinnu í virkjunaráformin til að taka þátt í svona „leikaraskap“.

Rætt hefur verið um að virkjanirnar sjái álveri í Helguvík fyrir orku. Stefnubreyting Orkuveitunnar gæti því haft áhrif á uppbyggingu þar.

Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Norðuráli, svarar því hins vegar ekki hvort fyrirtækið hafi áhyggjur af hugsanlegri stefnubreytingu.

„Við erum með samning við Orkuveituna og ég sé enga ástæðu til þess að tjá mig um þetta mál,“ segir hann. Hjörleifur B. Kvaran segir einfaldlega of snemmt að kveða upp um áhrif þess á Norðurál og byggingu álvers í Helguvík, yrði fallið frá Bitruvirkjun og Hverahlíðarvirkjun.

„Það má nú benda á að við erum líka að stækka Hellisheiðarvirkjun og fáum 90 MW úr því,“ bendir hann á. Fyrirtækið sé skuldbundið til að útvega Norðuráli 100 MW í fyrsta áfanga álversins. Stækkunin gæti því komið eitthvað til móts við þörf Norðuráls.

klemens@frettabladid.is



**STRÓKAR VIRKJANANNA** Frá Bústaðaveginum séð munu í góðu veðri bætast við tveir myndarstrókar verði virkjanirnar að veruleika. Stækkun Hellisheiðarvirkjunar kann að duga fyrsta áfanga álversins í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GJÖRÓNÝTUR BÍLL Í ELLIÐAÁM** Ökumaður slapp lítið meiddur eftir óhappið.

Lögreglan í Reykjavík:

## Ölvaður ökumaður ekur í á

**LÖGREGLUMÁL** Ölvaður ökumaður sem kom akandi niður Bústaðaveg að gatnamótum við Reykjanesbraut endaði á bíl sínum í Elliðaá um klukkan hálf ellefu í fyrrakvöld.

Hann hafði horfið af vettvangi þegar lögregla kom á staðinn en hann fannst þó skömmu síðar í Vogahverfinu og var handtekinn. Farið var með hann á slysadeild en meiðsl hans reyndust minniháttar. Bíllinn er hins vegar talinn gjörónýtur. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir ekki liggja fyrir hvort hann hafi verið undir áhrifum ólöglegra vímuefna. - jse

Borgarastríðið á Srí Lanka:

## Áhyggjur af mannfalli

**SRÍ LANKA, AP** Mannfall í röðum óbreyttra borgara í borgarastríðinu á Srí Lanka hefur náð „hrikalegum hæðum,“ að því er talsmaður Alþjóða Rauða krossins lét hafa eftir sér í fyrradag. Skæruliðar Tamílatígra eru sakaðir um að bera ábyrgð á hrinu blóðugra árása á síðustu vikum. Stjórnarherinn hefur verið sakaður um að minnst eina árás á borgara á svæði uppreisnarmanna. - aa


www.haskoladagurinn.is

HVERT VERÐUR ÞITT

FRAMTÍÐARVERKFÆRI?



Taktu ekki stærstu ákvörðun ævi þinnar án þess að kynna þér málin vel.

**Kynning á háskólanámi í Ráðhúsi Reykjavíkur:**
Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands.

YFIR 500 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI!

HÁSKÓLADAGURINN
16. FEBRÚAR 2008 KL. 11:00 - 16:00

Nám við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands verður kynnt á Háskólatorgi Háskóla Íslands.

Framhaldsnám í Danmörku verður kynnt í Norræna húsinu.

VIKA 2

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Fimm innflytjendur munu út árið veita lesendum Fréttablaðsins innsýn í líf sitt. Fjórir þeirra segja okkur nú hvað bar hæst í vikunni.

Junphen Sriyoha:

### MEIRI GLEÐI AÐ NORÐAN



Hvert gleðiefnið rekur annað hjá Junphen þessa dagana. „Nú er önnur vinkona mín að koma frá Akureyri en hún á afmæli um helgina,“ segir hún full tilhlökkunar. „Við ætlum að bregða okkur í Keiluhöllina og svo förum við kannski í miðbæinn á eftir. Ég fer oft í keilu en í Taílandi er það afar dýrt en hér getur maður alveg leyft sér það öðru hvoru. Ég fer líka í sund nánast daglega en þá kemur taílensk vinkona mín venjulega með mér,“ segir hún.

Filipe Moreira de Figueiredo:

### GOTT AÐ KOMAST HEIM TIL ÍSÓ



Filipe hefur fengið að kenna á íslenska veðurfarinu undanfarið. „Ég var að vinna á rannsóknarstofu Matís á Akureyri í síðustu viku en þegar ég ætlaði að fljúga til Ísafjarðar varð ég veðurtepptur í nokkra daga í Reykjavík. Þar gafst mér reyndar færi á að prófa snjóbretti sem ég hafði keypt fyrir norðan en það gekk ekki nógu vel, enda vorum við ekki í nægilega góðri brekku. Ég kann vel við Akureyri, þar er mikið af ungu fólki og fjöri. En þó er bærinn helst til stór fyrir mig svo mér fannst óskóp gott að komast loks heim til Ísó eftir allt volkið.“

Rachid Benguella:

### HEFUR VANIST ÍSLENSKU VEÐRI



„Ég hef verið svolítið úti á þekju í allri þessari stjórnmálaumræðu,“ segir Rachid Benguella. „Konan mín segir mér hvað er í gangi, til dæmis frá breytingum í borgarstjórninni. Nú eru tveir flokkar við stjórn í Reykjavík, ég veit það þó,“ segir Rachid og hlær. Þrátt fyrir leiðindaveður hefur hann oft farið austur á Sólheima þar sem konan hans býr og vinnur. „Það er erfiðast að fara yfir Hellisheiðina en ég búinn að læra að aka á íslenskum vegum. Passa mig til dæmis að bremsa ekki harkalega í hálkunni.“

Charlotte Ólöf Ferrier:

### Sérstök viðhorf til strætisvagna



„Reykjavík er fyrsta borgin sem ég bý í þar sem engar almenningssamgöngur eru á helgarnóttum,“ segir Charlotte Ó. Ferrier. Henni kom það mjög á óvart, „sér í lagi þar sem Íslendingar segjast vera framarlega í umhverfismálum“. Þá þykir henni viðhorf Íslendinga til strætisvagna sérstakt. „Mér finnst frábært að námsmenn fái frítt í strætó og velti fyrir mér hvort slíkt myndi ekki leysa umferðarvandann í Reykjavík. Svarið er svo sannarlega ekki að gera fleiri götur. Það var reynt í Bretlandi og stuttu síðar var umferðin alveg jafn slæm.“

Matís kynnir nýjan íslenskan hugbúnað sem á að auka hagkvæmni í fiskveiðum og fiskvinnslu:

# Stuðlað að bættri afkomu fiskveiða

**SJÁVARÚTVEGUR** „FisHmark er bestunarkerfi sem snýst um að stinga upp á hvert eigi að fara til veiða og hvernig eigi að haga veiðum og vinnslu,“ segir Sveinn Margeirsson, deildarstjóri hjá Matís.

Gögnum er safnað í rafræna afladagbók við veiðarnar. „Þetta er í raun skráning, hvar fiskurinn er veiddur, hversu lengi er verið að toga og annað slíkt.“ Fiskurinn fær svo sitt einkenni sem helst inn í fiskvinnsluna. „Með því er hægt að rekja hvaðan fiskurinn kom sem er í vinnslunni á hverjum tíma.“

Segir Sveinn að með FisHmark séu gögn úr vinnslunni, til dæmis nýting og fleira, tengd við gögnin í afladagbókinni. Úr samanlögðum gögnunum séu unnar skýrslur og fleira. „Þannig að menn geta séð hvar á miðunum og hvenær er besta nýtingin.“

Verkefnið er afrakstur sex til sjö ára vinnu. Að því hafa einnig komið hugbúnaðarfyrirtæki auk hóps sjávarútvegsfyrirtækja. Sveinn segir að um frumgerð sé að ræða en stefnan sé tekin á fullgerðan hugbúnað á næsta ári. Ísland er helsta markaðssvæðið til að byrja með en einnig er horft til erlendra markaða. „Aðferðafræðin og hugbúnaðurinn sjálfur er varan, þó að gögnin séu að sjálfsögðu eign fyrirtækjanna sjálfra.“ Þá segir Sveinn samstarf þeirra sem að verkefninu komu hafa verið gjöfult. „Það er þessi þekkingariðnaður sem sjávarútvegsfyrirtækin eru að stuðla að og eru hluti af.“

**- ovd**



**KYNNT FYRIR SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Sveinn Margeirsson með Einari K. Guðfinnssyni á kynningu á FisHmark í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# ENGINN ÞJÓNUSTU- 
# VIÐHALDSKOSTNAÐ




ENNEMM / SÍA / NM32049

## ÖLLUM NÝJUM OPEL FYLGIR **OPEL VERND**



**Antara** / Verð frá 3.990 þús. **Vectra** / Verð frá 2.890 þús. **Astra** / Verð frá 2.090 þús. **Corsa** / Verð frá 1.770 þús.

## **OPEL VERND** ER LIÐUR Í ENN B

Með því að láta fylgja með í kaupunum alhliða þjónustu án endurgjalds í þrjú ár viljum við auka þægindi viðskiptavina Opel um leið og við vekjum athygli á vönduðum og góðum bílum sem hafa verið algjörlega endurnýjaðir frá grunni. Í samvinnu við söludeild Ingvars Helgasonar tekur

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri

# EÐA
# UR Á NÝJUM OPEL

ENN BETRI ÞJÓNUSTA
ALLT OPEL VIÐHALD Á OKKAR KOSTNAÐ Í 3 ÁR/60.000 KM

**Opel Antara**
2.0 Dísil sjálfsk. **3.990.000 kr.**



NÝTT Á ÍSLANDI

## OPEL VERND*

NOTALEG ÞRJÚ ÁR ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

**Öll þjónustuskoðun og allt viðhald**
Þeir sem kaupa nýjan Opel fá alla þjónustuskoðun og allt viðhald sér að kostnaðarlausu í 3 ár eða að 60.000 km.

**Við lánum þér alltaf bíl**
Þegar viðskiptavinir Opel koma með bílinn sinn í þjónustuskoðun eða viðhald fá þeir lánaðan bíl til afnota á meðan.

**30 daga skiptiréttur**
Þeir sem kaupa nýjan Opel hafa 30 daga skiptirétt ef svo ólíklega vill til að bíllinn uppfylli ekki væntingar.

**Endurkaup**
Til að tryggja endanlega þá sem kaupa nýjan Opel lofar Ingvar Helgason besta endurkaupsverði á markaðnum þegar keyptur er næsti nýi bíll hjá umboðinu.

*Nánari upplýsingar um Opel Vernd er að finna á opel.is eða hjá sölumönnum Ingvars Helgasonar ehf.

BETRI ÞJÓNUSTU HJÁ INGVARI HELGASYNI

þjónustudeildin einstaklega vel á móti viðskiptavinum Opel. Þjónustudeildin opnaði á dögunum eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvum. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH
INGVAR HELGASON

2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

## ALÞJÓÐLEG SAMKEPPNI UM SKIPULAG VATNSMÝRARINNAR

Borgarstjóri Reykjavíkur:

### Nýtist með og án flugvallarins



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir að sýna beri virðingu þeirri miklu vinnu sem sé að baki Vatnsmýrarsamkeppninni.

„Það væri fráleitt að bregða fæti fyrir þessa vinnu á þessu stigi. Það liggur fyrir að þessar tillögur munu nýtast, hvort sem flugvöllur verður áfram í Vatnsmýri eða ekki,“ segir Ólafur.

Að sögn Ólafs benda flest rök enn til þess að ekki finnist annar og betri kostur en flugvöllur í Vatnsmýri. „Þess vegna er ég andvígur því að menn taki óafturkræfa ákvörðun um flutning flugvallarins á þessu stigi.“ - gar

Oddviti Vinstri grænna:

### Samkeppnin er stórmerkileg



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

„Þessi samkeppni er stórmerkileg því hún markar nýtt upphaf að Reykjavík 21. aldarinnar,“ segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn.

Svandís segir að í Vatnsmýrarsamkeppninni sé bæði tekið á þéttingu byggðar og nýjum kostum í samgöngum. „Þarna er það rammað inn að Vatnsmýrin er algjört lykilsvæði í að búa til góða og vistvæna höfuðborg til framtíðar,“ segir Svandís sem telur hægt að byggja á verðlaunahugmyndinni. „Það verður spennandi að nota hana sem grunn til að búa til gott skipulag í Vatnsmýrinni.“ - gar

Borgarfulltrúi Framsóknar:

### Ónóg tenging við miðborgina



ÓSKAR BERGSSON

„Það er gaman að sjá hvað menn hafa lagt mikið á sig. Hins vegar vantar ýmislegt,“ segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokks.

Óskar segist hafa viljað betri tengingu við miðborgina í verðlaunatillögunni. Vatnsmýrin sé eins og nýtt úthverfi: „Ég hefði viljað sjá betri gönguás á milli Kvosarinnar og Vatnsmýrarinnar. Þar á milli er ekkert nema autt svæði. Þá finnst mér hæpið að tala um hvað við ætlum að gera í Vatnsmýrinni áður en framtíð innalandsflugsins og miðstöðvar þess í höfuðborginni er leyst.“ - gar

# Skotar hanna Vatnsmýrina

**Tillaga skoskra hönnuða vann samkeppni um skipulag í Vatnsmýri. Gert er ráð fyrir framlengingu Hljómskálagarðsins og nýrri tjörn í blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Borgarfulltrúar eru ánægðir.**

**SKIPULAGSMÁL** Tillaga Graemes Massie og félaga fékk í gær fyrstu verðlaun í samkeppni Reykjavíkurborgar um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar.

Alls voru sendar inn 136 erlendar og íslenskar tillögur í Vatnsmýrarkeppnina og fengu sjö þeirra viðurkenningu í gær og verðlaunafé frá um 1,5 milljónum króna til 6 milljóna fyrir tillöguna í fyrsta sæti.

Tillaga Massies og samstarfsmanna hans, Stuarts Dickson og Alan Keane frá Edinborg, þykir dómnefndinni hafa burði til að verða útgangspunktur framtíðarþróunar í Vatnsmýri.

„Hljómskálagarðurinn er stækkaður til suðurs og ný tjörn umkringd fjölda nýrra bygginga gerð að miðpunkti Vatnsmýrarinnar. Göturnar Barónsstígur og Snorrabraut eru framlengdar, frá Þingholtum að Fossvogi og á ræmunni milli þeirra eru helstu íbúðarsvæði, ásamt skrifstofuhúsnæði og þyrpingum opinberra bygginga og skólahúsnæðis,“ segir í umsögn einhuga dómnefndar um tillögu Massies.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Það er einstakt að eiga annað hundrað hektara lands í hjarta höfuðborgarinnar til að skipuleggja til framtíðarinnar, búa atvinnulífi 21. aldarinnar kjörskilyrði og stuðla að heillavænlegri framtíðarþróun og samkeppnishæfni samfélagsins,“ sagði Dagur B. Eggertsson, formaður dómnefndarinnar, áður en verðlaunahafar voru kynntir. Dómnefndin var skipuð þremur borgarfulltrúum ásamt fjórum innlendum og erlendum sérfræðingum.



DAGUR B. EGGERTSSON

Dagur sagði mikinn metnað hafa verið lagðan í samkeppnina. „Sama metnað þarf að sýna í næstu skrefum,“ sagði hann.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs og einn dómnefndarmanna, segir verðlaunatillöguna algjörlega kjörna fyrir svæðið.

„Tillagan er mjög aðgengileg fyrir borgaryfirvöld vegna þess að hún er áfangaskipt og gerir okkur kleift að byrja að vinna strax með skipulagið hvort sem þarna verður áfram flugvöllur eða ekki,“ sagði Hanna Birna.

Bæði Hanna Birna og Dagur sögðu það mikinn kost að tillaga Massise tæki mið af skipulagi nærliggjandi hverfa í Reykjavík.

„Þetta er klassískt skipulag fyrir klassíska borg og þess vegna teljum við að það lifi, hvort sem við nýtum það núna á næstu árum eða áratugum,“ sagði Hanna Birna.

Borgarráð samþykkti í gær að setja á laggirnar nýjan sjö manna stýrihóp undir formennsku Hönnu Birnu sem ætlað er að starfa áfram að heildarskipulagi Vatnsmýrarinnar.

„Við munum byrja strax á því að skoða og skipuleggja þau jaðarsvæði í Vatnsmýrinni sem er hægt að byrja að byggja á,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir.

gar@frettabladid.is




**TILLAGAN** Hljómskálagarðurinn er framlengdur til suðurs og ný tjörn mynduð mitt í nýju Vatnsmýrarhverfi.



**MIÐSVÆÐIÐ** Á miðsvæðinu eiga að vera opnar sjónlínur að að kennileitum á borð við Hallgrímskirkju og Perluna.



**SÚLNAGÖNG** Vegna erfiðs veðurfars veita samfelld súlnagöng skjól í verslunarhverfinu.




Skotar unnu fyrst skipulagssamkeppni á Akureyri áður en þeir sigruðu í Vatnsmýri:

## Alveg frábært að vinna aftur

**SKIPULAGSMÁL** „Þar sem við höfðum unnið eina samkeppni fannst okkur við eiginlega verða að taka þátt í annarri. Við unnum aftur og erum alveg í sjöunda himni. Þetta er alveg frábært fyrir okkur,“ segir skoski verðlaunahönnuðurinn Graeme Massie.

Tillöguna vann Massie ásamt félögum sínum Stuart Dickson og Alan Keane í Edinborg. Í hitteðfyrra unnu þeir samkeppni um samkeppni um skipulag miðbæjarins á Akureyri.

„Okkar meginhugmynd gengur út á hvernig hægt sé að byggja á ímynd Reykjavíkur sem heimsborgar,“ svarar Massie. „101 Reykjavík er þekkt um allan heim og verkefnið var að búa til nýjan borgarhluta til að styrkja þá mynd. Borgir um allan heim keppa um viðskipti og ferðamenn. Reykjavík er undraverð borg sem keppir svo sannarlega á heimsvísu.“

Dagur B. Eggertsson, formaður dómnefndar, tók þannig til orða að tillaga Massies væri eins og uppdráttur að því að ljúka við þá Reykjavík sem fyrir væri. „Það hljómar eins og mjög gott hrós



**STUART DICKSON OG GRAEME MASSIE** Skosku hönnuðirnir til vinstri við líkan af verðlaunatillögu sinni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að við höfum náð að fullkomna borgina og við erum afar stoltir af því,“ segir Graeme Massie. - gar

# NÓATÚN

# Nýtt á Íslandi! Maískjúklingur



-bragðmeiri
- holdmeiri
- safaríkari
- stærri

**Maískjúklingur er stærri, holdmeiri og safaríkari en hefðbundin kjúklingur því hann er alinn fyrst og fremst á maískorni.**

## Maískjúklingur með eplasósu

1 maískjúklingur
4 greinar timjan
Rifinn börkur af einni sítrónu
4 hvítlauksgeirar saxaðir
Jómfrúarolía
Salt og pipar

Setjið 3 greinar af timjan, sítrónubörk og saxaðan hvítlauki inn í kjúklinginn. Nuddið jómfrúarolíunni vel utaná kjúklinginn, kryddið með salti og pipar og setjið 1 timjangrein ofan á kjúklinginn. Bakið í 180°c heitum ofni og hellið soðinu yfir kjúklinginn annað slagið.

## Sósan

120 ml eplasíder
1 peli rjómi
4 tsk eplaedik
2 tsk ferskt saxað timjan

Takið soðið úr steikarfatinu, setjið í pott og bætið eplasíder og eplaediki saman við. Sjóðið niður um helming, bætið rjóma og timjani við, kryddið með salti og pipar.

**Matfugl**
**Maískjúklingur ferskur**

**799 kr. kg**
**Kynningarverð**


Glæsileg heimasíða

www noatun.is
LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ

**FRÉTTASKÝRING – BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** **2. HLUTI**

# Frelsið getur reynst föngum erfitt

Það að koma úr fangelsi getur reynst föngum þungbær raun þótt ótrúlegt megi virðast. Óttinn við frelsið og félagsleg óvirkni getur ýtt þeim út á braut afbrota að nýju. Sjálfsbjargarviðleitnin getur tapast niður. „Þá er lítið eftir,“ segir Þórarinn Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, um ástæður endurkoma. Reynslulausnir með skilyrðum geta dregið úr endurkomutíðni. *Magnús Halldórsson* og *Karen D. Kjartansdóttir* fóru yfir reynslulausnir.

Líf innan veggja fangelsis deyfir frelsistilfinninguna og það eru mikil viðbrigði að standa frammi fyrir því að sjá um sig sjálfur. Við það eykst hættan á því að fangar falli að nýju í farveg afbrota. „Fangar glíma oftar en ekki við félagslega óvirkni eftir dvöl í fangelsi. Þeir geta misst niður hæfileikann að sjá um sig sjálfir og þegar hann er farinn er lítið eftir,“ segir Þórarinn V. Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

Reynslulausn er vandmeðfarið verkfæri fangelsisyfirvalda. Meta þarf hvern fanga fyrir sig; feril hans, hegðun, hættumat sálfræðinga og ástand. Til þess að mæta þörfum hvers og eins getur Fangelsismálastofnun beitt sérskilyrðum sem meðal annars geta verið fólgin í umsjón og eftirliti yfirvalda.

Fangar sem hafa setið af sér helming eða tvo þriðju af óskilorðsbundinni refsingu eiga þess kost að fá reynslulausn. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að í auknum mæli eigi að beita skilyrðum við reynslulausn fanga. Slík úrræði þykja líkleg til að draga úr ítrekunum brota þar sem með því gefist mönnum tími til að átta sig á breyttum aðstæðum og geta unnið í sínum málum með eftirliti og eftirfylgni kerfisins.

### Getum vel við unað

Samkvæmt tölfræðilegri úttekt sem Fangelsismálastofnun vann fyrir Fréttablaðið rufu fjórtán til 25 prósent fanga skilyrði reynslulausnar á árunum 1995 til 2005.

Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir erfitt að segja til um hvort fjöldi þeirra fanga sem brjóta skilyrði reynslulausnar sé sambærilegur við það sem gerist í þeim löndum sem Íslendingar kjósa að bera sig saman við þar sem ekki virðist haldið utan um slíkar tölur á sama hátt og tíðkast hér á landi.

„Hins vegar tel ég að þessar tölur sýni að við getum vel við unað. Fangelsismálastofnun leggur ríka áherslu á endurhæfingu fanga þannig að þeir komi út í samfélagið að nýju sem betri menn og til þess að stuðla að því eru ýmis úrræði fyrir hendi, svo sem veiting reynslulausnar,“ segir Erla og bendir á að rannsóknir hafi sýnt að ef rétt sé staðið að reynslulausn geti það dregið úr endurkomutíðni í fangelsi.






**Í HEIMSÓKN** Inn á heimsóknaganginum á Litla-Hrauni eru ellefu herbergi. Blaðamaður sést hér bregða sér inn í eitt herbergið. Glitta sést í bókahillu þar sem barnabækur er að finna en fangar sem eiga börn fá þau reglulega í heimsókn. Lykillinn að árangri þegar reynslulausn er veitt er oftar en ekki góð tengsl milli fanga og fjölskyldu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**GRAFIÐ Í BORÐ** Í fangaklefunum eyða menn tímanum með misjöfnum hætti. Í borðin sem blaðamenn skoðuðu var oftar en ekki búið að rista nöfn fanga sem höfðu dvalið þar í skemmri eða lengri tíma. Á þessari mynd sést að menn sem kallaðir eru Frikki og Robbi höfðu greinilega vera þarna inni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Reynslulausn ekki sjálfgefin

Algengast er að fangarnir byrji að neyta fíkniefna, haldist ekki í vinnu og takist ekki að aðlagast lífinu utan veggja. Dæmi eru um alvarleg afbrot fanga á reynslulausn en „sem betur fer er það fátítt,“ segir Þórarinn.

Ekki er sjálfgefið að fangar fái reynslulausn. Síbrotamönnum sem hafa rofið reynslulausn áður er ekki veitt reynslulausn nema sérstakar ástæður mæli með því.

„Fangar þurfa á fjölskyldunni að halda eins og aðrir. Í þeirra tilfelli getur hjálp frá fjölskyldunni verið þeim lífsnauðsynleg í bókstaflegri merkingu,“ segir Þórarinn.

### Skilyrðin skýr

Allir fangar sem fá reynslulausn þurfa að uppfylla hið almenna skilyrði um að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutímanum.

Þar að auki má ákveða að reynslulausn sé bundin sérstökum skilyrðum sbr. 2. málsgr. 64. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005:

1. Að aðili sé háður umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður.
2. Að aðili neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.
3. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
4. Að aðili sæti sérstakri meðferð innan eða utan stofnunar. Vistun á stofnun getur þó ekki staðið lengur en til loka refsitíma.

Rjúfi fangar ofangreind sérskilyrði er það Fangelsismálastofnunar að ákveða hvort viðkomandi verði látinn afplána eftirstöðvarnar eða hvort skilyrðum skuli breytt eða reynslutími lengdur.

Fangelsismálastofnun vinnur nú að því að styðja betur við bakið á þeim sem þarfnast meiri stuðnings og setja á fangann sérskilyrði um að hann sé háður umsjón og eftirliti.

**ÖNNUR GREIN AF FJÓRUM**
**Á morgun:**
Útlendingar í íslenskum fangelsum

## LENTI MEÐ DYNK Á KLEFAVEGG SKÖMMU EFTIR AÐ HAFA LOKIÐ ELLEFU ÁRA FANGELSISVIST

„Alla fanga dreymir um að losna úr fangelsi og það eina sem flestir þeirra hugsa um þegar þeir ganga loksins út um dyrnar er að lenda aldrei aftur inni. Það er nú samt þannig að margir lenda með dynk á klefavegg skömmu síðar,“ segir Guðmundur Svavarsson, fyrrverandi fangi. Guðmundur var dæmdur í tuttugu ára fangelsi fyrir manndráp í Héraðsdómi árið 1990, ásamt öðrum manni. Guðmundur var þá 28 ára gamall. Hæstiréttur mildaði dóminn þó í sautján ár.

Guðmundur hafði byrjað að nota ólögleg fíkniefni þegar hann var fimmtán ára. Hann viðurkennir fúslega að hann hafi ekki verið fyrirmyndarfangi á Litla-Hrauni. Árið 2001 fékk hann þó reynslulausn og var þá fluttur á áfangaheimilið Vernd þar sem hann átti að dvelja í þrjá mánuði. Eins og gefur að skilja höfðu gríðarlega miklar breytingar orðið á samfélaginu á þeim árum sem Guðmundur hafði dvalið innan veggja fangelsisins. Hann komst fljótlega að því að frelsið getur verið erfitt viðfangs og fljótlega var hann aftur byrjaður í „bullandi neyslu,“ eins og hann orðar það sjálfur. Tíu mánuðum eftir reynslulausnina var hann aftur kominn inn á Litla-Hraun en á þeim tíma hafði hann framið ýmiss konar afbrot sem hljóðuðu upp á rúmlega árs fangelsisdóm og ofan á það bættist skilorðsbundni dómurinn sem hann hlaut fyrir manndrápið. Honum var því gert að sitja inni í sex ár til viðbótar. „Eina markmið mitt hafði verið að fara ekki aftur inn. Það var þó svo skrýtið að þegar ég var kominn aftur inn í klefa sá ég að mér leið í raun best lokaður inni með vegginn sem eina vin minn. Það var ekkert í minni fortíð sem sagði annað en ég væri einn af landsins mestu lúserum og handónýtur þjóðfélagsþegn,“ segir hann um endurkomuna í fangelsið.

„Ég kalla þetta ferli „boomerang-effect“. Maður þeytist út og heldur að leiðin í burt verði sem lengst frá fangelsinu, svo veit maður ekki fyrr en maður er kominn til baka,“ segir Guðmundur þegar hann er beðinn um að lýsa upplifun sinni.

Árið 2005 var Guðmundur sendur á meðferðarheimilið í Krýsuvík á grundvelli samnings sem þá var á milli heimilisins og Fangelsismálastofnunar.

Hann segist hafa farið í margar meðferðir áður en hann var sendur þangað en ekkert hafi borið árangur nema það starf sem unnið var í Krýsuvíkursamtökunum en þau segir hann eina staðinn þar sem almennilega sé unnið eftir 12-spora kerfinu.

„Föngum er oft nauðsynlegt að fara í gegnum ákveðið enduruppeldi þar sem margir þeirra kunna oft ekkert að vera í samfélaginu eða hugsa um sig. Ég var einn þeirra en mitt enduruppeldi fékk ég í Krýsuvík.

Ég vona að hægt verði að gera reynslulausnir markvissari svo hægt sé að halda betur utan um fólk sem er að byrja að fóta sig í lífinu á nýjan leik og frekari áhersla verði lögð á lífsleikni. Það er hellingur af fólki innan fangelsiskerfisins sem er allt af vilja gert til að hjálpa til við betrun en hefur hins vegar skort úrræði. Auk þess gleymist stundum að það er lítið hægt að gera fyrir fólk ef ekki er tekið á fíkninni.“



6 TILBOÐ!

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



WLU 06A 120 sm
Hvítt háglans **58.900,- stgr.**



WLU 06A 120 sm
Eik **58.900,- stgr.**



CT 55 breidd: 55 sm
Hvítt háglans **38.900,- stgr.**



CT 75 breidd: 75 sm
Hvítt háglans **44.900,- stgr.**



WLU 147 61x48 +25 sm
Hvítt háglans/eik **49.900,- stgr.**



**6 baðinnréttingar á frábæru verði!**

WLU 147 61x48 +25 sm
Eik **49.900,- stgr.**

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKUR KJÚKLINGUR
# 40% AFSLÁTTUR




Holta ferskar kjúklingabringur
**1559 kr/kg.** *MERKT VERÐ 2599 KR/*




Holta fersk kjúklingalæri
**395 kr/kg.** *MERKT VERÐ 659 KR/*




Holta ferskir kjúklingaleggir
**395 kr/kg.** *MERKT VERÐ 659 KR/KG.*




Holta ferskir kjúklingavængir
**239 kr/kg.** *MERKT VERÐ 399 KR/KG.*




Holta eldaðar kjúklingabollur
**525 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1049 KR/KG.*




Ferskur heill kryddaður kjúklingur
**479 kr/kg.** *MERKT VERÐ 799 KR/KG.*

Ali

# GOTT VERÐ
# ALI SVÍNAKJÖT




Ali ferskar svínakótilettur
**1019 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1698*




Ali ferskur svínabógur
**499 kr/kg.**




Ali ferskur svínahnakki úrbeinaður
**1259 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1798*

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL




Ferskar ömmupizzur 350g þrjár teg **298 kr stk.**




KS frosið lambalæri í sneiðum **999 kr/kg.**




KS lambasvið frosin 25% afsláttur
**299 kr/kg.** *MERKT VERÐ 399*




Óðals ferskt nautahakk 10 -14% fituinnihald **798 kr/kg.**




Nautaat hamborgarar 10 stk. 120g
**898 kr.** *MERKT VERÐ 1198 KR.*




Íslandsgrís beikon 998 kr/kg..




NF sjófryst ýsuflök roðlaus
**808 kr/kg.**




NF saltfiskbitar beinhreinsaðir m/roði **725 kr/kg..**




Bónus hamborgarhryggur
**nýreyktur 898 kr/kg.**




Myllu skúffukaka
**400 gr 198 kr.**




Brún vistvæn egg 10 stk
**359 kr.**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Ískalt íslenskt vatn
- hvenær sem er

GE kæliskáparnir eru öflugir,
endingargóðir og glæsilega innréttaðir

GCE23LGTFLS
Stærð: h 176 x b 90,9 x d 63 sm
372 ltr. kælir og 180 ltr. frystir
Með stálhurðum
Orkuflokkur A
Verð áður kr. 299.700 stgr.

General Electric

Verð frá:
Kr. 209.790 stgr.

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.489 **-0,83%**

**Fjöldi viðskipta:** 418x
**Velta:** 5.489 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATL. PETROLEUM | +0,98% | 365 | -10,30% |
| EIK BANKI | +0,46% | FL GROUP | -3,73% |
| TEYMI | +0,39% | MAREL | -2,98% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,85 +0,38% ... Bakkavör 45,25 -1,42% ... Eimskipafélagið 30,40 -0,82% ... Exista 12,10 -2,02% ... FL Group 9,82 -3,73% ... Glitnir 17,90 -0,56% ... Icelandair 26,35 -0,75% ... Kaupþing 731,00 -0,41% ... Landsbankinn 28,65 -0,35% ... Marel 94,50 -2,98% ... SPRON 5,74 -2,38% ... Straumur-Burðarás 12,39 -2,06% ... Teymi 5,19 +0,39% ... Össur 90,50 -0,11%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Stjórnin ræðir umsókn

„Auðvitað hafa menn rætt þetta óformlega sín á milli, en málið er á borði fjármálaráðherra. Hann fer með úrskurðarvaldið," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.


**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Kaupþing, sem hefur sótt um leyfi til reikningshalds í evrum, kærði fyrir rúmum mánuði ákvörðun ársreikningaskrár um málið til fjármálaráðherra. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri bankans, býst við niðurstöðu á næstu dögum.

Ingibjörg Sólrún segir að málið sé ekki einfalt, en bankarnir sitji við sama borð og aðrir. „Þeir hafa ákveðinn lögformlegan rétt. Þetta er bara spurning um hvort þeir uppfylla lagaskilyrði eða ekki."

Umsögn Seðlabankans um umsókn Kaupþings var neikvæð. Davíð Oddsson Seðlabankastjóri fullyrti í gær að umsögn bankans hefði ekki haft nein áhrif á ákvörðun ársreikningaskrár. **- ikh**

# Horfurnar versna enn

**Stýrivextir Seðlabankans verða óbreyttir um sinn. Fjármálaskilyrði og verðbólguhorfur hafa versnað að mati bankans. Ekki er útilokað að vöxtum verði breytt í mars.**

„Það er ekki markmið bankans að ná fram harðri lendingu. Það er hins vegar svo að við teljum okkur skylt að reyna að leitast við að draga úr þeirri miklu spennu sem verið hefur og ekki sér fyrir endann á ennþá til þess að ná því marki sem okkur er sett, að verðbólga sé hér innan marka," sagði Davíð Oddsson Seðlabankastjóri við kynningu stýrivaxta í gær.

Seðlabankinn tilkynnti í gær að vextir bankans yrðu óbreyttir um sinn, 13,75 prósent.

Í hagspá bankans er gert ráð fyrir harðri lendingu í hagkerfinu, en í síðustu Peningamálum er gert ráð fyrir skarpri lækkun stýrivaxta á öðrum og þriðja fjórðungi ársins.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, sagði rétt að í spám bankans væri gert ráð fyrir samdrætti fram undan. „Ég held hins vegar að Seðlabankinn hafi ekki mikið val um það hvort þessu gríðarlega mikla ofþrýstiskeiði, sem nú er hugsanlega að ljúka, ljúki með samdrætti. Peningastefna hefur ekki mikil langtímaáhrif á hagvöxt. Seðlabankinn getur haft áhrif á tímasetningu samdráttar. En mjög óvíst er að slakari peningastefna en Seðlabankinn hefur fylgt hefði leitt til meiri eða minni samdráttar að lokum."

Davíð Oddsson sagði í rökstuðningi fyrir vaxtaákvörðuninni að hagvísar bankans bentu til þess að eftirspurn, sérstaklega einkaneysla, hefði vaxið hratt allt til loka síðasta árs. Þá væri enn spenna á vinnumarkaði og kjaraviðræðum ekki lokið. Gengi krónunnar hefði undanfarið verið lægra en gert var ráð fyrir í spá bankans í nóvember. Til skamms tíma væru verðbólguhorfur verri en við síðustu stýrivaxtaákvörðun í desember og útgáfu Peningamála í nóvember.

Hins vegar hefðu fjármálaskilyrði, bæði innanlands og utan, versnað. Við það hefði dregist úr framboði á lánsfé og lánakjör hefðu versnað; bæði fyrir heimili og fyrirtæki. Þá hefði hlutabréfaverð lækkað verulega, sem yki enn fjármagnskostnað og veikti efnahagsreikning heimila og fyrirtækja.

Þessi þróun ynni með stefnu Seðlabankans um aðhald og drægi úr verðbólguþrýstingi og vexti eftirspurnar. Þá hefði lækkandi fasteignaverð bein áhrif á verðbólguna. „Óvíst er hve hratt þetta gerist en ólíklegt er þó að meiri samdráttur í efnahagslífinu en Seðlabankinn spáði í nóvember leiði til hraðari hjöðnunar verðbólgu framan af spátímabilinu.


**DAVÍÐ ODDSSON** Markmið Seðlabankans er ekki hörð lending en bankinn telur sér skylt að draga úr spennu.

Gengi krónunnar gæti veikst um leið og dregur úr framboði erlends fjármagns. Það gæti ýtt undir verðbólguvæntingar, valdið launaskriði og þannig tafið hjöðnun verðbólgunnar."

Davíð Oddsson sagði ekki útilokað að aukavaxtaákvörðunardagur yrði í mars. Ekkert hefði hins vegar verið ákveðið um það. Litið yrði til ákvarðana annarra seðlabanka við næstu vaxtaákvörðun. **ingimar@frettabladid.is**

### SEX PRÓSENTA LÆKKUN HÚSNÆÐISVERÐS Í SÍÐUSTU SPÁ

„Ef ég man rétt var lækkun fasteignaverðs svona um það bil sex prósent, í okkar síðustu spá. Hins vegar hefur húsnæðismarkaðurinn verið sterkari en í okkar spám, svo þetta gerist seinna," sagði Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, við kynningu á stýrivaxtaákvörðun bankans í gær. Tölurnar eru til í bankanum, en hafa ekki verið birtar. Arnór segir vandasamt að spá fyrir um þróun húsnæðisverðs og líkön bankans geri ráð fyrir mjög mikilli lækkun. „En við trúum þeim ekki alveg," sagði hann, enn sem komið er hafi húsnæðismarkaðurinn verið sterkur.

„Við sjáum að lán bankanna til húsnæðiskaupa hafa í rauninni að verulegu leyti stöðvast," sagði Davíð Oddsson Seðlabankastjóri. Líklegt væri að verðlag fasteigna lækkaði á komandi tíð.

NÝJA HÚSIÐ HANS BARBAPABBA



Ný bók um Barbapabba!

Þegar Barbapabbi flytur með fjölskylduna sína í nýtt hús uppgötva þau að það getur verið strembið að búa sér öruggt heimili. En Barbafjölskyldan deyr ekki ráðalaus ...

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Eiga fimmtung í Capacent

Capa Invest hefur keypt fimmtungshlut í IMG Holding, eignarhaldsfélagi Capacent samstæðunnar. Út voru gefnir nýir hlutir í félaginu.

Capa Invest er nýstofnað fjárfestingarfélag í meirihlutaeigu fjárfestingarfélags Róberts Wessmans, Salt Investments og Draupnis, sem er í eigu Jóns Diðriks Jónssonar. Kaupverðið er sagt trúnaðarmál.

Með kaupunum verður Capa Invest kjölfestufjárfestir í Capacent-samstæðunni og stærsti einstaki hluthafinn. „Meirihluti félagsins er þó enn sem fyrr í dreifðri eign stjórnenda og starfsmanna, en af þeim fer Skúli Gunnsteinsson forstjóri samstæðunnar með stærsta hlutann," segir í tilkynningu. Jón Diðrik er sagður hafa hug á að bjóða sig fram til stjórnarformennsku á næsta aðalfundi IMG Holding.

Haft er eftir Skúla að alltaf hafi staðið til að fá fagfjárfesta í hluthafahópinn, til að styrkja félagið til áframhaldandi vaxtar, fyrst og fremst á erlendri grundu. Glitnir veitti félaginu ráðgjöf við hlutafjárútboðið.


**EFTIR KAUPIN** Árni Harðarson frá Salt Investments, Jóhann G. Jóhannsson frá Glitni, Skúli Gunnsteinsson frá Capacent, Hrannar Hólm frá Capacent og Jón Diðrik Jónsson frá Draupni.

Innan Capacent-samstæðunnar starfa nú um 340 manns, þar af um 120 hjá Capacent á Íslandi og um 220 hjá Capacent í Danmörku, eftir síðustu kaup félagsins á Institut for Karriereudvikling (IKU), en samningur um þau viðskipti var undirritaður í síðustu viku. **- óká**

heima Öndvegi

# SÍÐASTI

## DAGUR ÚTSÖLUNNAR Á MORGUN, LAUGARDAG

## 10 - 50% AFSLÁTTUR

RAFE**MAR, KRISTALIA, INCANTO, CHAT**EAU D'AX,
CALLI**GARIS, HÜLSTA,** JENSEN O.FL.



**Fiori leðurtungusófi: Verð áður: kr. 269.800,- verð nú: 198.800,-**
**195X205 sm. Litur: Svart og hvítt.**

**Opið í dag kl. 10-18, á morgun, laugardag kl. 11-16.**

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16



**Vefurinn:** Portable Apps

Knappar og færanlegar útgáfur ýmissa forrita til að setja á minnislykil og taka með sér hvert sem er.

www.portableapps.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**SKÝRING:** YFIRTÖKUTILBOÐ MICROSOFT Í YAHOO

## *Stjórn Yahoo leitar í ofvæni að neyðarútgangi*

Stjórnendur netleitarfyrirtækisins Yahoo gera nú allt sem þeir geta til að losna undan yfirtökutilboði Microsoft. Þeir hafa meðal annars leitað til fjölmiðlarisans News Corp, með það í huga að sameinast honum og komast þannig út um neyðarútganginn.

Darraðardansinn í kringum Yahoo hófst um síðustu mánaðamót þegar Microsoft bauðst til að kaupa fyrirtækið á sem samsvarar tæplega þrjú þúsund milljarða króna. Litið var á tilboðið sem tilraun hugbúnaðarrisans til að koma fætinum inn fyrir dyrnar í netleitarbransanum, þar sem Google hefur borið höfuð og herðar yfir alla aðra.



Frá upphafi var ljóst að Microsoft var fúlasta alvara, þar sem tilboðið var rúmlega sextíu prósentum yfir markaðsvirði Yahoo þegar það var lagt fram.

Þrátt fyrir það hafnaði stjórn Yahoo tilboðinu eftir að hafa melt það í tíu daga, og sagði það of lágt. Microsoft svaraði nokkrum klukkutímum síðar með yfirlýsingu um að fyrirtækið myndi ekki gefast upp. Það myndi halda áfram að reyna að kaupa Yahoo, þótt það þyrfti að semja beint við hluthafa.




Það gæti leitt til svokallaðrar fjandsamlegrar yfirtöku, en þá kaupir eitt fyrirtæki annað með því að sneiða fram hjá stjórninni og kaupa upp hluti einstakra hluthafa þar til það á ráðandi hlut í keypta fyrirtækinu.

Í von um að sleppa við yfirvofandi yfirtöku Microsoft hefur Yahoo átt í viðræðum við News Corp, fjölmiðlarisann sem á meðal annars 20th Century Fox kvikmyndaverið, Fox-sjónvarpsstöðina, dagblaðið New York Post og MySpace-vefinn, um mögulegan samruna fyrirtækjanna. Þannig yrði bitinn mun stærri og dýrari fyrir Microsoft, og líklegra að fyrirtækið hætti við yfirtökuna.

Arftaki torrent.is vex og vex:

## Yfir tuttugu þúsund manns á Viking Bay

Skráðir notendur skráskiptasíðunnar The Viking Bay eru orðnir um tuttugu og eitt þúsund talsins. Þetta staðfestir Unnar Geir Ægisson, talsmaður síðunnar.



SVAVAR LÚTHERSSON

Það er nálægt þeim fjölda notenda sem var á torrent.is þegar þeirri síðu var lokað í nóvember, eftir að lögbann var sett á síðuna. Þar voru 26 þúsund manns skráðir.

The Viking Bay var sett á laggirnar stuttu eftir lokun torrent.is, og flykktust fyrrum notendur lokuðu síðunnar yfir á nýjan vettvang til að skiptast á kvikmyndum, tónlist, sjónvarpsþáttum og tölvuleikjum.

Af málefnum torrent.is er það að frétta að frávísunarkröfu Istorrent ehf. í málinu gegn Samtökum myndrétthafa á Íslandi (SMÁÍS) hefur verið hafnað í Héraðsdómi Reykjaness. Svavar Lúthersson, forsvarsmaður Istorrent, krafðist þess að málinu yrði vísað frá auk tæplega fjórutíu milljóna í skaðabætur.

Næst verður aðalmeðferð í málinu, og fer hún fram næsta þriðjudag. - sþs

# Evrópsk rannsóknarstofa gangsett úti í geimnum

**Undanfarna daga hafa geimfarar NASA unnið að því að koma geimrannsóknarstofunni Kólumbusi á koppinn í Alþjóðlegu geimstöðinni. Rannsóknarstofan er stærsta framlag Evrópsku geimferðastofnunarinnar til uppbyggingar geimstöðvarinnar.**

Uppsetning Kólumbusar er aðalverkefni áhafnar geimferjunnar Atlantis, sem var skotið á loft í Bandaríkjunum fyrir rúmri viku. Á þeim tíu árum sem rannsóknarstofan verður virk ætla evrópskir vísindamenn, með hjálp geimfara um borð í geimstöðinni, að gera þúsundir tilrauna, meðal annars í líffræði og vökvaaflfræði.

Sjálf rannsóknarstofan, sem er sjö metrar á lengd og sívalningslaga, var fest utan á geimstöðina á mánudag. Næstu dagar fóru í að tengja rannsóknarstofuna við ýmis kerfi geimstöðvarinnar, setja hana upp að innan og setja hana í gang.

Ætlunin var að ljúka við uppsetninguna á laugardag, en vegna tæknilegra vandræða var ferðalag Atlantis framlengt um einn dag. Geimferjan leggur úr vör frá geimstöðinni á mánudag og lendir aftur í Bandaríkjunum daginn eftir.



**Í LAUSU LOFTI** Geimfarinn Rex Walheim festir griparm á Kólumbus-rannsóknarstofuna sem er verið að setja upp í Alþjóðlegu geimstöðinni á braut um jörðu. Geimgangan tók einar átta klukkustundir. MYND/NASA

Vandamálin sem áhöfn Atlantis stóð frammi fyrir í ferðinni voru ekki eingöngu tæknileg því líffræðileg vandamál settu einnig strik í reikninginn. Þýski geimfarinn Hans Schlegel þurfti að hætta við sína fyrstu geimgöngu á mánudag vegna veikinda, og því voru geimfararnir aðeins tveir sem festu rannsóknarstofuna á geimstöðina.

Schliegel var þó fljótur að ná sér og var kominn út í geim á miðvikudag. salvar@frettabladid.is






### TÆKNIHEIMURINN

**Rándýr mistök**




Bandarísk kona vill þrjá og hálfan milljarð króna í skaðabætur vegna þess að starfsmenn verslunarkeðjunnar Best Buy týndu fartölvunni hennar. Hún fór með tölvuna í viðgerð í maí í fyrra og sá hana aldrei aftur. Konan, Raelyn Campbell, segist nokk sama um tölvuna sjálfa, en þúsundir milljarða króna tapist árlega í Bandaríkjunum vegna þjófnaðar á persónuupplýsingum og hún vilji sjá til þess að Best Buy týni ekki fleiri tölvum. Hún kveðst átta sig á því að upphæðin sé fáránleg, en þetta sé eina leiðin til að ná athygli stjórnenda fyrirtækisins.

**Spore kemur út í september**

Einn óvenjulegasti leikur síðari ára, Spore, kemur út þann 5. september. Leikurinn er óvenjulegur fyrir þær sakir að í honum hannar spilarinn lífveru og fylgir henni eftir frá örverustiginu þar til hún leggur undir sig önnur sólkerfi. Honum hefur verið lýst sem blöndu af Pac-Man, Diablo, Populous, SimCity og Master of Orion, sem eru allt mjög ólíkir leikir. Spore er væntanlegur á PC- og Macintosh-tölvur auk Nintendo DS leikjatölvunnar.



**Tölvuormar sem dreifa eintómri hamingju**

Hugbúnaðarsérfræðingar hjá Microsoft vonast til að geta notað sömu tækni og fyrirfinnst í tölvuormum til að dreifa öryggisplástrum og öðrum hugbúnaðarlagfæringum. Í stað þess að hver og ein tölva hali niður öryggisuppfærslum frá netþjóni vilja þeir láta þær dreifa sér sjálfar á milli tölva, líkt og tölvuormar. Öryggisuppfærslum frá Microsoft verður þó áfram dreift á hefðbundinn hátt í bili því hugmyndin er aðeins á frumstigi.

**Nýjar tegundir risaeðla finnast í Sahara**

Breskir og bandarískir vísindamenn hafa fundið steingervinga tveggja áður óþekktra risaeðlutegunda í Sahara-eyðimörkinni. Önnur tegundin var að öllum líkindum hrææta, en hin veiddi sér lifandi bráð í matinn. Leifarnar eru um 110 milljón ára gamlar.



160 GB UPPTÖKU DISKUR

42PT85
42” Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarps- móttakarar
100Hz

189.900



42LC51
42” LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms

149.900



119.900

42PC35
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
Stafrænn móttakari

# SJÓNVARPSTÆKIFÆRI



259.900

42LY95
42” LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



229.900

42LF75
42” LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari



319.900

47LY95
47” LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



199.900

37LF75
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari



119.900

32LB75
32” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



109.900

26LB75
26” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lífið er gott LG

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Innganga í Evrópusambandið og upptaka evru:

## Eitt leiðir af öðru

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Mun meiri áhugi er fyrir því að kasta krónunni og taka upp evru, en ganga í Evrópusambandið. Nokkuð sama virðist hvort litið er til skoðanakannana meðal almennings eða skoðanakannana meðal forsvarsmanna fyrirtækja; áhuginn fyrir upptöku evru er mun meiri en áhuginn fyrir aðild að ESB. Þá hafa varfærnir stjórnmálamenn í Evrópusambandsmálum talað um að skoða þurfi hvort hægt sé að taka upp evru áður en full aðild að Evrópusambandinu sé tekin til greina.

Svo virðist sem nú þurfi að endurskoða þessa afstöðu. Skýrt kom fram á Viðskiptaþingi í gær, bæði hjá stjórnarmanni í Evrópska seðlabankanum og sendiherra Evrópusambandsins gagnvart Íslandi, að einhliða upptaka evrunnar myndi leiða til árekstra við Evrópusambandið. Spurningin virðist því frekar verða hvort við viljum taka upp evruna innan Evrópusambandsins eða halda í krónuna utan þess.

Þetta er nokkuð sem forsvarsmenn tveggja af hverjum þremur fyrirtækjum þurfa að taka afstöðu til, en það er það hlutfall forsvarsmanna fyrirtækja sem vilja losna við krónuna. Meirihluti þeirra er nú því mótfallinn að ganga í Evrópusambandið. Það hlutfall gæti breyst ef möguleikinn á því að kasta krónunni fyrir evru án sambandsaðildar er ekki lengur talinn fyrir hendi.

*Spurningin virðist því frekar verða hvort við viljum taka upp evruna innan Evrópusambandsins, eða halda í krónuna utan þess.*

Formaður Viðskiptaráðs sagði á Viðskiptaþingi í gær brýnt að huga vel að efnahagslegum áhrifum aðildar að Evrópusambandinu. Samtök iðnaðarins hafa tekið mun dýpra í árinni og hvatt til aðildar. Nú er komið að Samtökum atvinnulífsins að gera upp við sig, hvort það telji félagsmönnum sínum, og þjóðinni allri, hagstæðara að standa utan aðildar eða innan. Það sem hefur helst staðið í vegi fyrir sameiginlegri ályktun SA er mismunandi afstaða tveggja aðildarfélaga; Samtaka iðnaðarins og Landssambands íslenskra útvegsmanna. LÍÚ hefur verið mótfallið aðild á þeirri forsendu að þjóðin muni missa forræði yfir auðlindum sínum. Á sama tíma heyrist frá forsvarsmönnum sjávarútvegsfyrirtækja jákvætt viðhorf gagnvart upptöku evru. Ef hagsmunir tryggari gjaldeyris en krónunnar reynast nógu ríkir meðal útvegsmanna gæti afstaða þeirra til aðildar breyst. Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins verður haldinn upp úr miðjum apríl. Ekki er ólíklegt að ekki síðar en þá hafi samtökin myndað sér skoðun á upptöku evrunnar annars vegar og aðild að Evrópusambandinu hins vegar.

Alþýðusambandið segir EES-samninginn hafa veikst og hefur áhyggjur af stöðu hans. Ef afstaða þess til alþjóðasamstarfs er skoðuð virðist ljóst að ASÍ er ekki fráhverft aðild. Það á bara eftir að taka skrefið og lýsa yfir stuðningi. Þegar þessir tveir stóru hagsmunahópar, samtök launþega annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, hafa gert upp við sig hvort hagsmunir þeirra félagsmanna fara betur með eða án krónunnar er von til þess að stjórnmálamenn fari að ranka við sér í umræðunni. Hún virðist í það minnsta vera komin á fleygiferð alls staðar nema á þingi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

pósthúsið

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ekki alveg sjálfur**

Í Kastljósi á miðvikudag vék Gísli Marteinn Baldursson sér fimlega undan spurningum um hvort hann styddi Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson ef hann ákvæði að verða borgarstjóri að rúmu ári. Gísli sagði að Vilhjálmur hefði farið fram á svigrúm til að meta stöðu sína; hann yrði að komast að niðurstöðu sjálfur og aðrir borgarfulltrúar myndu styðja hana, svo lengi sem þeir fyndu að það væri í góðri sátt við borgarbúa. Síðar í þættinum sagði Gísli hins vegar að hann gerði ráð fyrir að Vilhjálmur tæki ákvörðun í samráði við aðra borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Sjálfsagt er það bara varúðarráðstöfun ef Vilhjálmur skyldi komast að „rangri“ niðurstöðu.



**Til hvers?**

Settur hefur verið á laggirnar stýrihópur sem á að fjalla um skipulag Vatnsmýrarinnar. Hópurinn á að vinna á grunni tillagna sem fram komu í alþjóðlegri hugmyndasamkeppni, en í þeim öllum er gert ráð fyrir að flugvöllurinn víki. Borgarstjórnarmeirihlutinn boðar aftur á móti óbreytt ástand í flugvallarmálinu út kjörtímabilið. Ekki verður því betur séð en að skipun þessa stýrihóps sé með öllu tilgangslaus.



**Áfram Svandís**

Vinstri græn eru harðir gagnrýnendur en elsk að forystumönnum sínum. Flokksmenn fylkjast nú um Svandísi Svavarsdóttur og hver á fætur öðrum skrifar lofgrein um framgöngu hennar í REI-málinu og stýrihópinn sem hún leiddi. Á mánudag skrifaði Huginn Freyr Þorsteinsson grein um „pólitískt ippon“ Svandísar; Árni Þór Sigurðsson alþingismaður hamraði járnið daginn eftir undir fyrirsögninni „Afrek Svandísar“ og í gær birtist grein í Mogga eftir Jón Bjarnason alþingismann með yfirskriftinni „Sigur Svandísar“. Hafi það farið framhjá einhverjum skal því haldið til haga hér að Vinstri grænum finnst Svandís frábær.

bergsteinn@frettabladid.is

## Gengisfelling stjórnmálanna



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Lýðræðið

Þessa dagana heyrir maður víða utan af sér að stjórnmálamenn almennt eigi í vanda. Að búið sé að gengisfella stjórnmálin og traust fólks á stjórnmálamönnum fari þar af leiðandi minnkandi. Á örfáum mánuðum hefur tvisvar verið myndaður nýr borgarstjórnarmeirihluti í Reykjavík en forsendur valdaskiptanna virðast ekki vera aðrar en einhvers konar refskák; óvinir gærdagsins eru skyndilega orðnir vinir og öfugt. En hvað felst í gengisfellingu stjórnmálanna? Hverjir geta verið orsakir þess að stjórnmálamenn missa traust almennings? Og er sanngjarnt að alhæfa um stjórnmálamenn almennt að þessu leyti? Stjórnmál geta snúist um ýmsa hluti. Eitt af grundvallaratriðum stjórnmálanna er að þar er tekist á um framtíðina og sýn okkar á það hvernig æskilegt samfélag eigi að vera. Við gerum þá kröfu til kjörinna fulltrúa að þeir séu málefnalegir og ekki síst að þeir standi við þau fyrirheit sem þeir hafa gefið í kosningabaráttu. Við megum ekki gleyma því að allur hasarinn í borgarstjórn Reykjavíkur hefur frá upphafi snúist um þetta.

**Orkuveitan í almannaeign**

Síðastliðið haust hugðist þáverandi borgarstjórnarmeirihluti framkvæma grundvallarbreytingu á Orkuveitu Reykjavíkur sem enginn flokkur hafði haft á stefnuskránni í borgarstjórnarkosningunum 2006. Það átti að sameina Orkuveitu Reykjavíkur öðru fyrirtæki og afhenda þessu fyrirtæki stóran hluta af eigum Orkuveitunnar. Búið var að velja forystumenn án skýringa, þeim afhentir kaupréttarsamningar upp á tugi milljóna og fundur í stjórn fyrirtækisins sem átti að staðfesta gjörninginn var ólöglega boðaður. Mikil og þverpólitísk samstaða virtist vera að myndast um þetta og aðeins einn flokkur lýsti einarðri andstöðu við þessa hálfeinkavæðingu um leið og þessir málavextir voru kunnir. Það var að sjálfsögðu Vinstrihreyfingin – grænt framboð.

Eftirmálann þekkja allir. Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði í málinu og meirihluti borgarstjórnarflokksins vildi ganga lengra og einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur. Borgarstjórnarmeirihlutinn klofnaði í málinu og nýr meirihluti var myndaður. Framan af var óljóst um framtíð Orkuveitu Reykjavíkur en góðu heilli var oddviti vinstrigrænna, Svandís Svavarsdóttir, sett í lykilstöðu til að móta hana. Ávinningurinn af því starfi kemur berlega í ljós núna þegar myndaður er nýr hægrisinnaður meirihluti í Reykjavík. Í málefnasamningi hans kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur eigi að öllu leyti að vera í eigu almennings. Þetta er dæmi um málefnalegan árangur af stjórnmálum. Fyrir rúmum fjórum mánuðum voru borgarfulltrúar vinstrigrænna einir um þetta sjónarmið, en núna ríkir fullkomin samstaða um það í borgarstjórn Reykjavíkur.

**Eftirsókn eftir embættum**

Í samhengi við þetta virðist manni skipta óendanlega miklu minna máli hvaða flokkar eiga formann hinnar eða þessarar nefndar í borgarkerfinu, eða hver fær að vera borgarstjóri. Eftirsókn eftir embættum er nefnilega ekki eitt af þeim verkefnum sem almenningur hefur kosið stjórnmálamenn til að sinna. Þeir virðast hins vegar misskilja það. Þess vegna þurfum við núna að ekki einungis að þola umræður um jafn fánýta hluti og hvort borgarstjórinn heitir Dagur eða Ólafur – heldur leikur allt á reiðiskjálfi yfir því hver á að vera borgarstjóri eftir eitt ár. Verður það Vilhjálmur Þ. eða Hanna Birna, eða kannski einhver fígúra sem Geir H. Haarde treður í embættið til að sýna að hann sé sá sem ræður í Sjálfstæðisflokknum.

Vantraust á stjórnmálamönnum er ekki ný bóla á Íslandi. Fyrir 25 árum var nákvæmlega sama umræða í gangi og við heyrum núna. Ýmsar skýringar voru nefndar fyrir þverrandi trausti og áliti á stjórnmálamönnum, en ástæða er til að vekja athygli á orðum Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem þá var nýsestur á þing, og taldi eina ástæðu vera þá „að stjórnmálamenn, og sérstaklega meðlimir löggjafarvaldsins, eru alltaf að leita eftir því að gerast allt annað en þeir eiga að vera. Þeir eru að sækjast eftir starfsaðstöðu og völdum á sviði framkvæmdarvaldsins í stað þess að tryggja sjálfstæði sitt til eftirlits með því“.

Þessa varnaðarorð Jóns Baldvins voru frekar skynsamleg, en þróunin hefur ekki orðið sú sem hann vildi árið 1982. Þess í stað er stöðugt verið að auka veg framkvæmdavaldsins og markmið stjórnmálamanna er fyrst og fremst að vera embættismenn fremur en fulltrúar kjósenda. Þeir vilja vera ráðherrar og borgarstjórar í stað þess að setja valdi þessara blessuðu –herra og –stjóra einhverjar skorður. En sú pólitík sem snertir líf almennings í landinu snýst um allt annað.

## Hugrakkir prestar óskast

UMRÆÐAN

Sjávarútvegur og mannréttindi



SVANUR KRISTJÁNSSON

Í Fréttablaðinu 7. febrúar sl. birtist stutt og yfirlætislaus frétt undir fyrirsögninni: „Grétar Mar Jónsson: Undrast þögn þjóðkirkjunnar“. Grétar Mar, alþingismaður Frjálslynda flokksins, kallar þar eftir afstöðu presta þjóðkirkjunnar til þess álits Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, að Alþingi Íslendinga hafi brotið mannréttindi á þegnum þessa lands með því að afhenda sérvöldum gæðingum sameiginlega auðlind í eiginhagsmunaskyni og endurreisa þar með lénsskipulag á Íslandi.

Undir þetta ákall Grétars Mars skal hér eindregið tekið. Reyndar er með hreinum ólíkindum að prestar þjóðkirkjunnar hafi nánast slegið þagnarmúr um siðleysi gjafakvótakerfisins. Á meðan sjávarbyggðir landsins voru tættar í sundur og í stað samheldni komu sundruð samfélög, þögðu leiðtogar kristinna manna í landinu.

Einn prestur stóð samt sína vakt, hélt sínu striki í gegnum þykkt og þunnt og lét ekki bugast, þótt hart væri að honum sótt af valdsmönnum. Sr. Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Neskirkju, hefur ítrekað gagnrýnt gjafakvótakerfið á grundvelli kristilegs siðgæðis. Nýleg dæmi eru predikun í Neskirkju 3. apríl 2005 og á sjómannadaginn 3. júní 2007. Örn ritaði einnig pistla í DV fyrir nokkrum árum og fann ítrekað að kerfinu. Smásaga hans „Íslensk fjallasala hf.“ birtist í Lesbók Morgunblaðsins 10. apríl 1999 og olli miklu fjaðrafoki en hún fjallaði öðrum þræði um gjafakvótakerfið og þá tilhneigingu í þjóðfélaginu að allt sé til sölu. Ef farið er inn á heimasíðu sr. Arnar, ornbardur.annall.is, og slegið inn leitarorðinu „kvót“ kemur upp nær tugur af ræðum og pistlum, þar sem vikið er að kvótakerfinu.

Íslenska þjóðkirkjan þarfnast hugrakkra presta á borð við sr. Örn og fleiri presta, sem þora að berjast gegn rangsleitni og mannréttindabrotum – ekki bara í útlöndum en einnig á heimaslóð, þegar brotin eru heilög réttindi á fólkinu, sem þeir eiga að þjóna.

*Höfundur er prófessor.*



## NÁM Í DANMÖRKU

**Hjá VIA University College (Vitus Bering Denmark) í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.**

**Í boði er:**

**Á ensku og dönsku**

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

**Á ensku**

- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

**Á dönsku**

- Véltækni
- Véltæknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði

**Kynningardagur í Norræna húsinu í Reykjavík:**

Fulltrúar skólans, Annemette Glyngø og Johan Eli Ellendersen verða á Íslandi (Norræna húsinu) laugardaginn 16. febrúar 2008, frá kl. 11-16. Áhugasamir geta haft samband í síma 5901400 (Hótel Plaza). Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka eða hringið beint í Johan í síma 8458715.

**www.viauc.dk**

VIA UNIVERSITY COLLEGE

VIA UNIVERSITY COLLEGE
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5100
EMAIL: UC@VIAUC.DK.



Það er mjög skemmtilegt að búa til kvöldmatinn frá grunni og enn betra að sjá hann renna vel ofan í alla á heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fiskibollur húsmóður

***Elísabet Þorvaldsdóttir heldur húsmæðrahefðum á lofti í matargerð sinni.***

Elísabet Þorvaldsdóttir, fyrrverandi matráður, fer oft nýstárlegar leiðir í eldamennsku. Þeir réttir eru ekki til sem hún þorir ekki að takast á við í eldhúsinu.

„Ég hef lagt upp með að notast við ferskt hráefni í matargerð og forðast að vinna með unna matvöru. Ég er með þrjú börn á heimilinu og þau þurfa að fá öll næringarefni sem eru í matnum,“ lýsir Elísabet. Sá réttur sem hefur slegið rækilega í gegn heima hjá Elísabetu er fiskibollur sem unnar eru úr fersku hráefni og alveg frá grunni. Hún nefnir að þetta séu ekta húsmæðra-fiskibollur sem auðvelt sé að gera. Uppskriftina fékk Elísabet frá tengdamóður sinni.

„Krakkarnir voru alveg vitlausir í þessar fiskibollur hjá ömmu sinni og ég ákvað því að fá uppskriftina og prófa hana heima. Eiginmaður minn er einnig mikill aðdáandi enda vanur þessum tilteknu bollum frá yngri árum. Þessar fiskibollur eru afskaplega bragðgóðar og unnar úr nýju og fersku hráefni en einnig er hægt að leika sér að uppskriftinni. Þó að yfirskriftin að þessum rétti sé „krakka-fiskibollur“ er hægt að gera þær meira við hæfi fullorðinna með ýmsum aðferðum,“ útskýrir Elísabet.

Hún segist alltaf bera fram hrísgrjón og ferskt salat með fiskibollunum. „Oft ber ég fram hvítlauksbrauð og mismunandi sósur. Börnin vilja oftast tómatsósu með bollunum en við hjónin kjósum frekar að hafa aðrar sósur sem mér dettur í hug að búa til,“ segir Elísabet. Hún nefnir einnig að ef fólk eigi afgangs soðinn fisk eigi að frysta hann og nota seinna í fiskibollur, það sé góð leið til að nýta afganga.

„Uppskriftin er ekki flókin, það þarf eitt og hálft fiskflak og fjórar meðalstórar kartöflur ásamt hálfum lauk. Öllu er hakkað saman og svo er tveimur eggjum og einum bolla af hveiti bætt við. Einni teskeið af salti, karrí og Season-all bætt við ásamt hálfri teskeið af pipar. Úr þessu eru hnoðaðar bollur sem er velt upp úr raspi og síðan eru þær steiktar á pönnu,“ segir Elísabet að lokum.

*mikael@frettabladid.is*

## Viltu láta gott af þér leiða í fæðingarorlofinu?

**Kópavogsdeild Rauða kross Íslands** óskar eftir góðu fólki til að sinna sjálfboðnum störfum í verkefninu **Alþjóðlegir foreldrar.** Markmið verkefnisins er að rjúfa félagslega einangrun innflytjenda sem eiga börn á aldrinum 0-6 ára.

**Alþjóðlegu foreldrarnir** hittast vikulega með börnin sín, á fimmtudögum kl. 10.00-11.30, í sjálfboðamiðstöð deildarinnar. Á þessumsamverustundum bjóðum við velkomna foreldra allra landa sem eru heima með 0-6 ára börn sín og vilja hitta aðra með lítil börn. Boðið er upp á stutta íslenskukennslu fyrir foreldrana í hvert sinn ásamt fjölbreyttum kynningum en sjálfboðaliðarnir sjá um dagskrána.

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Kópavogsdeild í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.

**Sjálfboðamiðstöð Kópavogs,** Hamraborg 11, 2. hæð.
Opið alla virka daga kl. 10–16.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild
raudikrossinn.is/kopavogur

## Ferming í Flash

**Ný sending**



**Kjólar**
**Ermar**
**Leggings**
**Skart**
**Skór**

FLASH
Laugaveg 54,
sím 552 5201

**Sítróna** er ræktuð í hitabeltinu og í gróðurhúsum. Sítrónutréð getur orðið allt að sex metrar á hæð en yfirleitt verður það ekki svo hátt. Ávöxturinn inniheldur súran safa.


BK KJÚKLINGUR
alvöru grillaður kjúklingur
hollt er gott
Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585
Opið alla daga 11:00 - 22:00

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Besti kjúklingaborgarinn í bænum?
Höfum opnað aftur eftir stækkun og breytingar!
Kjúklingastaðurinn Suðurveri
Alltaf góður!


# Meinhollur skyndibiti

***Mikilvægt er að ná góðum tökum á matreiðslu hrísgrjóna til að sushi heppnist sem best.***



Matreiðslumeistarinn Hallgrímur Þorláksson sker niður maki-rúllur. Á Nítjándu, sem er hádegisverðarstaður Veislutursinns, mun gestum gefast kostur á að fylgjast með honum og fleiri kokkum elda fjölbreytta rétti og þar á meðal sushi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sushi er japanskur skyndibiti sem hefur farið sigurför um heiminn. Það er búið til úr köldum hrísgrjónum sem eru bragðbætt með salti, sykri og ediki. Yfirleitt eru hráir fiskstrimlar lagðir ofan á bitana og eins grænmeti. Sumir eru einnig vafðir inn í sjávarþang eða svokölluð nori-blöð og þá er fiskurinn eða grænmetið í miðjunni.

Mörg afbrigði eru til og þarf fiskurinn ekki endilega að vera hrár. Bitarnir eru oft bornir fram með sterku wasabi-mauki, næfurþunnum súrsuðum engifersneiðum og sojasósu. Mikið er til af sushi-börum víða um heim en margir gera sitt eigið sushi. Þá skiptir mestu máli að ná tökum á því að matreiða hrísgrjónin sem þurfa að hafa ákveðna áferð og eins að nota eingöngu ferskt hráefni.

„Við notum bara ferskan fisk og kaupum hann beint af fisksölum," segir Sigurður Gíslason, yfirmatreiðslumaður Veisluturnsins. Hann segir að almenningur geti nálgast góðan fisk í öllum betri matvöruverslunum. „Fyrir þá sem ekki eru hrifnir af hráum fiski er ýmislegt annað í boði og er grænmetis-sushi með gúrku eða paprику til dæmis mjög gott. Þá er líka gott að nota reyktan lax."

Sigurður segir algengt að nota lúðu, lax, humar, tígrisrækjur og túnfisk í sushi. Hann segir nauðsynlegt að nota eingöngu fyrsta flokks hráefni og ætti góður fiskur að þekkjast á lyktinni. „Fiskurinn á að vera algerlega lyktarlaus og ef fólk er í einhverjum vafa á það ekki að nota hann í sushi." Sigurður segir best að treysta fisksölunum og lætur hann þá yfirleitt ráða ferðinni. „Við erum ekki endilega með sama matseðilinn heldur kaupum það sem er að koma ferskast upp úr hafinu."

Sigurður er þessa dagana að leggja lokahönd á vinnu við nýjan hádegisverðarstað á nítjándu hæð nýju glerbyggingarinnar sem risin er við Smáratorg. Staðurinn heitir Nítjánda og opnar í mars en þar verður meðal annars boðið upp á sushi. „Þar verður líka ferskur fiskur, kjötréttir, súpur og mikið úrval af léttum og spennandi réttum. Staðurinn er opinn öllum og er útsýnið óviðjafnanlegt," lýsir Sigurður en á staðnum verður allt eldað frá grunni og er ferskleikinn í fyrirrúmi. „Kokkarnir munu elda fyrir framan gestina og verður meðal annars hægt að sjá þá gera sushi, segir Sigurður.

*- ve*

## Grunnuppskrift að sushi

HRÍSGRJÓNIN ERU UNDIRSTAÐAN Í ALLRI SUSHI-GERÐ

**GRJÓN:**
2 ½ bolli sushi-hrísgrjón
600 ml vatn

Látið kalt vatn renna á hrísgrjónin þar til vatnið er orðið tært, setjið grjónin í sigti og látið leka af þeim. Þá eru þau sett í hrísgrjónapott og soðin þar til þau eru tilbúin. Þau eru síðan látin hvíla í pottinum í 5-10 mín. Það má setja ¼ bolla af sake út í en þá verða grjónin léttari og fá gott bragð. Þau eru síðan tekin úr pottinum og sett í skál og rakt viskustykki sett yfir. Næsta skref er að krydda hrísgrjónin með ediki.

**SUSHI-EDIK:**
½ bolli sushi-edik
1 tsk. salt
2 msk. sykur

Allt sett í pott og hitað örlítið þar til sykurinn bráðnar saman við. Blandað varlega saman við hrísgrjónin með spaða. Varast að setja of mikið af ediki út í hrísgrjónin svo þau verði ekki of blaut.



Platti með fjórum mismunandi sushitegundum.


Ekta fiskur
Sérfræðingar í saltfiski
Ekta réttir
NÝJUNG
Fyrir verslanir, veitingahús, mötuneyti og stóreldhús, til suðu eða steikingar
- Saltfiskbitar, blandaðar stærðir
- Saltfiskhnakkar, tvær stærðir (lomos)
- Saltfiskkurl
- Gellur
- Gollaraþunnildi
- Ýsuflök og -hnakkar
- Steinbítskinnar og -bitar
- Þorskhnakkar
- Rækjur
PÖNTUNARSÍMI:
466 1016
www.ektafiskur.is
Einnig frábært úrval tilbúinna rétta frá **Ekta réttum**, kíkið á vörulistana á netinu!
FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

FAMILY TILBOÐ
4 OSTBORGARAR
FRANSKAR, SÓSA OG 2 L GOS
2.490 kr
McCain
EIKI FEITI
Barðastöðum 1 - 5
S: 517 - 0667
www.eikifeiti.is
Opnunartími
Opið alla daga 11:00 - 21:00
Sunnudaga 14:00 - 21:00

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLABORG**



MMC Pajero V6 Langur, árg. 3/1998, ek. 179 þús. Fæst gegn yfirtöku á láni kr 930 þús. afborgun 23 þús. á mán. Verð 990 þús. Mjög fallegur bíll. Uppl síma 517 1111 www.bilaborg.is



Kia Sorento 3.5 Luxury, árg 2/2003, ekin 86 þús, leður álf og fl, ath skipti. Verð 2390 þús



2.Audi A6 Túrbó 20v/sedan, árg 7/2003 ekin 56 þús, vel búin verð 2690 þús



Hyundai Santa Fe 4x4, árg 5/2001, ekinn 94 þús, ssk, verð 1490 þús



Opel Astra caravan wagon , árg 6/2002, ekinn 112 þús, 5 gíra, verð 590 þús



Nissan Terrano II diesel, árg 11/1998, ekinn 149 þús, ssk, verð 890 þús



Skoda Oktavia, árg 11/ 1998, ekinn 103 þús, 5 gíra , verð 490 þús



Renault Megane scenic, árg 8/1998, ekinn 163 þús, 5 gíra , verð 290 þús

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**




TOYOTA LAND CRUISER 120 6/2006 Ek.61 þkm,álfelgur, 8manna,6 diska magasín,dráttarbeisli,filmur.ofl.ofl Verð 4890 þús —SKOÐA SKIPTI Bílabankinn s.588-0700



Mmc Canter 3.9 diesel 5/2000 6,3 tonn ek 182 þús km ny skoðaður lyfta mjög snirtilegur bíll ásett verð 1790 Tilboð 1250 þús Bílabankinn 588-0700



**100% lán,ekkert út. 39 á mánuði!**
Honda accord executive 6/2006 ek 27 þús km einn með öllu leður lúga magasín spiler álfelgur kastar hiti í sætum o,m,f ásett verð 2890 þús lán 2825 þús Bílabankinn 588-0700



**100% lán ekkert út**
Polaris sportmann 800 2/2008 ek 20 km eins og nytt kostar nytt 1320 þús þetta fæst á 1230 þús 100% lán 24 þús á mán Bílabankinn 588-0700



**100% lán ekkert út 19 þús á mán.**
Toyota corolla 1.4 vvti 6/2003 ek 94 þús km 4 dyra 5 gíra cd álfelgur fallegur bíll ásett verð 990 þús lán 930 þús 100% lán Bílabankinn 588-0700



**Sjálfskiptur diesel**
Opel astra 1900 dísel 1999 ek 245 þús km Verð 390 þús Tilboð 225 þús Bílabankinn 588-0700

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**www.bilabankinn.is**

**bifreiðasalan**
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík • Sími 577 4400 • Fax 577 4401



Kia Magnetis árg. '05 sjálfskiptur, 2lítra, stór og rúmgóður bíll á góðu verði.... 20 þúsund á mánuði!



Hyundai Trajet 7 manna árg. 11/'04 sjálfskiptur dísel ekinn 99 þús. 7 manna græja á ótrúlega góðu verði 1490 þús.



VW Passat dísel árg. '06 sjálfskiptur ekinn 36 þús. 140 hestafla sparibaukur. Ásett verð 3.150.000.

**Bifreiðasalan**
**Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

**Arnarbílar**
www.arnarbilar.is



RENAULT KANGOO EXPRESS árg 7/00, ek 143 þ. km, 1.4L Bsk. Sumar og Vetrardekk á felgum, Verð 490 þ. Áhv 340 þ. Tilboð 390 þ. stgr. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120547 S. 567 2700



TOYOTA TUNDRA CREWMAX LIMITED árg 2007, ek 500 km, 5.7L Ssk. DVD, Navi, Leður, Topplúga, Verð 4.950 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120532 S: 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

**100 bílar.is**



KIA Sorento 2,4, árg. 2005, ek.92þús. km, Beinsk. Ný skoðaður, Ný vetradekk og fl. Verð 1990þús.kr. Glæsilegur bíll!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Verðvernd í bílasölu.






Mazda 3, árg. 2006/'08, ekinn aðeins 14 þús. Til sölu. Þessi draumabíll er engum líkur. Búin öllum hugsanlegum aukahlutum og tækninýjungum. Ekki láta þennan framhjá þér fara!!! Birgir 695 2728.



Til sölu Toyota avensis 2,0, nýskr. 12-2006, ek. 13000km, einn með öllu. Tilboð óskast. Uppl. í s. 894 1003.



**Toyota Tundra - Fæst á yfirtöku.**
Glænýr bíll. Sportpakki, „20 álfelgur, brettakantar, leðurinnrétting, nýja 5,7 vélin, klæð skúffa, sjálfskiptur ofl. ofl. ofl. Uppl. í síma 861 3316.



Skoda Octavia Combi árg. '05, ek. 30 þús. Sjsk. V. 2190 þús. Uppl. í s. 860 8300.



Hyundai Trajet '06, á götuna 06/'06. Ek. 50 þ. Ssk., 7 manna, filmur, krómfelgur, vetrard. Frábær fjölskyldubíll, úrvals eintak. Verð 2.300.000. Áhv. 1.921.000. Afb. 45 á mán. Skipti möguleg á ódýrari. Uppl. í s. 696 9234.



Renault Traffic '04 ek. 141 þ. Mikið yfirfarinn sem nýr. Yfirtaka + 100 þ. út. 36 þ. á mán. S. 896 6283.



Vegna flutninga er Opel Vectra '01, ssk., ek. 120 þús., ný skoðaður til sölu. Verð 300 þús.! Uppl. í s. 866 8720, Fúsi.



Góð og vel með farinn Toyota Corolla árg. '96, ek. 169 þús. Uppl. í s. 847 7614.



Til sölu vw golf árg.'96. Nýsk. Ný nagladekk. Toppbíll. Verð 170 þús. Uppl. í s. 659 3459.



Til sölu BMW 530i árg. '03, ek. aðeins 78 þ km. Innfl af B&L. Gæðingur sem vert er að skoða. V. 3.390 þ. Uppl. í s. 892 1559.



MMC Pajero '99 ek. 212 þ. Ssk., hvítur samlitur, leður, 33" breyttur er á 32" og ný glóðakerti. Ásett verð 1290 - tilboð 1 millj. S. 866 3348, Dóra.

Renault Kangoo árg.'00. Ek.91 þ. Vetrardekk, sk.'08. Toppbíll. Listaverð 550 þ. Verð 330 þ. Uppl. í s. 892 7852.

Nissan Patrol árg. '93 2,8 vél, ný dekk, ógangfær. Tilboð óskast. S. 821 7297.

Bmw 318i, árg. 12/03, ek. 64 þús. V. 2,5 millj. Uppl. í s. 848 7277.

Til sölu Merc Benz E220 árg. '94. Ekinn 130 þús. Mjög fallegur bíll. Skipti ath á skemmdum eða biluðum sleða. Uppl. í s. 899 4424.

Til söli Toyota Corolla árg. '94 ek. 200 þ. í toppstandi. Einnig beitningartrekt. Uppl. í s. 847 7251.

**Gullmoli**
Til sölu Renault Megane Station árg. 2000, ek. aðeins 97 þús. Verð 560 þús. Uppl. í s. 867 3954.

Toyota Yaris Sol, árg. '99, ek. 89 þús. Silfurgrár. V. 550 þús. Uppl. í s. 664 0380 & 848 8797.

**Tilboð tilboð!**
VW Passat árg. 12/'98, álf., krókur, nýsk. Listaverð 535 þús. Tilboð 380 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



Toyota Yaris 3 dyra árg. '01 ekinn 109 þús. Verð 160 þús. + yfirtaka á láni 300 þús. 15 þús. á mán. Sími 690 4065.

Opel Astra árg '99 ek. 135000 Mjög góður bíll Verð 400 þúsund Uppl í 8463480

## 500-999 þús.



**Mega bull verð !**
Cadillac Fleedwood árg '86, 4 dyra, innfluttur 2007. Grár á litinn, pluss, rafmagn í öllu, ryðlaus bíll, ek. aðeins 67000 mílur frá upphafi, skoð. '08. Verð 1.150.000. TILBOÐSVERÐ NÚ 790.000 stgr. Möguleiki á 100% visa láni. Uppl. í s. 842 6605



Mustang 97 árg. bsk. yfirtaka + 100þ. upl sími 8653004



VW Golf Highline '01 ekinn 80þús. Nagladekk á 15" og sumardekk á 16" álfelgum. Verð 870þús

## 1-2 milljónir



Chrysler PT Cruiser '01, ek 55 þús, gullmoli, beinskipt, glertopplúga, ný-vetrardekk, 17" dekk, verð 1390 þús, áhvílandi lán 990 þús. Birgir 820 22 23.



Hyundai Trajet 2.7, 7 manna 10/2002 ek. 79 þ. ssk., cruise, topplúga, álfelgur, tölvust. miðstöð með a/c, ný vetrard, fjarstart, krókur ofl. Öflug vél, frábær ferða og fjölskyldubíll. Verð 1.570 þ. Uppl. í s. 892 0741.



Durango 4.7L, árg. '02, ek. 136 þús. Ssk., leður, dráttarb. V. 1700 þús. S. 892 5697.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# FÖSTUDAGUR

15. FEBRÚAR 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS




**TINNA GUNNARS**
og kaffivélin

**ÞÓRUNN HÖGNA**
hættir á skjánum

**MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR**
leikur mæður geðsjúklinga

# Kampavíns-klippingar

**Hreiðar Árni Magnússon og Jóhann Tómas Sigurðsson dekra við hár fræga fólksins í Kaupmannahöfn**

## Helgin 15.-17. febrúar

**FÖSTUDAGUR:** Verðlaunahafar í Vatnsmýrarsamkeppninni kynna tillögur sínar og dómnefnd gerir grein fyrir niðurstöðum sínum. Að því búnu verður opnað fyrir umræður um framtíðarsýn og skipulag borgar í Vatnsmýrinni. Þetta fer fram í Hafnarhúsinu. Um kvöldið eru minningartónleikar um Bergþóru Árnadóttur sem hefði orðið sextug hefði hún lifað. Tónleikarnir eru haldnir í Salnum í Kópavogi og hefjast þeir klukkan 20.30.

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Andrea Róberts, sjónvarpskona, meistaranemi og stjórnarkona UNIFEM.*

„Helgin er fullbókuð að vanda. Spilaklúbburinn, Kanarífuglarnir, ætlar að spila yfir sig eftir langa pásu. Það er enginn áberandi tapsár þannig að þetta verður örugglega afar ljúft eins og gourmet-hlaðborðið sem verið er að skipuleggja. Á sunnudaginn er síðan síðbúið rjómabollukaffi því afmælisstrákurinn hann pabbi á afmæli og var erlendis á bolludaginn. Það væri skandall ef hann fengi ekki bollu.“



## þú kemst ekki í gegnum vikuna ...

...nema að hafa jákvæðnina í farteskinu, lífið verður miklu léttara, þéttara og skemmtilegra.





...nema að hafa morðgátuþema í afmælinu þínu. Það nennir enginn að vera hann sjálfur í partíum, Hlutverkaleikir eru það eina sem dugar. Ef eitthvað gerist þá fær fólk bara lífnaviðpillu og allir verða hressir.



...nema kaupa þér nýja stóra flotta leðurtösku. Helst MIU MIU eða Marc Jacobs.

...nema að fá þér internetið í símann. Það eru bara steinaldarmenn sem þrauka upp á gamla mátann.



...nema að skipuleggja sumarfríið og láta þig dreyma um sól og fjarlæga staði.



*Margrét Helga Jóhannsdóttir hefur leikið mömmur nokkurra geðveikra manna*

# Fordómar eru þekkingarskortur

Ég er að verða mamma hálfrar leikarastéttarinnar,“ segir leikkonan Margrét Helga Jóhannsdóttir og hlær við. Hún hefur á síðustu árum tekið að sér mörg móðurhlutverk, og í þrígang leikið mæður manna sem eru veikir á geði. Fyrsta hlutverkið í þeirri röð fór Margrét með í Englum alheimsins, þar sem hún lék móður Páls, sem Ingvar E. Sigurðsson túlkaði. Í Börnum lék hún móður Ólafs Darra Ólafssonar í hlutverki Marinós, og nú síðast brá hún sér í hlutverk Bjarnfreðar, móður hins öfgakennda Georgs í Næturvaktinni. „Þetta eru allt menn sem ekki eru sigurvegarar í lífinu, svo mikið er víst,“ segir Margrét Helga, sem nú er í launalausu leyfi frá Leikfélagi Reykjavíkur og dvelst á Akureyri, þar sem hún leikur í Fló á skinni. Uppsetningin hefur slegið í gegn, og uppselt er á allar sýningar sem settar hafa verið í sölu. „Það er ótrúlega gaman að leika í Flónni og heyra hlátrasköllin. Þetta er frábært leikhús og hér er mikið af hæfileikaríku, orkumiklu og skemmtilegu fólki sem hefur tekið ofboðslega vel á móti mér.“

Margrét segir það fara eftir manngerðinni hvort hluverk sem þau ofannefndu taki á. „Ég samdi náttúrlega mína manngerð sjálf í Börnum, því við fengum að vinna okkar hlutverk sjálf. Það var mjög spennandi spunavinna,“ segir Margrét, sem leitaði þó ekki í fyrri reynslu sína sem móður Páls í Englum alheimsins. „Þetta eru tvær alveg ólíkar konur. En ég hef verið heppin, þetta hafa allt verið góð verkefni og skemmtileg vinna,“ segir hún.

Umræður um geðsjúkdóma hefur borið hátt í þjóðfélaginu að undanförnu, og þá ekki síst út frá afstöðnum veikindum nýs borgarstjóra. Margrét Helga segist viss um að myndir á borð við Börn og Engla alheimsins geti lagt hönd á plóg við að hrinda af stað vitundarvakningu í kringum geðsjúkdóma. „Allir fordómar hljótast yfirleitt af þekkingarskorti. Allar upplýsingar eru til hins betra. Það er nú líka gaman að geta þess að þegar við vorum að vinna Englana kom í ljós að Ingvar, Hilmir Snær og ég höfðum öll unnið á Kleppsspítala á einhverjum tímapunkti. Það er fjársjóður sem maður býr að alla tíð, að kynnast bæði þeim sem minna mega sín og þeim sem meira mega sín. Það er góður lífsins skóli, og eitthvað sem maður lærir ekki í leiklistarskóla,“ segir hún.

*sunna@frettabladid.is*



Margrét Helga Jóhannsdóttir

Jón Gnarr

Ingvar E. Sigurðsson

Ólafur Darri Ólafsson

## ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR FER SÁTT AF SKJÁNUM

# Breytingar í Innliti/útliti

Ég er á leiðinni af skjánum og ætla að vera hinum megin við myndavélina. Ég mun vera meira í framleiðslunni og sé áfram um ritstjórnina,“ útskýrir Þórunn. Hún hefur verið á skjánum í fjögur ár, og verið ritstjóri þáttarins síðastliðin þrjú ár, eða frá því að Vala Matt hélt á brott.

Þórunn segir breytingarnar koma í kjölfar þeirrar ákvörðunar Skjás eins að færa innlenda dagskrárgerð út úr húsi. Framleiðsla Innlits/útlits er því komin í hendur Saga Film. „Það hafa orðið töluverðar breytingar með nýju framleiðslufyrirtæki, sem er ósköp eðlilegt. Þetta er hluti af þeim,“ segir Þórunn, sem segist enn vera að átta sig á breytingunum. „Maður þarf að aðlagast þessu eins og öðru. Það tekur kannski smá tíma þegar maður hefur verið lengi í sama starfinu,“ segir Þórunn.

„Ég hafði falast eftir því að vera meira hinum megin við myndavélina, því mér finnst framleiðsluferlið vera mjög spennandi. Ég bjóst reyndar ekki við því að fara alveg af skjánum, en nú sé ég bara til hvernig þetta leggst í mig. Vonandi verður þetta allt saman hið besta mál,“ segir hún brosandi. „Það er mjög góður hópur í kringum þáttinn, svo hann verður vonandi bara mjög góður áfram,“ bætir Þórunn við.

Þau Arnar Gauti og Nadia Banine, sem hafa séð um dagskrárgerð fyrir Innlit/útlit ásamt Þórunni síðastliðin ár, verða áfram á skjánum, og segir Þórunn að fastir liðir þáttanna muni halda áfram. „Útlit þáttarins breytist eitthvað með nýjum pródúsent, en við verðum áfram með breytingar, innlit og fjöllum um hönnun og arkitektúr eins og áður. Við fengum öll gott frí en erum á fullu í tökum núna, og fyrsti þátturinn fer í loftið á þriðjudaginn,“ segir Þórunn, sem segist hafa notið sín vel á skjánum síðustu ár. „Ég væri alls ekki í þessu ef mér fyndist þetta ekki gaman. Ég hef verið rosalega ánægð, og vonandi á þetta eftir að vera jafn skemmtilegt,“ segir hún.

*sunna@frettabladid.is*






## FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Teitur Jónasson
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

# Vinsælustu grenningarvörurnar - nú fáanlegar!




Thermo DynamX
fitubrennsluhylki

## Tilboð meðan birgðir endast

1 x Thermo DynamX (5 vikna skammtur) kr. **3.995,-**
2 x Thermo DynamX = kr. **6.990,-** (**3.495,-** glasið!)




## Tilboð í febrúar

1 x Myoplex Diet kassi (20 máltíðir) kr. **4.995,-**
3 x Myoplex Diet kassar = kr. **13.485,-** (**4.495,-** kassinn!)

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opnunartímar: Virkir dagar 10-18, laugardagar 11-15. Sendum í póstkröfu.



# borgin mín PARÍS

RÓSA BJÖRK BRYNJÓLFSDÓTTIR fréttakona í París

**BEST VIÐ BORGINA:** Hvað hún er óendanlega falleg og fjölbreytt og hvað það er auðvelt að finna þorpsstemningu mitt í iðandi stórborginni.

**BESTI SKYNDIBITINN:** Crepes, franskar pönnukökur, sem eru fylltar með ýmsu góðgæti.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Persónulega finnst mér margt annað mun rómantískara. Í París eins og annars staðar í heiminum fer það bara eftir því hver er með manni hvort stundin er rómantísk eða ekki. En fyrir þá sem eru ekki sammála mér eru hérna óteljandi litlir sætir veitingastaðir.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Í hverri götu eru litlar „épicerie“ búðir sem eru opnar lengur fram eftir. Þar er hægt að finna allt sem mann vantar á seinustu stundu. Vatn og hágæða ólífur. Geitaost og klósettpappír og svona. Svo eru fornverslanirnar í París yndislegar.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Eftir að borgarstjórinn, Bertrand Delanoe, fékk þá snilldarhugmynd að setja upp svokallaðar hjólastöðvar út um alla borg og leggja hjólastíga út um allar trissur er loksins hægt að hjóla í París. Nú hjóla ég og labba allar mínar ferðir. Svo syndi ég þegar ég get í almennilegri, hreinni franskri sundlaug í 19. hverfi sem er með nuddpottum sem ég tel vera stórkostlegt afrek hjá mér að finna.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ?** París er uppfull af leyndarmálum af ýmsu tagi. Minn leynistaður heitir Yugoslavia og er rekinn af hjónum frá fyrrum Júgóslavíu sem neita að það sé eitthvað til sem heitir Serbía, Bosnía, Króatía eða Svartfjallaland. Staðurinn er eins og serbneskt heimili. Serbneska sjónvarpið á fullu og allir reykja ennþá þótt það sé bannað. Húsfreyjan á heimilinu gefur þér svo heimabakaða kartöfluköku og ýmislegt óvænt því það er enginn matseðill. Eðli málsins samkvæmt vil ég ekki uppljóstra um hvar þessi dásamlegi staður er til húsa.

**DEKRIÐ:** Hammam I Mosque de Paris var seinasta dekrið sem ég leyfði mér. Mæli með góðu Hammam hvar sem er með nuddi, skrúbbi og gufu. Myntute á eftir er nauðsynlegt.

**DRYKKURINN:** Vatn, Café crème og rauðvín.

*Bárður Örn Bárðarson leigubílstjóri er maðurinn á bak við bubbi.is*

# Keyrir um á bíl Ragga Bjarna

Ég hef meðal annars séð um endurútgáfurnar á gömlu plötunum hans og safnplötum fyrir útgáfufyrirtækið Senu,“ upplýsir Bárður Örn Bárðarson, leigubílstjóri og tónlistargúru, en hann er maðurinn á bak við tónlistarvefinn www.bubbi.is. „ Ég efast um að nokkur íslenskur tónlistarmaður eigi jafn umfangsmikinn vef. Bjarkarvefurinn er að vísu mjög flottur en í kringum hann er heilt batterí á meðan á vefnum hans Bubba er það eiginlega bara ég og búið,“ segir Bárður, sem vann vefsíðuna í nánu samstarfi við vefsíður.is. Bárður kynntist Bubba í kringum 1990 þegar Bubbabókin kom út en hann sá um plötuskrárnar í bókinni. Síðan þá hafa þeir átt farsælt samstarf. Bárður er mikið tónlistarnörd og elskar að vinna bak við tjöldin. Hann var einn þeirra sem unnu að tónlistarvefnum Tónlist.is á sínum tíma og vann ákveðið frumkvöðlastarf með því að smíða tónlistaruppflettirit fyrir PC-tölvur. Fyrir þremur árum urðu breytingar hjá Bárði og tónlistarvettvangurinn varð eins konar aukabúgrein. „Tengdamóðir mín var lengi búin að tuða í mér um að taka meiraprófið til að geta leyst tengdaföður minn af á leigubílavaktinni og sú varð raunin. Skyndilega hafði ég tækifæri á að sinna fjölskyldunni meira. Ég sendi konuna í háskólann og get tekið að mér fjölda verkefni og grúskað í tónlistinni.“ Poppstjörnurnar virðast þó elta hann uppi því Bárður keyrir leigubíl Ragga Bjarna. „Ég hef eignast góða vini í leigubílabransanum og því var Ragga bent á mig þegar hann var að leita að kaupanda að bílnum sínum og ég var nú fljótur að stökkva til,“ segir Bárður og hver veit nema hann feti í fótspor forvera síns, syngi á balli og keyri gestina heim að dansleiknum loknum eins og Raggi gerði þegar hann var upp á sitt besta.

*bergthora@frettabladid.is*




„Ég er með plötusafn hérna heima upp á einhverja 10 þúsund titla. Þegar við fluttum í íbúðina hélt konan að hún fengi aukaherbergi fyrir sig en þá var það ég sem fékk það en hún fékk þvottahúsið. Síðan er þriðja barnið á leiðinni og líklega þarf ég að rýma herbergið, þarna eru plöturnar mínar og tölvan mín og allt sem tilheyrir þessu áhugamáli mínu.“


# Skífulistinn topp 20

## Vinsælustu titlarnir

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Jack Johnson | ↑ | Sleep Through The Static |
| 2 | Lay Low | ↓ | Ökutímar |
| 3 | Leona Lewis | ↑ | Spirit |
| 4 | Páll Óskar | ↑ | Allt fyrir ástina |
| 5 | Hjálmar | ↓ | Ferðasót |
| 6 | Mugison | ↓ | Mugiboogie |
| 7 | Ýmsir | ↑ | Pottþétt 45 |
| 8 | Ýmsir | N | Femin 2008 |
| 9 | Radiohead | ↓ | In Rainbows |
| 10 | Álftagerðisbræður | A | Álftagerðisbræður |
| 11 | Villi Vill | ↓ | Myndin af þér |
| 12 | Mars Volta | ↓ | The Bedlam In Goliath |
| 13 | Hot Chip | N | Made In The Dark |
| 14 | Led Zeppelin | ↓ | Mothership |
| 15 | Ýmsir | A | 100 íslensk barnalög |
| 16 | Sigur Rós | A | Hvarf / Heima |
| 17 | Ellen Kristjánsdóttir | ↓ | Einhversstaðar einhverntíma |
| 18 | Eivör | A | Human Child/Mannabarn |
| 19 | Eagles | ↓ | Long Road Out Of Eden |
| 20 | Hjaltalín | ↓ | Sleepdrunk Seasons |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

### VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Ratatouille |
| 2 | Family Guy Blue Harvest |
| 3 | Næturvaktin |
| 4 | Superbad |
| 5 | Astrópía |
| 6 | Simpsons The Movie |
| 7 | Shoot'em Up |
| 8 | I Now Pron. You Chuck & Larry |
| 9 | Bring It On - In it to win it |
| 10 | Secret, The - íslenskt |
| 11 | La vie en rose |
| 12 | Fóstbræður Season 1 |
| 13 | Top Gear |
| 14 | Grettir í Raun |
| 15 | Fóstbræður Season 2 |
| 16 | American Pie: Beta House |
| 17 | Bourne Ultimatum |
| 18 | Jungle Book - Ísl.tal |
| 19 | Hákarlabeita |
| 20 | No Reservations |

Listinn gildir 15.- 22. febrúar 2008














Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N



HEIMSFRUMSÝNING Í BORGARLEIKHÚSINU
AÐEINS SÝNT Í FEBRÚAR OG MARS
EKKI MISSA AF ÞESSARI SÝNINGU
AÐEINS 30 SÝNINGAR Á ÍSLANDI
LEIKRITIÐ
Kommúnan
ELENA ANAYA
ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
GAEL GARCIA BERNAL
RÚNAR FREYR GÍSLASON
SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR
ATLI RAFN SIGURÐARSON
NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR
ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON
Fös. 15. feb. UPPSELT
Lau. 16. feb. UPPSELT
Mán. 18. feb. UPPSELT
Þri. 19. feb. UPPSELT
Fim. 21. feb. UPPSELT
Fös. 22. feb. UPPSELT
Lau. 23. feb. UPPSELT
Sun. 24. feb.
Mán. 25. feb
Þri. 04. mar.
Mið. 05. mar.
Fim. 06. mar.
Fös. 07. mar.
LEIKSTJÓRI GÍSLI ÖRN GARÐARSSON
Kommúnan er grátbrosleg kómedía sem skartar frábærum leikurum. Unnið upp úr kvikmyndinni Tillsammans eftir Lucas Moodysson
LEIKSTJÓRN OG LEIKGERÐ Gísli Örn Garðarson LEIKMYND Börkur Jónsson
www.myspace.com/togethertheplay www.vesturport.com
Landsbankinn
VesturPort
BORGARLEIKHÚSIÐ



Töskur Hrafnhildar hafa slegið í gegn en þær eru meðal annars seldar hjá hönnuðnum STEINUNNI á Laugavegi



Svört og elegant. Þessi er fullkomin á ballið eða bara þegar mikið liggur við.

*Hranhildur Guðrúnardóttir fatahönnuður*

# Íslenskur hönnuður í útrás

Ég er á leiðinni á sölusýningu í Tókýó þar sem ég verð með sýningarbás en við förum sex íslenskir hönnuðir á vegum útflutningsráðs, ég, Telma Design, Sruli, Ásta Creative Clothes, Dead og Mundi. Eftir það fer ég síðan til Parísar og verð þar með sýningarbás ásamt Telmu Design,“ sagði Hrafnhildur Guðrúnardóttir fatahönnuður þegar blaðið rétt náði í skottið á henni á leið út í hinn stóra heim. Hönnun Hrafnhildar hefur notið mikilla vinsælda hér á klakanum en hún selur hönnun sína í verslunni Trilogiu og hjá Steinunni á Laugaveginum. „Í seinni tíð hef ég sérhæft mig í töskuhönnun, sem ég hefði ekki getað ímyndað mér að yrði raunin þegar ég byrjaði í fatahönnuninni og það hefur komið mér skemmtilega á óvart. Töskurnar hafa verið mjög vinsælar og nú í vetur hef ég varla getað annað eftirspurn,“ segir Hrafnhildur en hún hefur verið á fullu síðasta mánuðinn við að undirbúa sölusýningarnar. „Þetta er búin að vera rosa mikil vinna en ég er svo heppin að eiga góða að bæði vini og fjölskyldu sem hafa lagt hönd á plóg. Án þeirra hefði ég ekki getað gert þetta,“ bætir Hrafnhildur við. Hrafnhildur útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2004 og hefur meðal annars unnið við búningahönnun og stílisteringar við auglýsingar. „Draumurinn er að geta einbeitt sér algjörlega að hönnuninni og lifað á henni í framtíðinni en fram að þessum vetri hef ég þurft að gegna öðru starfi meðfram hönnuninni sem er til lengdar afar slítandi. Vonandi fer þetta þó eitthvað að breytast núna til frambúðar,“ segir Hrafnhildur að lokum. Nú er bara að vona að töskurnar eigi eftir að leggja heimsbyggðina undir sig.



Hrafnhildur Guðrúnardóttir

*bergthora@frettabladid.is*



## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Ellý Ármanns ofurbloggari og sjónvarpskona.*

„Í kvöld ætla ég að plata Frey kærastann minn með mér að sjá leikritið Sólarferð eftir Guðmund Steinsson á Stóra sviði Þjóðleikhússins en það er í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Laugardagurinn verður væntanlega notalegur með börnunum. Annars eru sunnudagskvöldin í uppáhaldi hjá mér því þá eldar Freyr villilambalæri kryddað með ferskum íslenskum kryddjurtum, rósmarín, hvítlauki og blóðbergi. Ég fæ vatn í munninn við tilhugsunina. Og sósan, hún klikkar aldeilis ekki.“

G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Nýjar vörur

Flottust



G-STAR RAW DENIM

RAW DEFENDER

RAW DENIM 3301

marc newson

g-star.com

opið föstudag 11-18.30 og laugardag 11-17

© 2007 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

Stella Nova | Lee | Wrangler | Rosanna Julie | a pair | GK Reykjavík
Burberry | Filippa K | Patrizia Pepe | Sport Max | Calvin Klein | Annhagen | Rutzou

# 80% afsláttur af öllum vörum

**NOKKRIR DAGAR EFTIR AF ÚTSÖLUNNI**



**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

# Löðrandi lúxus

*Við Strikið er að finna eina vinsælustu hárgreiðslustofu borgarinnar, Loft Salon. Þangað flykkist fræga fólkið til að láta dekra við sig. Marta María Jónasdóttir heimsótti tvo af eigendum stofunnar, Hreiðar Árna Magnússon og Jóhann Tómas Sigurðsson og komst að því að svona lúxus gerir lífið ennþá skemmtilegra.*



**Meðan kúnninn er í stólnum er honum boðið upp á kampavín, hvítvín, kaffi eða koníak. Þeir segja að fólk borgi ekki fyrir drykkinn sérstaklega og vilja ekki meina að klippingin kosti meira vegna drykkjanna. Þetta sé líka auðveldara í Danmörku þar sem vín kosti brot af því sem það kostar á Íslandi.**

Leiðir Hreiðars Árna Magnússonar og Jóhanns Tómasar Sigurðssonar lágu fyrst saman þegar sá fyrrnefndi byrjaði að læra hárgreiðslu hjá móður þess síðarnefnda, Elsu Haraldsdóttur, sem er þriðji eigandi Loft Salon. Þetta var árið 1986 þegar hver einasta kona var með permanent og mikill uppgangur í hárgreiðslugeiranum. Jóhann ætlaði aldrei að fara út í neitt sem tengdist hárgreiðslunni en núna rúmum 20 árum síðar hafa þeir félagar sameinað krafta sína og opnað hárgreiðslustofuna Loft Salon ásamt Elsu. Stofan er staðsett í hjarta Kaupmannahafnar, Galleria K húsinu, og opnaði í október 2006.

Loft Salon er engin venjuleg hárgreiðslustofa heldur samruni hugmynda um hárgreiðslustofu, bar og kaffihús. Þar hittast vinkonur yfir drykk og láta dekra við sig, gefa sér góðan tíma í að láta nostra við hárið á sér meðan þær spjalla, sötra kampavín eða fá sér „boost“ orkudrykki. Þrátt fyrir allan lúxusinn og þægindin er verðlagið ekki hærra en á öðrum hárgreiðslustofum í Danmörku. Jóhann segir að hann hafi komið að máli við Redken í Danmörku árið 2005 og kannað möguleika þess að opna hárgreiðslustofu í Danmörku. Hárgreiðslustofu sem væri jafnframt hótelbar eða móttaka. Þrátt fyrir að hafa aldrei ætlað að vinna við hárgreiðslufagið gat hann ekki við það staðið þegar hann sá það sem er að gerast í hárgreiðsluheiminum. Annars vegar samruni hugmynda, svo sem hárgreiðslustofu og hótelbars, og hins vegar viðskiptalausn sem hentar rekstri hárgreiðslustofa.

„Við flugum til Bandaríkjanna til að kynna okkur hugmyndir hjá stærsta ráðgjafarfyrirtækis í heimi hárgreiðslunnar. Við sáum að þær viðskiptahugmyndir sem þeir fóru yfir voru í fullkomnu samræmi við okkar. Mamma sagði við mig að hún hefði gert þetta nákvæmlega svona ef hún hefði vitað þetta fyrir 20 árum,“ segir Jóhann. Hann segir að það séu sömu meginvandamálin í hárgreiðslu alls staðar í heiminum og því hægt að taka hugmyndir frá Bandaríkjunum og aðlaga þær öðrum mörkuðum. „Ég fékk áhuga á þessu út af viðskiptahliðinni, að gera rekstur hárgreiðslustofu að fyrirtæki. Það er ákveðin hringiða í hárgreiðslubransanum sem við viljum breyta. Fólk útskrifast úr skóla og fer að vinna á góðri stofu. Næsta skref er oft að kaupa stofuna sem það vinnur á eða opna sjálft aðra stofu. Það ræður til sín fólk og vinnur og vinnur og svo fer fólk að fara frá því og gera nákvæmlega sömu hluti og það gerði sjálft. Ástæðan fyrir því að þetta gerist er sú að viðkomandi er góður í því að klippa en hefur hugsanlega komið minna að fyrirtækjarekstri. Það kerfi sem við vinnum eftir hjá Loft byggir á þessu og leggur áherslu á að kenna hárgreiðslufólki að reka hárgreiðslustofu sem fyrirtæki. Þannig byggir Loft á skýrum markmiðum fyrir alla starfsmenn og árangurstengdu kerfi. Þannig liggur alltaf fyrir, svart á hvítu, hvernig starfsmenn geta farið frá því að vera nemi á fyrsta ári til þess að verða meðeigandi. Okkar markmið er að aðstoða okkar starfsmenn við að ná þessu markmiði. Þessi hugsun fannst mér heillandi,“ segir Jóhann.

Hreiðar kannast vel við hringrásina sem Jóhann er að tala um en hann lærði á Salon VEH og svo stofnaði hann Salon Reykjavík með Arnari Tómassyni. Þeir voru viðskiptafélagar þangað til í hitteðfyrra þegar Hreiðar ákvað að taka þátt í Kaupmannahafnarævintýrinu. Hann fluttist til Kaupmannahafnar sumarið 2006 og tók þátt í uppbyggingunni á stofunni og stýrði henni þangað til núna í haust. Um áramótin keyptu Hreiðar, Jóhann og Simbi stofuna Salon VEH af Elsu, móður Jóhanns. Áætlunin er að fara með Salon VEH sömu leið og Loft Salon. En hvernig skyldu þeir fara að því að vera með starfsemi í tveimur löndum? „Við erum með teymi Dana sem stýrir Loft Salon og sér um daglegan rekstur. Við sjáum um stýringu og almenna þróun og svo erum við með tölvukerfi sem gerir það að verkum að við getum fylgst með því sem er að gerast í Danmörku þegar við erum á Íslandi,“ segir Jóhann en hann og Hreiðar fara mánaðarlega til Kaupmannahafnar til að fara yfir stöðu mála, halda fundi og fylgjast með öllum smáatriðum. „Ef ég hefði fengið svona tilboð eins og við erum að bjóða okkar fólki í dag þá hefði ég aldrei hætt neins staðar og ætti sjoppuna einn. Þetta minnir mig svolítið á myndina Pay it Forward með Kevin Spacey, þar sem maður miðlar sinni þekkingu til annarra og hjálpar þeim að vaxa og dafna. Þetta er fallegur hugsunarháttur,“ segir Hreiðar og Jóhann bætir því við að þeir séu ekki að þessu fyrir sjálfa sig heldur af hugsjón. „Ég hef mína vinnu og Hreiðar hefur meira en nóg að gera,“ segir Jóhann. „Við erum að þessu til að sýna fram á að það sé hægt að reka hárgreiðslustofu sem fyrirtæki sem skilar hagnaði. Því betur sem starfsfólkið hefur það því betur líður kúnnanum og því minni áhyggjur höfum við,“ segja þeir.

Redken Loft byggir á því að blanda saman hárgreiðslustofu og hótelbar þar sem mikið er lagt upp úr fallegu umhverfi. „Þegar við byrjuðum fengum við frumgerð að stofu til að gefa okkur hugmynd hvernig þetta gæti litið út. Við sýndum arkitektinum hugmyndirnar og lögðum áherslu á að blanda þessu saman við hótelbar-fíling. Kristján Garðarsson arkitekt á heiðurinn af stofunni í samvinnu við Þorvald Skúlason. Við viljum að hárgreiðslustofan sé lifandi staður þar sem fólk getur droppað við, fengið sér bjór eða orkudrykk og látið kannski bara þvo á sér hárið,“ segir Jóhann. Þeir fara eftir ákveðnu viðskiptamódeli sem byggist á árangurstengingu sem geri það að verkum að fólk vill vinna. Þegar þeir eru spurðir að því hvort Danir séu ekki latir segja þeir svo ekki vera. „Danir eru ákaflega duglegt fólk og vinnusamt. Það er á fullu á meðan það er í vinnunni en það þýðir ekkert að hringja í það og biðja það um að vinna aukavinnu. Þegar Danir eru í fríi eru þeir helst með slökkt á símanum sínum,“ segir Hreiðar og bætir því við að Íslendingar gætu lært margt af þeim.

#### Klippingin kostar meira í Köben

Miðað við glæsileika stofunnar þá hlýtur þetta að hafa kostað mikla peninga. Þegar þeir eru spurðir að því játa þeir að þetta hafi alls ekki verið ódýrt. „Jú jú, þetta kostaði peninga. Það kostar peninga að gera fallega hluti. Þetta er allt í rétta átt og við erum bjartsýnir á framhaldið,“ segir Jóhann. Þegar ákveðið var að opna Loft Salon í Kaupmannahöfn voru þeir hvorki með starfsfólk né viðskiptavini. Þeir gengu því algerlega blint í þetta verk. „Við hefðum aldrei gert þetta á Íslandi, að opna stofu án þess að hafa kúnna eða starfsfólk,“ segir Hreiðar og brosir. „Við settum bara skilti í gluggann „OPIÐ“ og treystum því að fólkið myndi streyma að,“ segir Jóhann.

Þeir félagar eru greinilega fæddir undir lukkustjörnu því ekki leið á löngu þar til fólk fór að streyma að. Danska pressan hafði líka gríðarlegan áhuga á Loft Salon en síðan stofan opnaði hafa birst umfjallanir um stofuna í dönskum fjölmiðlum og þotulið Kaupmannahafnarborgar hefur flykkst þangað í klippingu og dekur. Hreiðar og Jóhann vilja þó ekki gera mikið úr því og segja að Loft Salon sé fyrir alla. „Danir eru mjög vanafastir og það tekur smá tíma að venja þá við þá hugmyndafræði sem við bjóðum upp á. Það er að segja að hárgreiðslustofa sé staður þar sem hægt sé að koma til að slappa af, njóta þess að vera til, staður til að vera á. Klippingin er þó ekki dýrari á Loft en á öðrum stofum í Kaupmannahöfn, en hún er dýrari en á Íslandi. Við erum alls ekki dýrasta stofan í Kaupmannahöfn og leggjum áherslu á bestu þjónustu án þess að vera dýrastir,“ segir Jóhann og Hreiðar bætir því við að kúnnahópurinn sé aðallega fólk sem vinnur í miðbænum eða er mikið í bænum auk þess sem Íslendingum finnst gott að líta við á leið sinni um miðbæinn, fá hárþvott og blástur, þegar það er í helgarferðum.

#### Danir strákar eru djarfari

Síðustu ár hafa Íslendingar verið mikið í fjölmiðlaumræðunni í Kaupmannahöfn og innrás Íslendinganna fer fyrir brjóstið á sumum Dönum. „Við höfum ekki verið að flagga því að við séum Íslendingar og að sama skapi höfum við ekkert auglýst stofuna á Íslandi,“ segir Jóhann. „Fókusinn að þetta sé íslensk stofa er ekki til. Það koma þó íslenskir kúnnar inn,“ segir Hreiðar. Þeir segja að það sé töluverður munur á Íslendingum og Dönum sem kúnnum. „Íslenskar konur vilja sjá meira fyrir peninginn. Þær vilja meiri klippingar og djarfa liti, danskar konur vilja hins vegar ekki stórt hár eða djarfa liti, þær vilja vera náttúrulegri. Það



**AÐ MATI HREIÐARS OG JÓHANNS:**

*Uppáhaldsbarinn:* Ruby kokteil bar og Laundromat cafe.

*Best við borgina:* Mannlífið og rólegheitin.

*Besti skyndibitinn:* Dönsk pylsa klikkar aldrei.

*Líkamsræktin:* Að ganga eða hjóla um borgina.

*Besta afslöppunin:* Sól í almenningsgarðinum á góðum sumardegi eða á ströndinni.

*Uppáhaldsverslunin:* Illum, enda við hliðina á stofunni.

*Drykkurinn:* Danskur öl er besti bjór í heimi, sér í lagi á Palaæ bar.

congress
REYKJAVÍK
Ráðstefnuþjónusta
Engjateig 5
105 Reykjavík
Sími: 585 3900
www.congress.is

# ráðstefnur

FÖSTUDAGUR 15. FEBRÚAR 2008



Krókódíll
**í Grímsá í Borgarfirði**
BLS. 8




NORDIC PHOTOS/GETTY



# Úlfaldaferð í eyðimörkinni

**Fyrirtæki leita í æ ríkari mæli út fyrir landsteinana á ráðstefnur og fundi og til að halda árshátíðir. Fyrirtækið Eskimos hefur veg og vanda af því að skipuleggja slíkar ferðir.**

„Að mörgu þarf að huga ef gera á ferðina einstaka, þetta er ekki bara spurning um flug og gistingu," segir Friðrik Bjarnason, eigandi ævintýrasmiðjunnar Eskimos sem skipuleggur hvataferðir, árshátíðir og ýmsar aðrar uppákomur. Nýjast á döfinni hjá fyrirtækinu er að bjóða upp á fyrirtækjaferðir handan Atlantshafsins.

„Við sinnum þessu öllu, hvort sem um er ræða lúxus hvata ferðir, árshátíðir, vinnufundi eða skemmtiferðir og sjáum um heildarskipulag á slíkum verkefnum," segir Friðrik aðspurður hvers konar ferðir Eskimos einblíni helst á.

„Þetta er spurning um að meta þörf neytandans. Stundum veit hópurinn ekki alveg hvað hann vill og þá er það okkar að benda á alla möguleika og búa til eins skemmtilegan pakka og efni og aðstæður leyfa."

Þegar blaðamaður biður Friðrik um að nefna ferð sem fyrirtækið hefur staðið fyrir tekur hann sem dæmi flug til Marrakesh í Marokkó. „Við leigðum einkaflugvélar og notuðum nóttina til að koma öllum á staðinn. Þannig þarf fólk ekki að eyða dagsbirtunni í ferðalag og nær einfaldlega fegurðarblundi um borð, mun meiri tíma á staðnum og nýtur ferðarinnar betur."

Friðrik segir að öllum gestunum hafi síðan verið komið fyrir á fimm stjörnu hóteli og að ýmsar uppákomur hafi verið skipulagðar. „Í raun var þetta óvissuferð í leiðinni því við komum fólkinu sífellt á óvart með flugi í loftbelg, eyðimerkursafarí, úlfaldaferð og fleiru."

Hvataferðir þurfa ekki að vera jafn stórar í sniðum og ferðin til Marokkó. Sumum nægir að ferðast til nálægra borga Evrópu og upplifa skemmtilega stemningu í London eða Kaupmannahöfn, en Eskimos hefur einnig veg og vanda af því að skipuleggja slíkar ferðir.

„Við hönnum þetta alltaf að hópnum og það er alveg ljóst að það eru ekki allir að leita eftir arabísku þema með magadansmeyjum og eldgleypum en eitt er víst að slíkar hvataferðir eru meira en góð hvatning fyrir hópinn, því þetta er upplifun sem enginn gleymir."

Þannig að nú er bara að fara á fund með yfirmanninum og benda á að fyrir næstu ráðstefnu dugi ekkert minna til en einkaþota og úlfaldaferð til að skapa réttu stemninguna.

*-kk*



Friðrik Bjarnason og Herbert McKenzie frá fyrirtækinu Eskimos, sem skipuleggur hvataferðir, árshátíðir og fyrirtækjaferðir til útlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Eskimos stóð nýlega fyrir ferð til Marrakesh í Marokkó.



Gestirnir gistu á fimm stjörnu hótel meðan á dvölinni stóð.



Ferðin var í aðra röndina óvissuferð þar sem hvert ævintýrið rak annað.




# Réttar græjur nauðsynlegar

**Þegar velja á græjur fyrir fundi eða ráðstefnur er um að gera að leita til sérfræðinga, að sögn Ingólfs Magnússonar framkvæmdastjóra leigusviðs Exton.**

„Þetta er alltaf spurning um réttu græjurnar," segir Ingólfur Magnússon, framkvæmdastjóri leigusviðs Exton, kokhraustur. „Auðvitað þarf að sjá til þess að þetta sé allt saman rétt tengt og margsinnis skoða hvort þetta virkar áður en uppákoman á sér stað, en réttu græjunar þurfa að vera til staðar."

Exton hefur sérhæft sig í að koma réttu ljósi, hljóði og mynd uppsettu og til skila í minni háttar hádegisfundum, á stórum ráðstefnum, tónleikum og öllu þar á milli síðastliðin fimmtán ár en hjá fyrirtækinu vinna 30 starfsmenn. Sjálfur hefur Ingólfur starfað í bransanum í allt of mörg ár eins og hann orðar það sjálfur, við uppsetningu á öllum mögulegum tegundum tækja og tóla, og talar af reynslu þegar hann segir að gera þurfi ráð fyrir ýmsu eigi ráðstefnur að ganga snurðulaust fyrir sig. Enda vill enginn lenda í því að fá hljóðskruðninga eða daufa mynd af kynningarmyndbandi á miðjum fundi.

Ingólfur segir því best að kalla til sérfræðinganna til að meta hverja uppákomu fyrir sig, þar sem enginn atburður sé eins að umfangi og margir möguleikar í boði.

„Það nýjasta frá okkur er hin svokölluðu LED vídeóteppi sem varpa allt öðru ljósi á ráðstefnur og tónleika," nefnir hann sem dæmi, en LED teppi virka eins og net af ljósum og búa einnig yfir þeim möguleika að geta varpað lifandi myndum. „Þessi ljós hafa vakið mikla athygli og eru mikið notuð í dag við margs konar tækifæri. Gott er þó að veggplássið sé nóg svo að hið sjónræna fái að njóta sín."

Þá segir hann mikilvægt að skoða myndvarpa vel áður en lagt er af stað, nauðsynlegt sé að vita hvert ljósmagnið er í herberginu, hvort varpa skuli aftan frá, ofan eða neðan og svo framvegis. Flestir myndvarpar sinna því hlutverki ágætlega í dag en séu auðvitað jafn mismunandi og þær eru margar.

„Annað sem gerir þennan bransa svo skemmtilegan er möguleikinn á að forrita uppákomuna fyrirfram í tölvu," bendir Ingólfur á. „Við höfum ýmis forrit sem geta teiknað upp viðburðinn, með öðrum orðum borðaskipan, stærð og staðsetningu sviðs, leikljóss og fleira."

*-kk*



Ingólfur hjá Exton, eða Golli eins og hann er gjarnan kallaður, segir réttar græjur lykilþáttur í því að ráðstefnur og fundir gangi snurðulaust fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Velkomin

**Höfum opnað eftir frí. Fullt af skemmtilegum hugmyndum á nýju ári**

**Opnunartímar:**

| | |
|---|---|
| **Bar:** | frá kl. 17 alla daga |
| **Veitingasalur:** | frá kl. 18 alla daga |
| **Delicatessen:** | kl. 11-18:30 virka daga,<br>kl. 13-17 á laugardögum |

MATUR ÚR HÉRAÐI

Komdu norður!



Friðrik V
*veitingamaður*



Arnrún
*framkvæmdastjóri*



Hallgrímur
*yfirmatreiðslumaður*



Sigmar
*yfirframreiðslumaður*



Guðmundur
*matreiðslumeistari*



Margrét
*skrifstofustjóri*

**RESTAURANT** FRIÐRIK V **DELICATESSEN**

KAUPVANGSSTRÆTI 6 - 600 AKUREYRI - SÍMI 461 5775 - FRIDRIKV@FRIDRIKV.IS - WWW.FRIDRIKV.IS

EFFEKT - www.effekt.is

# Sterkir pólar við upphaf og endi

**Jón Hákon Magnússon, stofnandi og framkvæmdastjóri KOM, elsta almannatengslafyrirtækis á Íslandi, segir að mörgu þurfi að huga þegar skipuleggja á ráðstefnur og fundi. Misheppnuð ráðstefna geti hreinlega lagt orðspor fyrirtækja, samtaka eða stofnana í rúst og því sé öruggast að kalla einhverja fagmenn til verksins.**



Jón Hákon Magnússon, stofnandi og framkvæmdastjóri KOM almannatengsla, segir að Íslendingum hætti til að bíða fram á síðustu stundu og ætli svo að redda hlutunum. Það sé mjög slæmt þar sem fyrirtæki geti eyðilagt orðsport sitt ef ráðstefna sem það heldur utan um misheppnast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ýmislegt þarf að taka með í reikninginn þegar skipuleggja þarf ráðstefnur eða fundi, eins og blaðamaður Fréttablaðsins komst að raun um þegar hann leitaði til svarar hjá fyrirtækinu KOM almannatengslum. Starfsfólk KOM hefur yfirgripsmikla reynslu af því að ná til fólks og fjölmiðla, enda fyrirtækið elsta almannatengslafyrirtæki á Íslandi, stofnað árið 1986, og hefur aðstoðað fjölda fyrirtækja og stofnana við ráðgjöf um framkomu og fjölmiðla.

„Aðalatriðið er að byrja nógu snemma að undirbúa. Íslendingum hættir til að bíða fram á síðustu stundu og ætla svo að redda hlutunum. Það er mjög slæmt þar sem fyrirtæki geta eyðilagt eigið orðspor ef ráðstefna er misheppnuð. Það eru oft litlu atriðin sem öllu máli skipta. Þúfurnar velta hlassinu,“ útskýrir Jón Hákon Magnússon, stofnandi og framkvæmdastjóri KOM almannatengsla, en hann hefur áralanga reynslu af störfum á sviði almannatengsla.

Jón bætir við að gott orðspor sé ein verðmætasta eign hvers fyrirtækis, stofnunar eða samtaka. Miklu máli skipti að gera vel og því geti margborgað sig að fá fagaðila til að koma að verkinu með einhverjum hætti.

„Þegar við komum að ráðgjöf þá er mjög misjafnt hvað við gerum eða hversu mikla aðstoð fyrirtækin vilja,“ segir Jón um að starfsemi Kom.

„Við byrjum á að spyrja hvers eðlis ráðstefnan er og hversu margir þátttakendur koma til með að verða. Þá er leitað að hentugum vettvangi fyrir ráðstefnuna ásamt gistirými og ferðatilhögun ef við tökum skipulagninguna frá a til ö.“

Jón segir tækni oft til vandræða á ráðstefnum og fundum og þótt ýmislegt hafi vissulega breyst til batnaðar síðan KOM var stofnað fyrir 22 árum geti tæknin enn verið vandamál sem þarfnist úrlausnar. Hann rifjar upp atvik þar sem ráðstefnuhaldarar á Kirkjubæjarklaustri lentu í töluverðum vandræðum þegar pera bilaði í myndvarpa en myndvarpar voru hér í eina tíð eitt helsta tækið sem menn notuðu á ráðstefnum.

„Eini maðurinn sem gat fundið nýja peru og lagað lampann var bóndi á svæðinu sem leita þurfti að og eftir tveggja tíma bið var loksins komin ný pera í lampann og fyrirlestrar gátu haldið áfram,“ segir Jón.

„Tæknin getur alltaf brugðist og það er því mjög mikilvægt að hafa hæft starfsfólk og yfirfara alla hluti áður en að ráðstefnu kemur. Það er aldrei gott ef gestir þurfa að bíða meðan verið er að laga og stilla.“

Jón bætir við að eins sé mikilvægt að vanda valið á fyrirlesurum og hafa þá sterka í upphafi og í lokin. Upphaf og endir verði að vera sterkir pólar. *- vaj*







# Food & Fun á landsbyggðinni

## Sælkerahátíð helgina 21. - 24. febrúar

Ellefu hótel og veitingastaðir í öllum landsfjórðungum taka þátt.
Handvaldir íslenskir og erlendir gestakokkar tryggja þér það besta í sælkeramat
á ótrúlegu verði. Allra handa uppákomur; leiklist og lifandi tónlist.

**Lífsstílshátíð sem lífgar upp á skammdegið.**

**Vestfirðir:**
Veitingastaðurinn við Pollinn, Ísafirði ✆ 456 3360

**Norðurland:**
Friðrik V., Akureyri ✆ 461 5775
Sel – Hótel Mývatn, Skútustöðum ✆ 464 4164
Hótel Reynihlíð, Mývatnssveit ✆ 464 4170

**Austurland:**
Hótel Hérað, Egilsstöðum ✆ 471 1500
Hótel Höfn, Höfn ✆ 478 1240

**Suðurland:**
Hótel Rangá, Hellu ✆ 487 5700
Rauða húsið, Eyrarbakka ✆ 483 3330

**Vesturland:**
Hótel Glymur, Hvalfirði ✆ 430 3100
Landnámssetur Íslands, Borgarnesi ✆ 437 1600
Hótel Hamar, Borgarnesi ✆ 433 6600

**Pantaðu borð/gistingu í tíma!**

GLYMUR · ICELANDAIR HOTELS HAMAR · Landnámssetur Íslands · Hótel Ísafjörður · Við Pollinn Sími 456 3360 · Friðrik V. Restaurant Akureyri

Hótel Reynihlíð · Sel - Hótel Mývatn, Mývatn ehf, www.myvatn.is · ICELANDAIR HOTELS HÉRAÐ · HÓTEL HÖFN · HOTEL RANGÁ Luxury Hotel & Dining · rauða húsið restaurant Eyrarbakka

Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board · ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS TRADE COUNCIL OF ICELAND · FLUGFÉLAG ÍSLANDS flugfelag.is · HORNAFJÖRÐUR · Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið · Viðskiptaráðuneytið

Héraðsprent



Rúnar og félagar hans hjá Kokkum veisluþjónustu hafa í nógu að snúast þessa daga. Árshátíða- og fermingarveislutörnin er nú hafin og stendur fram í lok maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Veltur á veitingunum

**Veitingar eru lykilþáttur í velheppnaðri ráðstefnu að sögn Rúnars Gíslasonar hjá veisluþjónustunni Kokkunum.**

Hvort ráðstefnur og veislur heppnast vel eða ekki veltur að stórum hluta á því hvernig veitingar eru í boði. Rúnar Gíslason og félagar hjá veisluþjónustunni Kokkarnir sjá til þess að maturinn hæfi alltaf tilefninu.

Rúnar segir að veisluhaldarar sækist mun meira eftir hollari mat, sem unninn er úr fersku og góðu hráefni. „Okkar matseðlar eru svolítið settir eftir því,“ segir Rúnar. „Sérstaklega þegar fólk er hjá okkur í það langan tíma að við bjóðum upp á fleiri en eina máltíð, þá hugsum við meira um hollustuna.“

Að mörgu þarf að huga þegar halda á veislu eða ráðstefnu þar sem þær eru á öllum tímum dagsins og einnig mislangar að sögn Rúnars. „Í hádeginu reynum við að bjóða upp á hollustu. Þá er til dæmis mjög gott að bjóða upp á ferskan fisk, en með honum pössum við okkur á að hafa grænmetið alltaf með. Ef ráðstefnan stendur yfir allan daginn reynum við að bjóða upp á hollt í fyrra kaffinu og kannski eitthvað sætara í því seinna. Sé ráðstefnan fram á kvöld getum við svo jafnvel haft flotta veislu um kvöldið.“

Rúnar bætir við að sé vín á boðstólum, sé það yfirleitt haft í lokin. „Ef það er búið að vera ráðstefna eða námskeið allan daginn þá er ekki óalgengt að það sé boðið upp á léttvín í lokin, bara til að fá sér smá hressingu áður en dagskrá lýkur. Oft er þetta líka haldið á föstudögum,“ segir hann svo og glottir.

Sveigjanleikinn er í hávegum hafður hjá Kökkunum, þar sem starfsmenn leggja sig fram við að uppfylla þarfir viðskiptavinanna. „Við bjóðum upp á ákveðinn kjarna af matseðlum,“ segir Rúnar. „En svo er það þannig að þriðjungur viðskiptavina okkar vill breyta matseðlinum, sem er bara eðlilegt. Sumir vilja ekki einhvern tiltekinn rétt af einum matseðli og kjósa eitthvað annað girnilegt af einhverjum öðrum matseðli. Við víxlum þá bara réttum fyrir fólk.“

Rúnar segir starfsfólk Kokkanna vinna mjög náið með viðskiptavinum sínum þar sem engin ein forskrift sé fyrir því hvernig halda eigi veislur eða ráðstefnur. „Við setjum bara saman dagskrá fyrir hvern og einn, eftir því sem við teljum að viðkomandi þurfi. Fólk vill líka fá að sjá matseðil fyrirfram; hvað er í boði, hvað hlutirnir kosta og þess háttar. Það vill vita hvað það er að setja ofan í sig.“

*- emh*








FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ljúffeng laxasteik

Rúnar Gíslason og kokkar veisluþjónustunnar Kokkarnir voru svo vinsamlegir að eftirláta lesendum uppskrift að gómsætum og hollum lax ásamt meðlæti sem hentar vel á ráðstefnur og í aðrar veislur.

**GRILLAÐUR LAX Á KARTÖFLU OG MANGÓSALSA MEÐ KARMELAÐRI SÍTRÓNU. (FYRIR 4 PERS.)**

- 200 gr. laxasteik á mann (800 gr)
- 2 msk. olía
- 2 stk. sítrónur, skornar í tvennt
- 2 msk. sykur
- 1 stór bökunarkartafla, flysjuð og skorin í teninga
- 1 stór sæt kartafla, flysjuð og skorin í teninga
- 1 stk. mangó, flysjað og skorið í teninga
- 1 tsk. saxaður rauður chili
- 2 msk. saxaður ferskur graslaukur
- 2 msk. smjör
- salt og pipar eftir smekk

**AÐFERÐ**

Sjóðið kartöfluteninga þar til þeir eru mjúkir. Sigtið og steikið þá síðan upp úr smjöri ásamt mangó og chili. Kryddið með salti og pipar og setjið graslauk saman við.

Takið þá laxinn og setjið olíu á steikur, hitið grillið vel og leggið laxasteikurnar á. Kryddið með salti og pipar. Látið laxinn vera lengi á þessari hlið, eða þar til hann losnar auðveldlega frá teinunum á grillinu. Þá má snúa steikinni og krydda hina hliðina.

Sítrónurnar eru settar í sykurinn (sárið niður) og lagðar niður á pönnu, meðal heitar og karmelaðar (sárið niður). Þetta tekur 1-2 mín.





Frábær aðstaða til ráðstefnu- og fundahalda í Laugum

Fjölbreytt þjónusta tengd fundahaldi:
• Baðstofa • Fyrirlestrar • Einkahóptímar • Hópefli

LAUGAR café
Sími 553 0000
www.laugarcafe.is





Frumsýning 15. febrúar
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
SÓLARFERÐ
eftir Guðmund Steinsson
Leikstjórn: Benedikt Erlingsson
15/2 frumsýn. uppselt
16/2 uppselt
21/2 uppselt
22/2 uppselt
23/2 kl. 16 örfá sæti laus
23/2 uppselt
7/3 uppselt
14/3 örfá sæti laus
15/3 örfá sæti laus
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

# Krókódílar og ráðgátur við Grímsá

**Veiðihúsið við Grímsá í Borgarfirði hefur verið vinsælt afdrep undir viðskiptafundi síðastliðin ár. Þar er líka hægt að finna sér margt annað til dægrastyttingar, svo sem laxveiði og skoðunarferðir um óviðjafnanlega náttúrufegurðina.**

„Við erum með allt sem þarf fyrir fundi og ráðstefnur ásamt heitum potti, gufubaði og staðsett í landslagsperlu svo auðvelt er að sameina vinnutörn og góða slökun að loknum vinnudegi," segir Egill Kristjánsson matreiðslumeistari, sem hefur rekið veiðihúsið við Grímsá síðastliðin sex ár, en það er í eigu fjölskyldufyrirtækisins Stórlax. Þrátt fyrir að Grímsá og veiðihúsið sé helst tengt stangveiði og laxi þá telur Egill að ekki megi gera lítið úr þeim viðskiptum sem fram fari á staðnum og fáir staðir henti betur til árangurs.

„Það eru margir góðir samningar og samrunar sem rekja má hingað. Hér er svo gott að slaka á og árangurinn oft og tíðum meiri og betri en á hefðbundnum fundarstað. Hvort sem fólk kemur hingað til að veiða eða í markvissa vinnuferð með fyrirlestrum og tilheyrandi þá er hér einstök stemning sem skilar sér. Og héðan lekur ekki neitt," segir Egill hress í bragði.

Að sögn Egils er húsið mjög vinsælt allt árið um kring. „Sumarið er tími fyrir veiði, vinnu og veislu. Hér er veisla á hverjum einasta degi allt sumarið. Við leggjum mikinn metnað í að elda góðan mat úr góðu hráefni enda ekki hægt að veita fyrsta flokks mat úr annars flokks hráefni. Stundum er eldað úr ánni en einnig hefur hráefnið komið lengra að."

Hann nefnir til sögunnar fastagesti sem veiða í Afríku og fara með bráðina til Grímsár. „Fyrir þann hóp hef ég meðal annars matreitt krókódíl, antílópur og sebrahest svo eitthvað sé nefnt. En það er ekki daglega á diskum," segir Egill sem greinilega lumar á mörgum ævintýralegum sögum. Hann bætir við að það sem gerist við Grímsána gerist í góðu minni manna og fari ekki lengra. Það sem aðrir fá að sjá og vita sé stundum afrakstur vinnu og tengsla sem gott fæði og næði ná að skapa.

Fyrirtæki og vinahópar geta síðan nýtt veiðihúsið í ýmsar skemmti- og vinnuferðir utan laxveiðitímabilsins. Vinsælt hefur verið að koma á vorin og haustin í sjóbirtingsveiði og er þá jafnvel slegið saman í vinnuferð, veiði og matreiðslukennslu, enda staðarhaldari þekktur fyrir eldamennsku sína. Einnig eru svokallaðar Ráðgátuskemmtanir eða Murder and Mystery mjög vinsælar og er þá oft unnið með Ævintýrasmiðju Eskimos sem útvegar handrit og skipuleggur afþreyingu fyrir hópinn.

*-vaj*



Grímsá í Borgarfirði hefur verið ein eftirsóttasta laxveiðiá landsins frá upphafi stangveiði hér á landi. Áin sjálf og umhverfi hennar er einstaklega fagurt og veiðistaðirnir skemmtilegir og fengsælir. Veiðileyfi eru seld í ána sem nemur 90 dögum hvert sumar og fullbókað er langt fram í tímann. Þeim sem ekki komast í laxveiðina gefst tækifæri til að njóta þess sem staðurinn hefur upp á að bjóða aðra daga ársins.

Veiðihúsið sem þar stendur á sér mikla og merkilega sögu en bygging þess hófst árið 1972. Stangveiðifélagið þótti ætla sér fullstóra hluti þegar lagt var upp með þekktan erlendan arkitekt og 1.000 fermetra hús á teikniborðinu. Miklar deilur sköpuðust um húsið á sínum tíma en það var engu að síður reist og stendur enn. Til að fjármagna lokasprettinn í byggingunni var gripið til þess ráðs að selja veiðileyfi fram í tímann og um tuttugu bandarískir veiðimenn lögðu út 25.000 Bandaríkjadali á mann og tryggðu sér viku veiðileyfi næstu tíu árin. Þar með var fjármögnun hússins borgið. Margir þessara veiðimanna eru enn fastagestir í Grímsá og koma nú í fylgd barna og barnabarna.





okkar vinsæla
Árshátíðarævintýri
Sérsniðið að ykkar óskum

Hvernig væri að bregða undir sig betri fætinum, skreppa út fyrir borgarmörkin og eiga frábært kvöld, þar sem dekrað er við ykkur í mat og drykk.
**Árshátíðarpakkar á frábæru verði** sem erfitt er að standast.
Innifalið í verði er glæsilegur kvöldverður, dansleikur og rútuferðir.
Fjórir glæsilegir salir - allt að 350 manns.
Bjóðum alla hópa velkomna stóra sem smáa, að eiga frábært kvöld í faðmi fjalla... þar sem ævintýrin gerast!





Spennandi umhverfi – frábær þjónusta...

þarft þú að þjappa starfsfólkinu saman og efla starfsandann?
Frábær aðstaða fyrir smærri og stærri hópa.
Endalausir möguleikar í náttúruparadís í faðmi fjalla.
Í aðeins 30 km fjarlægð frá Reykjavík er náttúruperlan Hveradalir, en þar á einu virkasta hverasvæði landsins stendur Skíðaskálinn. Hvort sem halda á fund, ráðstefnu eða árshátíð er Skíðaskálinn í Hveradölum tilvalinn staður.
Útvegum allan búnað, aðgangur að þráðlausri internettengingu, frábær þjónusta, ljúffengur matur og endurnærandi umhverfi.
Bjóðum árshátíðarpakka fyrir stóra og smá hópa á frábæru verði.
Matur, dansleikur, rútuferðir...



Skíðaskálinn í Hveradölum
www.skidaskali.is - Netfang: skidaskali@skidaskali.is
Pantið tímanlega - s. 567 20 20




Fiton/SÍA

# Við höfum eitthvað alveg sérstakt...

Iceland Travel sérhæfir sig í móttöku erlendra ferðamanna, 75% viðskiptavina Iceland Travel eru fastir viðskiptavinir; íslensk fyrirtæki, erlendir ferðaheildsalar og stofnanir hvaðanæva að úr heiminum. Starfsfólkið okkar hefur yfirgripsmikla þekkingu á landinu, góða menntun, tungumálakunnáttu og reynslu á sviði ferðamála. Skipulagning stórra og smárra ráðstefna, hvataferða fyrir fyrirtæki og stofnanir auk alþjóðlegra viðburða og þinga hvers konar er meðal þess sem við búum að úr reynslubankanum.
**Við leggjum áherslu á fagmennsku, lipurð og gæði, hvort sem gesturinn vill halda velheppnaða ráðstefnu, kynnast undrum íslenskrar náttúru og landsbyggðar eða njóta reykvískar sælkeralistar.**

Iceland Travel | Skútuvogur 13A | 104 Reykjavík | Iceland | Sími 585 4300 | Fax 585 4391 | www.icelandtravel.is | conferences@icelandtravel.is

Iceland Travel

# Ísland er land þitt og þeirra sem þangað vilja ferðast

Hlutverk Ráðstefnuskrifstofu Íslands er að markaðssetja Ísland á alþjóðamarkaði sem ákjósanlegan áfangastað til ráðstefnuhalds og hvataferða.

Auk þess ber skrifstofunni að vekja áhuga Íslendinga í alþjóðasamskiptum á að halda ráðstefnur og fundi sinna fagfélaga hér á landi.

Að baki Ráðstefnuskrifstofu Íslands standa Ferðamálastofa, Reykjavíkurborg, Icelandair, flest leiðandi hótel á sviði ráðstefnuhalds og hvataferða auk annarra fyrirtækja, svo sem afþreyingarfyrirtæki, veitingahús og fleiri sem hagsmuna eiga að gæta við ráðstefnuhald og móttöku hvataferða.



Frá því haustið 1997 hefur starfsemi Ráðstefnuskrifstofu Íslands verið hýst hjá Ferðamálaráði Íslands sem jafnframt hefur séð um rekstur hennar samkvæmt samkomulagi við stjórn félagsins. Verkefnastjóri skrifstofunnar er Anna R. Valdimarsdóttir.

Þjónusta Ráðstefnuskrifstofu Íslands er veitt endurgjaldslaust og felst meðal annars í grundvallarráðgjöf á staðsetningu ráðstefnu eða funda, mögulegar dagsetningar, og aðstöðu, framkvæmd, könnun á hvaða þjónustu viðkomandi þarf á að halda vegna viðburðar, tillögur um viðkomandi ráðstefnu og eða viðburð. Ráðstefnuskrifstofan vísar á fagskipuleggjendur sem gera væntanlegum gestgjafa tilboð í framkvæmd og skipulagningu viðburðarins. Hún útvegar stuðningsbréf opinberra aðila, stofnana og hagsmunaaðila sé þess óskað. Auk þess getur skrifstofan annast bréfaskriftir við viðkomandi fagfélag og samtök sé þess óskað, veitt tölfræðilegar upplýsingar og setur upp lista yfir staðfestar ráðstefnur á heimasíðu félagsins, útvegar kynningarefni, kynningarbæklinga, margmiðlunardiska með upplýsingum um fagaðila, myndbönd og almennt kynningarefni.

Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.radstefnuskrifstofa.is *-rh*



Risessan sem þrammaði um stræti Reykjavíkur síðastliðið sumar er dæmi um einkar vel heppnaðan listviðburð sem eflaust verður ræddur á ráðstefnunni í lok febrúar.

## Ráðstefna um viðburði og hátíðarhald

„Nurturing Creativity: contrasts, challenge, change.“ er yfirskrift ráðstefnu sem fer fram í Reykjavík dagana 27.-29. febrúar. Ráðstefnan er á vegum alþjóðlegu samtakanna IFEA sem eru samtök þeirra sem starfa við að sjá um viðburði og hátíðir og er árviss viðburður.

Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum árið 1956 og hafa vaxið mjög. Í dag eru starfrækt sjálfstæð IFEA-samtök í Evrópu, Ástralíu og víðar. Í samtökunum eru fulltrúar frá háskólum, borgum og sveitarfélögum sem og sjálfstæðum hátíðarhöldurum. Samtökin halda stóra ráðstefnu á hverju ári, þar sem hugað er að ýmsum þáttum hátíða og menningarviðburða, dæmisögur sagðar og hátíðir kynntar. Síðast var hún haldin í Aþenu.

Höfuðborgarstofa sótti um fyrir tveimur árum að ráðstefnan yrði haldin hér í Reykjavík og stjórn samtakanna samþykkti það. Til Reykjavíkur eru því að koma um það bil 200 þátttakendur sem allir vinna við viðburði og hátíðir af ýmsu tagi frá bæði Evrópu og Bandaríkjunum til að ræða um hátíðir og viðburði og um leið kynnast Reykjavík og því öfluga menningarstarfi sem hér þrífst.

Nánari upplýsingar og dagskrána í heild sinni er að finna á: www.reykjavik.is. Skráning fer fram á http://ifeaeurope.com/reykjavik/ og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um ráðstefnuna. Frekari upplýsingar veita Ása Sigríður Þórisdóttir (asa@reykjavik.is) og Heiðrún Hákonardóttir (heidrun.hakonardottir@reykjavik.is). *-rh*




Grand
RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkomnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 10 – 470 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir sem henta fyrir stórar sem smáar veislur. Frábær aðstaða fyrir stórsýningar, fjarfundi og beinar útsendingar.

**Við leysum málið**
– upplifðu fagmennsku í ráðstefnu- og veisluhöldum.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

# Landsins glæsilegasta
## ráðstefnu- og sýningaaðstaða







## Fífan og Smárinn

Fífan og Smárinn bjóða eina glæsilegustu sýningaaðstöðu á Íslandi, 14 þúsund fermetra sambyggðar íþrótta- og sýningarhallir sem hýst hafa margar af stærstu vörusýningum sem haldnar hafa verið hérlendis. Þráðlaust netkerfi og aðstaða fyrir minni fundi.

Fífan og Smárinn eru í miðju Kópavogsdals og aðkoma að svæðinu er mjög góð.

Nánari upplýsingar í síma 570 1600.
www.kopavogur.is

## Salurinn

Salurinn í Tónlistarhúsi Kópavogs, einn besti tónleikasalur landsins og hannaður með góðan hljómburð í huga, hefur einnig reynst frábær staður fyrir ráðstefnur, fundi, kynningar og námskeið af ýmsu tagi.

Salurinn tekur 300 manns í sæti og góð veitingaaðstaða er í forrými.

Salurinn er í Borgarholti við Kópavogsgjána.

Nánari upplýsingar í síma 5 700 400.
www.salurinn.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Kópavogsbær
- um þjóðbraut þvera


NORRÆNA
2008
DANMÖRK
Verð frá kr.
29.400,-
Miðað við einn sem ferðast með mótorhjól til Danmerkur og til baka. Gist í svefnpokaplássi og ferðast á lágannatímabili.
Skotland nýr möguleiki
Mótorhjólaferðir
Um Evrópu á eigin bíl
Taktu hjólhýsið með í fríið
FÆREYJAR
Verð frá kr.
17.950,-
Verð frá kr. 17.950 pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í 4m klefa inn. Ferðast á lágannatímabili.
DANMÖRK
Verð frá kr.
25.300,-
Verð frá kr. 25.300 pr.mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í 4m klefa inn. Ferðast á lágannatímabili.
NOREGUR
Verð frá kr.
25.300,-
Verð frá kr. 25.300 pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í 4m klefa inn. Ferðast á lágannatímabili.
Færeyjar
Danmörk
Noregur
Skotland
SMYRIL-LINE
Njóttu lífsins í Norrænu!
AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is
smyril-line.is
SMYRIL LINE ÍSLAND
Norræna
FERÐASKRIFSTOFAN
Betri Stofan



endurspeglar kannski lífsstílinn en Danir eru meira úti en við Íslendingar," segir Hreiðar og Jóhann bætir því við að þær dönsku komi almennt sjaldnar, kannski tvisvar, þrisvar á ári og endurbóki síður. „Konur eru almennt betur til hafðar hárlega séð á Íslandi. Danskir strákar eyða hins vegar miklum peningum í útlitið og fara mjög oft í klippingu. Þeir mössuðu metróið, eru hryllilega mikið stíliseraðir. Þeir eru líka ofboðslega líkir. Íslenskir strákar eru miklu afslappaðri," segir Hreiðar og upp sprettur mikil umræða um karlmenn og snyrtimennsku.

Aðspurðir um hver þróunin sé í rekstri hárgreiðslustofa segir Jóhann: „Það er margt að gerast núna. Til dæmis eru herrastofur að verða miklu stærri hluti af markaðnum. Strákar eru farnir að eyða miklu meiri tíma í að fara í nudd, spa og handsnyrtingu. Þetta á bara eftir að aukast," segir Jóhann. Þegar þeir félagarnir eru spurðir hvort þeir séu svona miklir snyrtipinnar sjálfir þvertaka þeir fyrir það og Hreiðar segist stundum ekki raka sig svo vikum skipti. „Það sem er að gerast, miðað við álagið á vinnustöðum, þá finnur fólk sér leið til að slaka á. Það kaupir slökun og frítíma og þá er frábært að koma á staði eins og Loft Salon þar sem hægt er að slappa af og gleyma amstri hversdagsins." Þeir vilja að fólk gefi sér tíma þegar það kemur á hárgreiðslustofu hvort sem kúnninn kemur í hálftíma eða tvo tíma. „Það er lykilatriði að njóta augnabliksins þegar það er á stofunni í stað þess að bíða eftir því að geta hlaupið út. Við viljum að fólk nái að slappa af, fái sér hvítvínsglas eða orkudrykk og taki jafnvel vini sína með sér á hárgreiðslustofuna," segir Jóhann.

Að nema land í Danmörku og opna þar fyrirtæki er heilmikið mál. Þegar þeir eru spurðir að því hvort þetta hafi ekki vaxið þeim í augum vilja þeir ekki meina það. „Nei, ég held að það sé það íslenska í okkur. Við létum slag standa. Okkur var sagt að Danir væru svipaðir Íslendingum og það hefur verið raunin. Það eru margir hlutir sambærilegir, vinnuumhverfi og tíska. Svo styrkti það stöðu okkar að hafa Redken með sér í liði," segir Jóhann en Loft Salon er flaggskip Redken í Kaupmannahöfn. Þegar viðtalið er tekið er tískuvikan í Kaupmannahöfn að byrja en hárgreiðslufólkið á Loft Salon sér um hárið á fyrirsætum fyrir nokkrar sýningar. Eftir tískuvikuna fer Hreiðar til Parísar þar sem hann drekkur í sig nýjustu strauma og stefnur en bæði Loft Salon og Salon VEH eru hluti af Haute coiffure francaise. Eftir tískuvikuna í París var Hreiðar afar hrifinn.

„Það sem mér finnst og held að verði ofan á í sumar miðað við það sem ég hef séð og upplifað er að dömurnar fara að stytta hár sitt með vorinu. Þetta verður í allskyns útfærslum en þó áfram með síðum toppum. Síða hárið verður frjálslegt með styttum en kannski eru krullur eða liðir aðeins meira á innleið og það kæmi mér ekki á óvart að permanentið færi að koma sterkt inn," segir Hreiðar. Það ætti að henta honum vel enda byrjaði hann í hárgreiðslu þegar hver einasta kona var með permanent og því er hann eiginlega kominn hringinn. En þannig er lífið bara!

*martamaria@365.is*



**SAMRUNI HUGMYNDA** Að sameina hárgreiðslustofu og hótelbar virkar frábærlega. MYNDIR/TEITUR JÓNASSON




# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*



**RÓMANTÍSK BLÓMAHÁR-SPÖNG** eftir Telmu setur punktinn yfir i-ið fyrir árshátíðina, fæst í Trilogiu.



**RÖNDÓTTUR KJÓLL** frá verslun-inni Kron Kron, stór-kostlegur í samkvæmi eða bara við grófar sokka-buxur og flata skó.

*Lífleg hausttíska í Kaupmannahöfn*

# Bleikir kjólar & loðfeldir

Beint á móti íslenska sendiráðinu hélt danska tískudrottningin Malene Birger tískusýninguna sína. Þetta var stærsta fatalínan sem sýnd var á tískuvikunni. Línan hennar Malene Birger snerist um andstæður, klassísk á móti ofurskreyttu, skarpar línur á móti fljótandi formum, handmálað silki á móti dýraprenti. Í bland við hinu klassísku svörtu og gráu vetrartóna var mjög skarpur gulur, bleikur og grænn litur. Aukahlutirnir voru ekki í felum, töskurnar voru ofurstórar, stígvélin upp á læri og treflarnir náðu niður í golf. Glamúr og glæsileiki einkenndi alla sýninguna.

Merkið Baum und Pferdgarten hefur verið að gera frábæra hluti síðustu misserin en það hefur verið selt á Íslandi í nokkur ár. Fyrst í versluninni Dýrinu og nú í Ilse Jacobsen á Garðatorgi. Tónlistin á sýningu Baum und Pferdgarten var bland af dj og orgelleik og tónaði það vel við fötin. Sviðið var ákaflega stórt og fyrirsæturnar notuðu ekki hefðbundið göngulag, stunum gengu þær hratt og svo hægðu þær á sér. Fötin voru kvenleg, blanda af klassískum og nútímalegum formum. Jakkar með rykktum ermum sem voru teknar saman um olnboga, síðar grófar peysur yfir stutta silkikjóla, fallega sniðnar buxur og plíseruð pils. Baum und Pferdgarten sýndu marga fallega liti, djúpgrænan, bland af gráum og gulum tónum, sjóliðabláan og skærbleikan. Efnin voru hreinn lúxus, kasmírull og silki í bland við annað fínerí. Allir gengu út með bros á vör því fötin hjá Baum und Pferdgarten eru fyndin og falleg.

*- ho*



Íslenskar konur þekkja Munthe plus Simonsen en það merki fæst í samnefndri verslun á Vatnsstíg.

Malene Birger hefur aldrei sýnt eins stóra línu. Íslenskar konur geta keypt línuna í versluninni Kultur.





AUTHENTIC
FOSSIL
what Vintage are you?

# heima

*gleði og glysgjörn húsráð*



## BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ

Þessi IKEA-lampi er einn af gullmolunum í ljósadeild verslunarinnar. Þegar hann er kominn í annað umhverfi lítur hann út fyrir að vera hátískuhönnun og vera rándýr. Hann fæst líka í hvítu og svörtu.



**MAH JONG SÓFINN** Franska fyrirtækið Roche Bobois framleiðir þennan dásamlega hippalega sófa sem er engum líkur. Þetta er það sem koma skal, þægindi og hlýlegheit sem eru útfærð á þennan arfa smarta hátt.

# Uppinn flytur út – hippinn flytur inn...





Rósótt efni, röndótt veggfóður, bronslituð ljós og viðarklæddir veggir eru það heitasta í innanhússhönnuninni í dag. Tekkið verður heitara en nokkru sinni fyrr og þeir sem státa af panilklæddum veggjum og hyggjast henda þeim út skulu hugsa málið vel því þetta er að verða aðaltrendið. Retró-hippafílingur kemur í staðinn fyrir mínimalisma. Þegar erlend hönnunarblöð eru skoðuð má sjá litaglöð heimili, túrkíslituð eða bleikmáluð herbergi þar sem skinn eru sett á gólf, pallíettupúðar í rúm og þykkar gardínur þekja gluggana. Húsgögnin eru fyrst og fremst þægileg. Síðustu ár hefur þjóðin kosið ofurstíliserað híbýli en nú er að verða breyting á, svart og hvítt víkur fyrir hlýjum litum. En hvað gera þeir sem vilja losna undan ofursmartheitunum í býtti fyrir þægindi? Byrjaðu á því að veggfóðra einn vegg í stofunni. Rókókó-veggfóður er þó á algerum bannlista, veldu rendur eða blómamynstur. Þú gætir líka parkettlagt einn vegg með grófu efni eða látið bólstra vegginn. Fer eftir stemningu á hverju heimili. Settu fullt af púðum í leðursófann þinn og hafðu þá í hlýrri litapallettu. Sebrahestur eða kúaskinn eru alltaf klassísk á gólfið. Í leiðinni væri ekki úr vegi að koma við í Fríðu frænku eða Góða hirðinum og fjárfesta í sérstöku húsgagni sem þú gætir látið bólstra. Til að setja punktinn yfir i-ið má setja glamúrleg ljós í loftið eða glannalega glanspíulampa til að gera þetta að algerri paradís.



**SEBRAHESTUR Á GÓLFIÐ** Bjargar málunum. Skinnið fæst í Hvítlist.



**TOM DIXON LJÓSIN** breyta hverju heimili í skemmtistað. Þau fást í Saltfélaginu.



**SPEGILL ÚR GULLI** gerir kraftaverk. Þessi er úr Tekk Company


MÁLASKÓLINN LINGVA

Fjárfestu í tungumálum!

Lifandi tungumálakennsla

í ítölsku, spænsku, ensku

Litlir hópar og færir kennarar

Við erum við símann núna!

Málaskólinn LINGVA

sími 561-0315, www.lingva.is



Paolo, ítalska



Ásdís, Spænska



Janice, Enska


Gómsætar nýjungar frá Kjörís
Vanilluís með gómsætum Síríus súkkulaðimolum og ljúffengri lakkrís- og kókosfyllingu
Vanilluís með ljúffengum Síríus súkkulaðibitum og gómsætri bananasprengjufyllingu
Vanilluís með ljúffengri piparmyntufyllingu og Síríus súkkulaðibitum
Vanilluís með klassískri konfektkaramellu og Síríus súkkulaðibitum
Síríus
Pipp ís
NÓA
Konfekt ís
Kjörís

# bland

*í gær og á morgun ...*

## HVAÐ GERIR MAÐUR VIÐ 27 BRÚÐARMEYJARKJÓLA?

Kvikmyndin, 27 Dresses, var frumsýnd í gærkvöld. Myndin er stórskemmtileg en hún segir frá Jane sem þráir ekkert heitar en að giftast. Til að svala brúðkaupsþorstanum gerir hún út á að skipuleggja brúðkaup og í framhaldinu tekur hún að sér hið veigamikla starf brúðarmeyjar. En ekki er allt sem sýnist og hlutirnir fara allt öðruvísi en áætlað var. Þetta er mynd sem þú verður að sjá um helgina.



## díana mist



Þessi vika var alveg gjörsamlega að fara með mig. Allir jakkafatahnakkarnir í bankanum annaðhvort á leið til Balí eða nýkomnir úr skíðaferðum og ég fann hvernig afbrýðisemin var farin að ná tökum á mér. Á miðvikudaginn ákvað ég að taka mig taki og fara í jógatíma til að ná innri ró. Auðvitað hefði ég getað fengið smá yfirdrátt í gegnum klíku og skellt mér eitthvert í smáfrí en vandamálið er bara að Garðabæjarvinkonur mínar eru allar í einhverju krakkastússi eða að byggja (eins og það er nú hagsætt núna, not). Restin af klíkunni á engan pening, það höfðu ekki allir vit á að fara í viðskiptafræði. Eftir jógatímann var ég örlítið sáttari, fór heim í bað og dó í sófanum yfir Ljótu Betty og vaknaði upp með andfælum daginn eftir þegar ég var búinn að missa af einkaþjálfaranum sem ég átti að vera hjá klukkan 06.15. Fokk.



**FIMMTUDAGUR 7. FEBRÚAR**

Eftir vinnu fór ég niður í Sævar Karl til að reyna að kaupa mér smá hamingju. Þegar ég var komin í bleikan glansjakka og rauðan Pradakjól og opna skó rankaði ég við mér, klæddi mig aftur í vinnufötin og skilaði afgreiðsludömunni fötunum. Auðvitað hefði Prada-kjóllinn verið málið ef það hefði ekki verið skafrenningur og skaflar úti. Fyrst ég var komin niður í bæ ákvað ég að fara á kaffihús, lesa tímarit og hafa það gott. Þegar ég labbaði inn á Sólon gekk ég beint í flasið á fyrrverandi sem var með sturluðu týpuna í bandi (þessa sem hann barnaði í grímupartíinu). Andskotinn, þarna gat ég ekki varið mig og án þess að blikna setti ég upp sparibrosið, leit á þau og sagði smeðjulega: Sssæææææl. Eftir þessa skelfilegu lífsreynslu pantaði ég mér stóran bjór og hamborgara og slafraði þessu í mig meðan ég hugsaði um hvað ég væri aumkunarverð týpa.

**FÖSTUDAGUR 8. FEBRÚAR**

Ég gat ekki beðið eftir því að losna úr viðskiptavitleysunni og fá mér smá kampavín með saumaklúbbnum úr atvinnulífinu. B5 stendur alltaf fyrir sínu þegar skvísurnar hittast. Ég batt miklar vonir við að fá daðurslegt augnaráð, bara frá einhverjum, eða að fá kampavínsflösku senda á borðið frá leyndum aðdáanda. Ó, nei, sú varð ekki raunin. Ekkert nema einhverjir blankir plebbar sem áttu pening í fyrra en eiga varla fyrir kaffi núna. Maður nennir sko ekki að púkka upp á svoleiðis aula. Ég fór því heim snemma, en samt nógu full til að senda fyrrverandi sms með tilheyrandi skítkasti. Ætla að vera róleg þessa vikuna eða láta skrá mig inn á Vog ...








**Kápan mín er mér lífsnauðsynleg í kuldanum en ég fékk hana í jólagjöf frá manninum mínum síðustu jól. Hún er með loðkraga sem tónar skemmtilega við háralitinn minn og alltaf þegar ég fer í hana líður mér dálítið eins og frú.**



**Kertastjaki eftir sænsku vinkonu mína Önnu Kraitz er í miklu uppáhaldi en skrautið á kertastjakanum er eftir aðra sænska vinkonu mína Evu Schildt.**



**Borðstofuborðið er þungamiðja heimilis og nýtist okkur á marga vegu en hér sameinast fjölskyldan í leik og starfi.**

**TOPP 10**

# Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður



**Snagi eftir Valgerði Guðlaugsdóttur hönnuð er einn af lykilhlutunum á heimilinu en maðurinn minn gaf mér hann í afmælisgjöf árið 1996.**



**Málverk eftir manninn minn, Sigtrygg Bjarna Baldvinsson en málverkið gaf hann mér í jólagjöf þegar við vorum nýbyjruð að vera saman. Myndin er af hárinu á mér frá því tímabili þegar það var vel ljóst.**



**Japanskur teþeytari, hefur kannski ekki mesta notagildið á heimilinu en ótrúlega fallegur. Ég er heilluð af japanskri menningu og keypti hann í Japan á sínum tíma.**



**Baðkarið er nauðsynlegt á köldum sem heitum dögum en ég kýs það fram yfir sturtuna enda er fátt jafn afslappandi og heitt bað.**



**Bók sem ég fékk í tískuvöruverslun á eyjunni Capri á Ítalíu. Bókin er í raun kynningarefni frá fatahönnuðunum Dries Van Noten og hefur verið afar vinsæl hjá yngstu meðlimum fjölskyldunnar enda er hún skreytt afar litríkum myndum.**



**Ávaxtaskálin er fastur punktur á heimilinu og er full og tóm til skiptis en við hjónin fengum hana í brúðargjöf á sínum tíma.**



**Kaffikannan er okkur hjónunum mjög mikilvæg en úr henni fáum við fullkomið cappuccino, gerðan úr kaffi frá Kaffifélaginu við Skólavörðustíg.**

## KLINGENBERG SPÁIR *Jóhanna Vilhjálmsdóttir*

# *Gifting gæti legið í loftinu*



Jóhanna Vilhjálmsdóttir er fædd 07.12.1970 sem færir henni lífstölluna níu sem gerir það að verkum að hún á auðvelt með að tengjast orku alheimsins og hún hefur sérstaka aðlögunarhæfileika. „Þetta þýðir það að ef Jóhanna færi til Afríku yrði hún að svertingja, ef hún færi í pólitík yrði hún best,“ segir frú Klingenberg og bætir því við að það kæmi henni ekki á óvart ef Jóhanna ætti eftir að láta til sín taka í pólitík.



„Hún hefur þó örugglega engan hug á því akkúrat núna því það hentar henni ekki vel að vera í vinnu þar sem fólk er tilbúið að bíta í barkann af minnsta tilefni. Hins vegar hefur það aldrei velkst fyrir Jóhönnu að fara ótroðnar slóðir með því að fara í gegnum fjallið þótt hún komist í kringum það. Það er ekki til neitt sem heitir snobb í þessari persónu, hún á alltaf eftir að vinna fyrir lítilmagnann. Hún á traust almennings og á eftir að halda áfram í sjónvarpi því þar á hún algerlega heima. Jóhanna er að fara inn í sterka tölu og mun árið breyta lífi hennar en það verður alls ekki áreynslulaust. Mikil spenna á eftir að ríkja í kringum hana en fjölskylduhagir verða góðir og kraftur og samstaða eru þar einkennandi. Gifting gæti legið í loftinu ef Geir er með nógu góð hné til að henda sér á skeljarnar.“

*Jóhanna Vilhjálms er vitur og klár*
*Hún veit hvað hún gerir upp á hár*
*Alþjóð veit að Jóhanna er heit*
*En enginn í sjónvarpi er alveg*
*eins „great“*

# Heilsuleikskólinn Kór

## auglýsir eftir starfsfólki!

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi leitar að:

- **Deildarstjóra**
- **Stuðningi inn á deild**
- **Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki**



Að vinna að uppeldi barna eru forréttindi, að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri. Leikskólinn Kór í Kópavogi er heilsuleikskóli sem opnaði 1. júní 2006. Skólinn er rekinn af Skólum ehf. og er með þjónustusamning við Kópavogsbæ um reksturinn.

Skólar ehf. reka tvo leikskóla. Einn í Grindavík og síðan Kór í Kópavogi. Leikskólinn Kór er heilsuleikskóli og stefnir að því að fá viðurkenningu sem slíkur. Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Kjörorð okkar er „heilbrigð sál í hraustum líkama". Það hefur sýnt sig í rannsóknum á undanförnum árum að heilbrigð lífssýn er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið.

**Verið velkomin í heimsókn á leikskólann Kór að Baugakór 25 í Kópavogi eða hafið samband við Bjarneyju Kr. Hlöðversdóttur leikskólastjóra í síma 570-4940, 897-7891 eða með tölvupósti á netfangið kor@skolar.is.**

**Heilsuleikskólinn Kór**

„heilbrigð sál í hraustum líkama"

Skólar ehf.

www.skolar.is








FEBRÚAR
TILBOÐ
NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN FEBRÚAR
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF EEE PC FARTÖLVUM Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM KR. 28.900.
25DVD DISKAR
25 STK Verbatim 16x DVD+R diskar Hvergi á betra verði!
1.890
iP4500 FRÁ CANON
Mest seldi prentari á íslandi á ótrúlegu verði
9.990
500GB SPILARI
Frábær margmiðlunarspilari með 720P Upscaling ofl. ofl.
19.900
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

ÆSKÞ

**Aðalfundur Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar verður haldinn mánudaginn 10. mars kl. 17:00 í Vídalínskirkju í Garðabæ.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Að fundi loknum verður boðið upp á kvöldverð í Safnaðarheimili kirkjunnar.

Verið velkomin!

***Stjórnin.***






KFC

**Kentucky Fried Chicken Kópavogi**

Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Einnig vantar vaktstjóra. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**KFC Kópavogi S. 554 4700 eða rut@kfc.is**

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

**NÚNA!**

ERUM MEÐ YFIR TÓLF ÞÚSUND MANNS Á SKRÁ



- SMIÐIR
- RAFVIRKJAR
- PÍPARAR
- MÚRARAR
- VERKAMENN
- FISKVINNSLUFÓLK
- BLIKKSMIÐIR
- JÁRNSMIÐIR
- AFGREIÐSLUFÓLK

BROS 0763/2008

**ER STARFSMANNALEIGA RÉTTA LAUSNIN FYRIR ÞIG?**

Voot starfsmannamiðlun
Hafnargata 90
230 Reykjanesbær
Sími: 420 9500
www.voot.is

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

SÍMI 420 9500 • WWW.VOOT.IS

Icelandexcursions GRAY LINE ICELAND

Iceland Excursions Allrahanda óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf til aksturs hópferðabifreiða og strætisvagna:
Við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um!
Um framtíðarstörf er að ræða.

Allar nánari upplýsingar eru í síma:
***540 1303 / 660 1303***

Eða netfang:
***runar@ruta.is***

Einnig má sækja um á:
***www.ruta.is/atvinnuumsókn***

Iceland Excursions Allrahanda er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi.
Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.



GARÐABÆR KÓPAVOGSBÆR

# AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ OG KÓPAVOGI

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Kópavogs auglýsa hér með kynningu á sameiginlegri tillögu að deiliskipulagi hesthúsabyggðar og keppnissvæðis að Kjóavöllum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

**Tillaga að deiliskipulagi hesthúsa og keppnisleikvangs að Kjóavöllum**

Tillagan miðar að því að á milli núverandi hesthúsasvæða við Andvara og Heimsenda rísi samfelld hesthúsabyggð auk keppnis- og æfingasvæðis, reiðhalla og verslunar- og þjónustubygginga.

Svæðið sem um ræðir er um 79ha að stærð og liggja sveitarfélagamörk Kópavogs og Garðabæjar þvert í gegn um það. Það afmarkast mót norðri af Vatnsendavegi í Rjúpnahæð og af íþróttasvæði í Kórahverfi norðan Heimsenda. Mót austri afmarkast svæðið af Vatnsendahæð, mót suðri af Sandahlíð og mót vestri af skógræktarsvæði Garðbæinga ofan Vífilsstaðavatns.

Vesturhluti nýrrar hesthúsabyggðar á Kjóavöllum mun rísa vestan og norðan við núverandi Andvarasvæði og í hlíðum Rjúpnahæðar og kallast þau Andvarahverfi og Rjúpnahæðarhverfi.

Austurhluti nýrrar hesthúsabyggðar á Kjóavöllum mun rísa sunnan Heimsendasvæðis og í vestanverðri Vatnsendahæð og kallast þau Heimsendahverfi og Vatnsendahæðarhverfi.

Neðan hverfanna, á svokölluðu miðsvæði, er gert ráð fyrir aðalleikvangi Kjóavalla, í skeifulaga formi neðst í miðju dældarinnar. Á miðsvæðinu er einnig gert ráð fyrir tveimur reiðhöllum með millibyggingu, auk 6 byggingarreita fyrir ýmsa verslunar- og þjónustustarfsemi. Þar er m.a. gert ráð fyrir húsnæði fyrir dýralækna, félagsheimili, reiðskóla, ýmsa sérverslun o.fl. tengt hestaíþróttinni. Núverandi reiðvellir neðan við Andvarasvæðið haldast að mestu óbreyttir.

Í dag eru um 23 hesthús á Andvarasvæðinu með um 800 hross og 16 hesthús á Heimsendasvæðinu með um 600 hross. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að til viðbótar þessu geti risið um 135 ný hesthús af ólíkri stærð og gerð fyrir um 2.500 hross. Þannig getur heildarfjöldi hrossa innan Kjóavallarsvæðisins orðið mestur um 3.900 hross þegar svæðið verður fullbyggt. Götur og reiðgötur eru aðskildar, að undanskildum götum í núverandi hverfum Andvara og Heimsenda. Bílastæði eru við hvert hesthús, að lágmarki 5 við hvert hús.
Með gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi eldra deiliskipulag Andvarasvæðis og Heimsendasvæðis.

Tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 vegna hesthúsabyggðar á Kjóavöllum, hverfisverndaðs svæðis umhverfis Grunnuvötn og friðlands Vífilsstaðavatns er kynnt samhliða deiliskipulagstillögunni. Þar er m.a. gerð grein fyrir legu reiðstíga og annarra útivistarstíga í nágrenni hesthúsabyggðarinnar.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á Bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, á Bæjarskrifstofum Kópavogs og á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá 15. febrúar til 28. mars 2008.
Einnig má sjá tillöguna á heimasíðum sveitarfélaganna, www.gardabaer.is og www.kopavogur.is .

Athugasemdum eða ábendingum skal skilað undirrituðum af þeim sem þær gera og skulu þær hafa borist Bæjarskipulagi Kópavogs eða skipulagsstjóra Garðabæjar eigi síðar en klukkan 15.00 föstudaginn 28. mars 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar**
**Smári S. Smárason skipulagsstjóri Kópavogs**

**Tækni- og umhverfissvið**



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# AUGLÝSING UM TILLÖGU AÐ BREYTINGU AÐALSKIPULAGS GARÐABÆJAR 2004-2016

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 samkvæmt skv. 18. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.
Tillagan sem nær til Kjóavalla, umhverfis Vífilsstaðavatns og Grunnuvatna gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

**Kjóavellir**

Hluti af óbyggðu svæði austan og sunnan núverandi hesthúsabyggðar á Kjóavöllum breytist í opið svæði til sérstakra nota þar sem gert verður ráð fyrir stækkun hesthúsabyggðar. Gert er ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu á miðju svæðinu við mörk bæjarfélaganna.
Fyrir breytingu er svæði hestamanna á Kjóavöllum 30 ha en verður 43,1 ha. Hesthúsasvæðið beggja vegna bæjarmarkanna verður því samanlagt tæplega 80 ha.
Til frekari upplýsingar er vísað til tillögu að deiliskipulagi hesthúsabyggðar og keppnissvæðis að Kjóavöllum beggja vegna bæjarmarkanna sem er í kynningu samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags.

**Vífilsstaðavatn og Grunnuvötn**

Vatnsverndarsvæði vatnsbóls í Dýjakrókum verður fellt niður þar sem að ákveðið hefur verið að leggja af vatnsbólið sbr. breytingar á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 sem nýverið hafa verið staðfestar.
222 ha óbyggt svæði umhverfis Grunnuvötn verður hverfisverndað sem hluti af vatnasviði Vífilsstaðavatns, sem útivistarsvæði og vegna menningarminja sem þar er að finna.
188 ha svæði sem nær til hins nýja friðlands Vífilsstaðavatns verður skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.
Skilgreindar eru reið- og útivistarleiðir um ofangreind svæði m.a. reiðleið frá Kjóavöllum að Grunnuvötnum.

Tillagan liggur frammi á Bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 15. febrúar til og með 28. mars 2008. Hún er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 28. mars 2008. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

**Tækni- og umhverfissvið**




*Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

# 30 ÁR ÆVINNAR Í RÚMINU!*

*Meðal Íslendingur lifir í tæp 80 ár og u.þ.b. þriðjungur fer í svefn.




Sá nýjasti og besti frá Leggett




Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

Chiropractic®

Amerísku heilsudýnurnar

**Sú besta**

samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

# Síðustu dagar

## allt að 87.000kr. afsláttur

Einungis fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum og á markaði Hagkaupa Akureyri




**Sófasett** 3+1+1 Nice




**Sófasett** 3+1+1 8181




**Mikið úrval af hornsófum**




**Íslensk framleiðsla**




**Tungusófar í úrvali**

| | VERÐDÆMI | | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| Sófasett 3+2+1 - 6703 | 131.400 kr. | ~~219.000~~ kr. | 87.600 kr. |
| Sófasett 3+1+1 - 6703 | 119.400 kr. | ~~199.000~~ kr. | 79.600 kr. |
| Hornsófi 2+h+2 - 7237 | 169.520 kr. | ~~211.000~~ kr. | 41.980 kr. |
| Hornsófi 2+h+2 - 8169 | 180.000 kr. | ~~225.000~~ kr. | 45.000 kr. |
| Fusite tungusófi | 104.999 kr. | ~~149.999~~ kr. | 45.000 kr. |

Gildir til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

Nýtt kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**1.499** kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns




**2.589** kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Goða gourmet lambafille kryddað




**1.571** kr/kg. áður 2.244 kr/kg.
Goða gourmet ungnautasnitsel




**149** kr/pk. áður 199 kr/pk.
Ávöxtur drykkur 3 tegundir

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 14. febrúar til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

30% afsláttur

Þú sparar 635 kr/kg




**1.481** kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Goða gourmet ungnautagúllas

40% afsláttur

Þú sparar 846 kr/kg



**1.270** kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Goða gourmet nautastrimlar

40% afsláttur

Þú sparar 570 kr/kg




**855** kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Goða gourmet ungnautahakk

# Fyrst í Nettó




**Skyr.is drykkur**
Mangó og ástaraldin - Jarðaberja

**SÖNGVARINN NAT KING COLE LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1965 FJÖRUTÍU OG SEX ÁRA AÐ ALDRI.**

*„Þeir sem vita ekkert um tónlist eru þeir einu sem alltaf eru að tala um hana.“*

***Nat King Cole var virtur bandarískur söngvari og tónlistarmaður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 15. FEBRÚAR 1922

## *Fyrsta konan á Alþingi Íslendinga*

Ingibjörg H. Bjarnason tók sæti á Alþingi Íslendinga þennan dag árið 1922 fyrst kvenna. Áður hafði hún verið ein tólf kvenna sem sömdu frumvarp er flutt var á Alþingi árið 1915 um þörfina fyrir byggingu Landspítala og var formaður Landspítalasjóðs Íslands. Hún var landskjörin og komst á þing fyrir sérstakan kvennalista sem spratt upp úr kvenréttindabaráttu þess tíma. Seinna gekk hún til liðs við Íhaldsflokkinn sem síðar breyttist í Sjálfstæðisflokk. Þó hélt hún áfram að berjast fyrir réttindum kvenna. Hún hélt því fram að konur jafnt sem karlmenn gætu aflað sér þekkingar á ýmsum málefnum og konur gætu vel sinnt störfum sínum utan heimilis ásamt því að sinna barnauppeldi og heimilishaldi.

Sjálf var Ingibjörg einn stofnenda Lestrarfélags kvenna í Reykjavík, sat í menntamálaráði á árunum 1928 til 1932 og var skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík frá 1906 til æviloka. Ingibjörg sat á átta þingum og var þar eina konan.



**INGIBJÖRG H. BJARNASON** var á undan sinni samtíð.

### MERKISATBURÐIR

**1917** Kristín Ólafsdóttir er fyrsta konan sem lýkur læknaprófi frá Háskóla Íslands.
**1956** Teikning af Denna dæmalausa birtist í fyrsta sinn í Tímanum er blaðið var stækkað úr átta síðum í tólf.
**1965** Fáni Kanada með rauðu hlynsblaði er tekinn upp.
**1989** Sovétríkin tilkynna að allir hermenn þeirra hafi yfirgefið Afganistan.
**1992** Ásdís, fyrsta Fokker 50-flugvél Flugleiða hf., kemur til landsins.
**2003** Yfir sex milljónir manna um allan heim taka þátt í mótmælum gegn stríðinu í Írak.
**2005** YouTube, vefur þar sem notendur geta deilt myndskeiðum, fer í loftið.

ÞORSTEINN SIGFÚSSON: NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS FÆRIR ÚT KVÍARNAR

# Margt spennandi fram undan




**ÞORSTEINN I. SIGFÚSSON FORSTJÓRI NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS.** „Víðast fellur á að ósi og sums staðar hentar ekki að virkja sjálft vatnsfallið heldur bara endapunktinn.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

„Þörfin er mikil fyrir nýsköpun í atvinnulífinu, ekki síst á tímum sem þessum þegar heldur fjarar undan hefðbundnum atvinnugreinum,“ segir Þorsteinn I. Sigfússon, forstöðumaður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Miðstöðin var sett á laggirnar í ágúst síðastliðnum þegar Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins sameinuðust. Höfuðstöðvar hennar eru á Keldnaholti en hún er að færa út kvíarnar og setja upp útibú bæði í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði. Það er liður í áætlun ríkisstjórnarinnar um að efla starfsemi á landsbyggðinni og er gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum á hvorum stað til að byrja með. Fyrir var útstöð á Akureyri og einnig á Ísafirði þar sem þrjár konur starfa. En hver eru verkefnin sem ætluð eru þessum útibúum? Þorsteinn er spurður að því.

„Á Hornafirði viljum við styrkja ferðaþjónustuna í kringum hinn nýja Vatnajökulsþjóðgarð, meðal annars með því að lengja ferðamannatímann með ýmsu móti. Skerpa á matarmenningu svæðisins þar sem gæðahráefni fæst bæði úr hafinu og haganum og efla starfsemi hjá fyrirtækjum í frumkvöðlasetrinu Frumunni. Eitt þeirra get ég nefnt sem býr til skilti og alls kyns kynningarefni sem hentar þjóðgörðum. Þetta eru heimamenn allt búnir að móta. Hornafjörður er líka einstakt svæði á Íslandi með tilliti til jarðefna. Þaðan er hafinn útflutningur á efni til Colorado og við ætlum að tengja byggingarrannsóknir okkar betur þangað og greina frekari möguleika á útflutningi á dýru jarðefni, eins og gabbrói, granít og granófír. Flest af því er hægt að finna brotið við ósinn. Vatnslindir sem koma undan jöklinum í Hornafirði eru líka áhugavert rannsóknarefni og sérnýting á því vatni er til skoðunar í samráði við áhugamenn.“

Næst eru það Vestmannaeyjar. Hverjar eru áætlanirnar þar í nýsköpun? „Í Vestmannaeyjum sé ég fyrir mér varmadælur til að hita upp húsin. Svíar nota jarðhita mikið til upphitunar með því að skerpa á lághitajarðvarma með rafmagni. Slíkt fyrirkomulag gengi vel upp í Eyjum. Þar erum við líka að setja upp fyrstu Fab Lab-miðstöðina á Íslandi. Það eru þjálfunarbúðir í tölvutæknilæsi, sem fyrst voru þróaðar hjá MIT-tækniháskólanum í Bandaríkjunum. Mig dreymir um að það geti farið víðar og við ætlum að hafa mann í Eyjum sem getur farið um landið og kynnt fyrirbærið.“

Röðin er komin að Ísafirði: „Á Ísafirði erum við að velta fyrir okkur fyrirtæki sem myndi harðbrynja ál sem myndi auka úrvinnslu og notkun álsins. Það gæti orðið sjö manna vinnustaður. Fleira er í gangi. Stúlka sem var að ljúka efnaverkfræðinámi í Svíþjóð er til dæmis að skoða möguleika á orkuöflun á svæðinu með sjávarfallastraumum.

Svo má geta þess að við erum með undirbúningsverkefni sem varða ósvirkjanir því víðast fellur á að ósi og sums staðar hentar ekki að virkja sjálft vatnsfallið heldur bara endapunktinn. Þar sem blandast salt og ósalt vatn er mikil orka. Þannig að margt spennandi er sannarlega fram undan.“ **gun@frettabladid.is**

---



†

*Útför bróður okkar,*

## Kristjáns Árnasonar

frá Kistufelli, síðar að Skálá í Sléttuhlíð,

fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 16. febrúar kl. 14.00. Jarðsett verður í Lundarkirkjugarði.

**Systkinin.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,*

## Guðni Oddgeirsson

Melás 3, Raufarhöfn,

lést miðvikudaginn 13. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Lára Þorsteinsdóttir**
**Þorbjörg Rut Guðnadóttir** **Ársæll Geir Magnússon**
**Oddgeir Guðnason** **Elísabet Karlsdóttir**
**Guðný Guðnadóttir**
**Árni St. Björnsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Jóna Annasdóttir

lést laugardaginn 9. febrúar á heimili sínu, Brekkugötu 1, Hvammstanga. Jarðsungið verður frá Hvammstangakirkju sunnudaginn 17. febrúar kl. 14.00.

**Guðrún Jóhannsdóttir** **Hreinn Halldórsson**
**Ragnheiður Jóhannsdóttir** **Aðalsteinn Guðmundsson**
**Benedikt Jóhannsson** **Ögn Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdamóðir og amma,*

## Guðrún Ingvarsdóttir (Gígja)

Fossheiði 17, Selfossi,

sem lést á Landspítalanum 6. febrúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 16. febrúar kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á „Göngum saman“ hópinn, sem styrkir rannsóknir á brjóstakrabbameini. Rkn. 115-15-380269 Kt. 650907-1750

**Magnús Gunnarsson**
**Sveinfríður H. Sveinsdóttir**
**Ingvar Magnússon** **Ásthildur I. Ragnarsdóttir**
**Ragnheiður Magnúsdóttir** **Lárus Helgi Kristjánsson**
**Hjalti Magnússon** **Ásdís Auðunsdóttir**
**Guðrún Anna Ingvarsdóttir**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Elsu A. Vestmann

Skarðshlíð 36 f, Akureyri.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun.

**Hallur Sveinsson**
**Margrét Hallsdóttir** **Reynir Hjartarson**
**Sigursveinn Hallsson** **Ingibjörg Guðjónsdóttir**
**Þorvaldur Hallsson** **Kristrún Þórhallsdóttir**
**Unnur Elva Hallsdóttir** **Heiðar Ólafsson**
**Sævar Örn Hallsson** **Bryndís Valtýsdóttir**
**Auður Hallsdóttir** **Birgir Árnason**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

*Ástkær maðurinn minn og faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Jóhann Tómas Egilsson

frá Akureyri, fyrrum útibússtjóri, Lækjarsmára 6, Kópavogi,

lést 9. febrúar. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju í Reykjavík í dag, föstudaginn 15. feb. kl. 13.00.

**Björg Jónsdóttir**
**Sigríður Dóra Jóhannsdóttir** **Ólafur H. Torfason**
**Egill Jóhannsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Örn Jóhannsson** **Ane Mette Sørensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**


Ó, borg mín borg
Nýr og spennandi veitingastaður, Ó restaurant, opnar í dag á Hótel Óðinsvéum.
Matseðillinn er með nútímalegum evrópskum áherslum, þar sem gæðahráefni er sett í öndvegi ásamt persónulegri og fagmannlegri þjónustu. Boðið er upp á tilkomumikið úrval af hágæða léttvíni og kampavíni frá sunnanverðri Evrópu.
Yfirmatreiðslumaður Ó restaurant er Eyþór Rúnarsson, sem hefur verið í landsliði íslenskra matreiðslumanna frá árinu 2004.
Ekki missa af óviðjafnanlegri upplifun í hjarta Reykjavíkur.
Meistarakokkurinn RJ Cooper frá Washington verður á Ó restaurant á Food and Fun.
Ó restaurant
Hótel Óðinsvé
Þórsgata 1
101 Reykjavík
Tel +354 511 66 77
Tel +354 511 62 00
orestaurant.is
o@orestaurant.is
Ó
RESTAURANT

# GLÆSILEGAR SÉRFERÐIR Í SUMAR

Síðustu sætin!



Sérferðir okkar í sumar hafa fengið frábærar viðtökur eins og fyrri ár, enda hefur framboðið sjaldan verið glæsilegra. Uppselt er í margar ferðir og aðrar eru að fyllast, en þó eru enn sæti laus í margar spennandi ferðir sem bjóða ævintýri, upplifanir og ógleymanlegar minningar. Tryggðu þér sæti í frábæra sérferð með Heimsferðum í sumar.

**Portoroz og Slóvenía**, 25. maí - 1. júní – *Nokkur sæti laus*
**Perlur Grikklands**, 31. maí - 14. júní – *Laus sæti*
**Québec og Montreal**, 6.-13. júní – *Laus sæti*
**Gardavatn**, 20.-27. júlí – *8 sæti laus*
**Búlgaría – Rúmenía**, 18. ágúst - 1. sept. – *Laus sæti*
**Fegurð Austurríkis**, 2.-9. júní – *10 sæti laus*
**Þýskaland og fljótin fimm**, 1.-10. ágúst – *9 sæti laus*
**Katalónía á Spáni**, 20.-27. júní & 29. ágúst - 5. sept. – *Laus sæti*
**Ítölsku Alparnir og vötnin**, 14.-21. sept. – *9 sæti laus*
**Frakkland**, 10.-24. ágúst – *8 sæti laus*

**GÖNGUFERÐIR**

**Cinque Terre** – *Uppselt er í allar ferðir*
**Norður-Spánn – Pýreneafjöllin**, 23.-30. maí – *6 sæti laust og 5.-12. sept.* – ***UPPSELT***
**Slóvenía – Júlíönsku Alparnir**, 31. ágúst - 7. sept. og 7.-14. sept. – *Örfá sæti laus*
**Frakkland – Bretagne skaginn**, 29. júní - 6. júlí – *10 sæti laus*

**SIGLINGAR**

**Perlur Adría- og Eyjahafsins** – ***UPPSELT***
**Gersemar Miðjarðarhafsins** – ***UPPSELT***
**Gersemar Miðjarðarhafsins og Rómarborgar** – ***UPPSELT***
**Gríska-Eyjahafið og Rhodos**, 16.-30. júní – *Nokkur sæti laus*
**Fornar menningarslóðir Grikklands og Tyrklands**, 1.-15. júní – *8 sæti laus*



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Mundu MasterCard ferðaávísunina

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Dagur einhleypra

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** FÉKK EKKERT VALENTÍNUSARKORT Í GÆR



Í gær fögnuðu elskendur um víða veröld Valentínusardeginum – bleikasta og væmnasta degi ársins. Ég notaði tækifærið og ræddi við vinkonu mína um tilbúnar hátíðir eins og þessa sem við látum stjórna lífi okkar. Báðum þótti okkur skrítið að alvöru stórhátíðir eins og jól, páskar og hvítasunna hefðu bara lítinn staf í nafni sínu á meðan Valentínusardagurinn skartaði stórum staf. Auðvitað vissum við bæði ástæðuna, enda dregur dagurinn nafn sitt af heilögum Valentínusi. Engu að síður þótti okkur skemmtilegra að kenna hinni miklu aðdáun Íslendinga á amerískri menningu um stóra stafinn. Við Íslendingar höfum nefnilega alltaf verið fljótir til að ættleiða ameríska siði og ósiði.

Í kvikmyndinni Eternal Sunshine of the Spotless Mind segir að Valentínusardagurinn sé dagur sem framleiðendur póstkorta hafi fundið upp. Eflaust er margt til í því, enda er áætlað að um milljarður Valentínusarkorta séu sendur manna á milli ár hvert. Það er því mikill iðnaður og fjöldi starfa skapast í kringum þessa væmni. Af einhverri undarlegri og óskiljanlegri ástæðu fékk ég samt ekki neitt af þessum fjölmörgu kortum. Ég lét sem mér væri sama. Ég væri hvort eð er of kúl fyrir svona lagað. Samt fann ég að innst inni langaði mig í Valentínusarkort. Sennilega eru allir örlítið væmnir inni við beinið, sama hversu töff þeir látast vera.

Það er því leiðinlegt að við höfum ekki innleitt annan og betri sið frá Bandaríkjunum en það er dagur þeirra sem eru á lausu. Sá dagur heitir upp á enska tungu Singles Awareness Day (skammstafað SAD) og er ýmist haldinn hátíðlegur daginn fyrir eða eftir Valentínusardag. Þá koma einhleypingar á öllum aldri saman og fagna sjálfum sér. Í dag er því rétti tíminn fyrir okkur sem erum á lausu til að bera höfuðið hátt. Við getum meira að segja „híað“ á væmnu og ástföngnu pörin sem leiðast um götur og stræti. Í dag eru þau kjánaleg. Í dag erum við sigurvegarar. Gleðilegan dag einhleypra.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






NJÓTTU MEÐAN Á NEFINU STENDUR | FRUMSÝND 15. FEBRÚAR Í REGNBOGANUM

*Gullnu reglur Græna ljóssins*

**1** *Ekkert hlé* — Myndin sýnd í einum rykk

**2** *Minna af auglýsingum* — Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** *Engin truflun* — Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bíóklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga


RÝMINGAR
SALA
Í SMÁRALIND
10kr
GEISLADISKAR FRÁ


TÓNLISTAR
DVD OG LEIKJA
MARKAÐUR
HEFST
kl. 11:00
í DAG
499kr
LEIKIR FRÁ
99kr
DVD FRÁ
S·K·Í·F·A·N

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
















**KAMMERKÓR NORÐURLANDS** Kemur fram á þrennum tónleikum um helgina.

# Kammerkór leggur land undir fót

**Kammerkór Norðurlands leggur land undir fót nú um helgina og heldur í stutta tónleikaferð um landið. Kórinn kemur fram í Borgarneskirkju á morgun kl. 16, í Langholtskirkju á sunnudag kl. 14 og í Hvammstangakirkju á sunnudagskvöld kl. 20.**

Efnisskrá tónleikanna er þjóðleg í meira lagi; kórinn flytur íslensk sönglög og þjóðlagaútsetningar. Pétur Garðarsson, formaður kórsins, segir dagskrána þá sömu og kórinn flutti í fyrra víðs vegar um Norðurland og fékk góða dóma fyrir. „Það má líta á þessa tónleika okkar nú um helgina sem hálfgerða útrás af hálfu kórsins enda höfum við ekki flutt þetta efni áður fyrir sunnan. Við flytjum tónlist eftir sum af okkar bestu tónskáldum, til að mynda Tryggva M. Baldvinsson, Báru Grímsdóttur, Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og Snorra Sigfús Birgisson, en hann mætti kalla „hirðtónskáld kórsins" þar sem hann hefur samið fyrir okkur verk. Einnig flytjum við íslensk þjóðlög í útsetningum tónskálda á borð við Hafliða Hallgrímsson og Jórunni Viðar sem á þarna útsetningu á Barnagælum sem stundum hefur verið kölluð perlan í íslenskum þjóðlagaútsetningum."

Í Kammerkórnum eru tæplega tuttugu söngvarar sem búsettir eru víðs vegar um Norðurland. Pétur segir æfingaferlið geta verið ansi strembið sökum þessarar dreifðu búsetu. „Við æfum mikið ein heima hjá okkur með nóturnar. Svo komum við saman og tökum þrjár eða fjórar æfingar fyrir tónleika. En þetta gengur alltaf vel hjá okkur þrátt fyrir stuttan æfingatíma enda er valinn maður í hverju rúmi. Kórmeðlimirnir eru flestir tónlistarkennarar eða tónlistarmenntað fólk og stjórnandi okkar, Guðmundur Óli Gunnarsson, er einnig stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og ákaflega vandvirkur maður. Það er því hvergi slegið af kröfunum þrátt fyrir búsetudreifinguna."

Kórinn fagnar tíu ára starfsafmæli sínu um þessar mundir. Pétur segir útgáfu fyrirhugaða í tilefni afmælisins. „Við stefnum að því að halda upp á afmælið með því að fara í hljóðver og taka upp þetta efni sem við flytjum nú um helgina. Eflaust munum við þurfa að leggja mikla vinnu í framtakið og mikið verður vandað til verks. En tónlistin sem við flytjum á það sannarlega skilið; fallegri íslenskri tónlist er aldrei gert of hátt undir höfði." Aðgangseyrir að tónleikunum er 1.500 kr. og verður miðasala við innganginn. Vert er að benda á að því miður verður ekki hægt að taka við greiðslukortum.

vigdis@frettabladid.is

# Stuð á suðrænni ströndinni

Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld leikritið Sólarferð eftir Guðmund Steinsson í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Verkið var fyrst sýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1976 við frábærar undirtektir. Sú uppsetning er mörgum enn í fersku minni og því bíða eflaust margir spenntir eftir að sjá verkið í nýjum búningi.

Guðmundur Steinsson var óumdeilanlega eitt fremsta leikskáld þjóðarinnar. Í Sólarferð dregur hann upp stórskemmtilega mynd af fyrirbæri sem við höfum mörg reynt á eigin skinni, nefnilega sólarlandaferðum Íslendinga á áttunda áratugnum. Við fylgjumst með hópi íslenskra ferðamanna sem eru samankomnir á spænskri sólarströnd. Eðlilega þrá þessir veðurbörðu Frónbúar að drekka í sig sólina og ódýra áfengið á þessari heitu og framandi strönd þar sem íslensk boð og bönn fjúka út í veður og vind. Verkið er að uppistöðu gamanleikrit, en undir ærslunum kraumar sársauki og brostnar vonir.

Sem fyrr segir er leikstjóri sýningarinnar enginn annar en leikarinn góðkunni Benedikt Erlingsson. Höfundur leikmyndar er myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson, en þeir Benedikt og Ragnar hafa áður átt farsælt samstarf um einleikinn Mr. Skallagrímsson.

Ekki má gleyma að minnast á leikarana sem stíga á svið í Sólarferð, en það eru þau Edda Arnljótsdóttir, Esther Talía Casey, Halldóra Björnsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Juan Camilo Román Estrada, Kjartan Guðjónsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson sem fara með hlutverkin í sýningunni.

- vþ



**SUÐRÆN STEMNING** Frá æfingu á verkinu Sólarferð.


Salurinn

**FÖSTUDAG 15. FEB KL. 20:30**
BERGÞÓRA ÁRNADÓTTIR 60 ÁRA
Minningartónleikar um söngvaskáldið
ÖRFÁ SÆTI LAUS

**SUNNUDAG 17. FEBRÚAR KL. 20**
ÞJÓÐARGJÖF TIL ÍSLENDINGA
Einn fremsti kammerkór heims.
NOKKUR SÆTI LAUS

**ÞRIÐJUDAG 19. FEBRÚAR KL. 20**
DENIS BOURIAKOV OG
VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON
Tvær rísandi stjörnur.
ÖRFÁ SÆTI LAUS

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

GAMANÓPERAN
SÍGAUNABARÓNINN
EFTIR JOHANN STRAUSS - Íslensk þýðing: Egill Bjarnason og Þorsteinn Gylfason
Í GAMLA MJÓLKURSAMLAGINU BORGARNESI
La. 16. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
Su. 17. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
Þr. 19. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
Fi. 21. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Fö. 22. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Su. 24. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Miðapantanir 437 1598 • tskb@simnet.is • Uppl.: www.borgarbyggd.is

KRINGLU KRÁIN

# Upplyfting í kvöld

*Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum*

# ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

27. febrúar
28. febrúar
2.mars

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



# GERÐUBERG

www.gerduberg.is



**Hið breiða holt**
Ljósmyndasýning þar sem unglingar eiga stefnumót við afa sína eða ömmur!
**Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir.**
**Styrktaraðili: Beco**



**Allt í plati! Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn**
Kíkið í heimsókn á heimili Málfríðar, mömmu hennar, Kuggs og Mosa! Hver man ekki eftir risablómkálinu og eldflauginni? Sjón er sögu ríkari!
**Tekið er á móti hópum. Sími: 575 7707.**
**Sýningin stendur til 24. febrúar.**



**Vissir þú ...**
... að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur?
Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.
**Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is, s. 575 7700.**

**Sýningar eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-16.**
**Sími: 575 7700. gerduberg@reykjavik.is**

# A&A

Arnason & Andonov ehf.
Frímerkjasala, mynt/seðla og málverkauppboð
Stamps, Currency and Art Auctions

Uppboð 17. febrúar í IÐNÓ við tjörnina.

## Uppboðsdagskrá:

| | |
|---|---|
| 1 hluti kl 12:00 | Frímerki. |
| 2 hluti kl 13:30 | Póstkort og mynt. |
| 3 hluti kl 14:30 | Póstkortasafn Sigurðar Örlygssonar. |
| 4 hluti kl 17:00 | Bækur, málverk og aðrir listmunir. |

Allir velkomnir!

Arnason & Andonov ehf., Austurströnd 1, 170 Seltjarnarnes
s.551-05 50, aa-auctions@simnet.is, www.aa-auctions.is

Uppboðshlutir til sýnis fimmtudag 14 og föstudag 15 frá kl. 10-18, og laugardag frá kl. 10-16 á Austurströndinni. Einnig á vefnum ásamt uppboðsskilmálum.

**Draumasmiðjan í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur og Íslenska dansflokkinn:**



# ÓÞELLÓ, DESDEMÓNA OG JAGÓ

Sýnt í Borgarleikhúsinu

BORGARLEIKHÚSIÐ



★★★★

„Frumsýning í Hafnarfjarðarleikhúsinu er alltaf tilhlökkunarefni. Í þetta sinn stigu flinkir leikarar á svið með skemmtilega sýningu.“
*Elísabet Brekkan, Fréttablaðið.*

„Hjálmar Hjálmarsson fer á kostum í hlutverki sjónvarpsins“
„... get ég ekki annað en mælt með sýningunni, sem er troðfull af skemmtilegum atriðum ...“
*Martin Regal, Morgunblaðið.*

„... konan sem sat tveim sætum frá mér hló oft hátt og snjallt. Og ég er viss um að hún var í raun og veru að skemmta sér...“
*Jón Viðar Jónsson, DV.*

# HALLA & KÁRI

KOLSVARTUR GAMANLEIKUR EFTIR HÁVAR SIGURJÓNSSON

*Næstu sýningar*
*Lau. 16. febrúar kl. 20*
*Lau. 23. febrúar kl. 20*
*Lau. 1. mars kl. 20*

Landsbankinn
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
HAFNARFJÖRÐUR

FOOL FOR LOVE

# Síðustu sýningar á Fool for Love!

## Gagnrýnendur eru á einu máli ★★★★

"fátt sem geislar jafnmikilli ástríðu á sviði núna"

"Magnús Guðmundsson sýnir frábæran leik sem Martin."
M.E. Morgunblaðið

"Sveinn Ólafur Gunnarsson fer vel með hlutverk Eddies, hann er yfirmátar svalur og jafnframt ástríðufullur".

"til hamingju!"
Víðsjá. RÚV

Tryggðu þér miða í síma 551 4700 eða á midi.is

Silfurtunglið, Austurbæ.
Síðustu sýningar:
fös15/2 kl 20
lau 16/2 kl 20

"heilsteypt flott listarverk þar sem lögn leikstjórans er svo skýr að ekkert verður að vafamáli."

"KK rammaði sýninguna inn, var límið, var ryþminn, var lagið sem menn dilluðu sér við."

"vonandi að unnendur góðrar leiklistar láti ekki þessa sýningu framhjá sér fara"
E.B. Fréttablaðið

"sýningin er eins og þéttur og flottur nútímadans - dansleikhús af magnaðri gerðinni"

"Þóra vinnur hér stóran leiksigur"
S.A. Tímarit Máls og Menningar



AUSTURBÆR
PEPSI


POETRIX


VAMPIRE WEEKEND

## > Í SPILARANUM

**Poetrix** - Fyrir lengra komna
**Bob Mould** - District Line
**Midnight Juggernauts** - Dystopia
**Mountain Goats** - Heretic Pride
**Vampire Weekend** - Vampire Weekend

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Íslenskt í Belgíu

Hljómsveitirnar Amiina og Seabear ásamt Jóhanni Jóhannssyni og Ólafi Arnalds koma fram á Iceland Airwaves-tónleikum í menningarmiðstöðinni Bozar í belgísku borginni Brussel í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af listahátíðinni Iceland on the Edge sem er stærsta menningar- og kynningarhátíð Íslands á erlendri grundu á þessu ári. Hátíðin fer fram í Brussel og hefst formlega 26. febrúar.

Síðari tónleikarnir á vegum Iceland Airwaves fara fram 8. mars á tónleikastaðnum Ancienne Belguique þar sem fram koma múm, Kira Kira, Skakkamanage og Parachutes.

Iceland on the Edge stendur yfir í fjóra mánuði, eða fram undir miðjan júní. Dagskrá hátíðarinnar er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða metnaðarfulla íslenska menningardagskrá sem hefur verið unnin í samstarfi við Bozar, stærstu menningar- og listamiðstöð Belgíu, sem og eitt vinsælasta tónlistarhús Brussel á sviði popp- og rokktónlistar, Ancienne Belgique. Hins vegar verða haldnir ýmsir íslenskir viðburðir á sviði ferða-, ráðstefnu-, orku- og alþjóðamála.


**AMIINA** Hljómsveitin Amiina spilar í Belgíu í kvöld ásamt Seabear, Jóhanni Jóhannssyni og Ólafi Arnalds.



## > Plata vikunnar

Hot Chip - Made in the Dark

★★★★

Þessi þriðja plata Íslandsvinanna hressu í Hot Chip lætur lítið yfir sér við fyrstu kynni en fer að svínvirka eftir nokkrar hlustanir. Spilist hátt!

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *25 ára snilldarverk*

Þessa dagana er verið að halda upp á 25 ára afmæli mest seldu plötu sögunnar, Thriller með Michael Jackson sem kom upphaflega út 30. nóvember 1982. Tímamótanna er meðal annars minnst með nýrri tvöfaldri viðhafnarútgáfu sem inniheldur eitt áður óútgefið lag, nýjar endurgerðir af lögum af plötunni eftir menn eins og Kanye West og will.i.am og myndbönd og sjónvarpsupptökur á DVD-disk. Auk þess er geisladiskurinn sjálfur að sjálfsögðu gulllitur.


**THRILLER** Inniheldur meðal annars lagið Billie Jean sem skartar flottasta grúvi sögunnar.

Michael Jackson gerði Thriller með Quincy Jones. Upptökurnar tóku fjóra mánuði og allan þann tíma var unnið fram á rauða nótt. Þeir hittust fyrst árið 1977 þegar Quincy var að vinna við kvikmyndina The Wiz sem Michael lék í. Í framhaldi af því tókst þeim með herkjum að sannfæra stjórnendur Epic-plötuútgáfunnar um að Quincy væri ekki of djassaður fyrir gömlu Motown-unglingastjörnuna og Quincy stjórnaði upptökum á fyrstu sólóplötu Michaels, Off The Wall, sem kom út 1979. Hún seldist í 10 milljónum eintaka þannig að þegar röðin var komin að Thriller var samstarfið búið að sanna sig.

Thriller er mögnuð plata fyrir margra hluta sakir. Þeir sem bera ekki mikla virðingu fyrir Michael Jackson segja sumir að vissulega sé Thriller ágæt, en það sé allt Quincy Jones að þakka. Quincy á vissulega mikið í plötunni, en það breytir því ekki að þrjú bestu lög plötunnar, Wanna Be Startin' Somethin', Beat It og Billie Jean eru öll samin af Michael sjálfum. Það síðastnefnda er reyndar eitt af flottustu popplögum sögunnar – ég held því fram, a.m.k. þangað til einhver sannfærir mig um annað, að það sé ekki flottara grúv í neinu öðru popplagi...

Thriller er 25 ára. Ein af mínum uppáhaldsplötum. Þegar hún kom út var mér samt slétt sama. Var of upptekinn af því að hlusta á Birthday Party, Cramps, Pere Ubu og The Fall til að leggja við hlustir. Það kom nokkrum árum seinna...

# Fellur aldrei í gleymsku

**Tíu ár eru síðan ein áhrifamesta plata samtímans (og að margra mati ein sú besta) kom út. En af hverju er In the Aeroplane Over the Sea svona mikilvæg? Steinþór Helgi Arnsteinsson greinir frá arfleifð Neutral Milk Hotel.**


**ÁHRIFAMIKLIR** Jeff Mangum (sá með engil í fanginu) og félagar hans í Neutral Milk Hotel fagna um þessar mundir tíu ára afmæli plötunnar In the Aeroplane Over the Sea sem er með betri plötu síðasta áratugar.

Neutral Milk Hotel var umfram allt einmenningsverkefni Jeff Mangum, aðallaga- og textahugmyndasmiðs sveitarinnar. Hann sankaði síðan að sér tónlistarmönnum héðan og þaðan og úr varð NMH. Hljómsveitin sendi einungis frá sér tvær plötur, hina fyrrnefndu In the Aeroplane Over the Sea (1998) og On Avery Island (1996).

**Magnaðar lagasmíðar**

ITAOTS er platan sem ritaði nafn NMH í sögubækurnar. Platan er þemaplata og sækir efni sitt í fegurri og bjartari hliðar dagbókar Önnu Frank. Textarnir eru oft í meira lagi súrrealískir og innhverfir en tala skýrt til flestra. Þannig eru til fjölmargar sögur af því að oft hafi áhorfendaskarar á tónleikum NMH yfirgnæft sjálfa hljómsveitina með söng sínum.

Hugmyndaríkar útsetningar halda einnig merkjum ITAOTS auðveldlega á lofti. Frumlegt brass setur sinn svip á plötuna en það eru ekki síður einföldu lögin, þar sem Mangum kyrjar einn með gítarinn, sem vekja eftirtekt. Söngurinn er fullur ofsa og ákefðar en flýtur samt í fullkomnu jafnvægi við laglínurnar.

**Þrúgandi þögnin**

Af hverju ekkert meira hefur heyrst frá NMH síðan ITAOTS kom út er ráðgáta. Hvernig fylgir maður samt eftir slíku stórvirki? Spekingar hafa ýmist sakað Mangum um heigulshátt eða sagt það hafa verið rétt að hætta á toppnum. Hver hefði samt ekki viljað heyra meira frá NMH?

Þrátt fyrir að taka ekki nema rétt um fjórutíu mínútur í flutningi eru áhrif plötunnar ITAOTS ótvíræð. Eins og sjá má á næstu síðu finnast áhrifin á mörgum stöðum og listinn er langt frá því tæmandi. Til dæmis má nefna að grínistinn

SAMNINGALOTUNNI LÝKUR Á MORGUN Í BÍLAÞINGI HEKLU Á KLETTHÁLSI

SÍÐASTI SÉNS
TIL AÐ GERA OFURSAMNING!

HEKLA

# Munich til Íslands

Rokksveitin Munich frá Árósum í Danmörku heldur tónleika hérlendis á næstunni, meðal annars á Gauknum föstudaginn 22. febrúar. Munich var ein af spútnikhljómsveitum síðasta árs á öldum ljósvakans hérlendis og sat hún á toppi X-Dómínóslistans í nokkrar vikur með laginu The Young Ones. Vinsældirnar komu meðlimum sveitarinnar þægilega á óvart og fór hún í nokkur viðtöl í heimalandinu í framhaldinu.

Frumburður Munich, Those Who Dare, kemur út bráðlega en sveitin hefur nú þegar fengið jákvæða umfjöllun hjá helstu tónlistarmiðlum Danaveldis, þ. á m. Gaffa, stærsta tónlistarblaði landsins. Miðaverð á tónleikana á


**MUNICH** Hljómsveitin Munich er á leiðinni til Íslands.

Gauknum er 1.500 krónur og verður Jan Mayen önnur af upphitunarsveitunum. Nánari upplýsingar um Munich má finna á síðunni myspace.com/munichdk.

## YFIRLÝSTIR AÐDÁENDUR

- Arcade Fire
- Beirut
- Brand New
- Bright Eyes
- Caribou
- Cursive
- The Decemberists
- of Montreal
- Oh My! Oh No!
- Rogue Wave
- The Shins


**ARCADE FIRE**


**BRIGHT EYES**


**OF MONTREAL**

og stjórnmálarýnirinn Stephen Colbert er mikill aðdáandi.

**Áhrifin ótvíræð**

Fáar plötur hafa verið nefndar eins oft og ITAOTS þegar tónlistarmenn nútímans hafa verið spurðir um plötur sem hafa haft áhrif á sig. Hvernig Mangum söng af ástríðu, geðveiki, ruglingi, sársauka og von heltók undirmeðvitund manna og dró fólk að sér. Platan hefur einmitt haldið sig í undirmeðvitund tónlistarheimsins, geymd en langt frá því gleymd. Í raun markaði NMH sérstök spor innan grasrótarinnar sem sporgöngumenn sveitarinnar hafa reynt að fylgja og gera í raun enn. Fyrir áhugasama um frekari lesningu um ITAOTS og NMH má benda á mjög ítarlega umfjöllun Pitchfork, grein með myndböndum hjá Stereogum og áhugaverð eftirmæli inni á Audiogalaxy.com.









> ILLT AUGA



Breska ofurfyrirsætan **Agyness Deyn**, sem er meðal eftirsóttustu fyrirsætna þar í landi þessa dagana, lætur ekki hvað sem er stoppa sig. Tískuvikan í London stendur nú yfir, en svo illa vill til að Deyn er illa haldin af augnsýkingu. Málið var hins vegar leyst í snatri með köflóttum sjóræningjalepp hjá Henry Holland, og fyrirsætan bar sólgleraugu þegar hún tók á móti Elle Style-verðlaunum fyrr í vikunni.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ungir blúsarar fá tækifæri

Blúshátíðin Norðurljósablús verður haldin í þriðja sinn á Höfn í Hornafirði dagana 28. febrúar til 2. mars á vegum Hornfirska skemmtifélagsins.

„Í ár ákváðum við að leggja áherslu á að gefa ungum tónlistarmönnum tækifæri og vera ekki með þessi þekktu íslensku nöfn sem við höfum verið með,“ segir Sigurður Már Halldórsson, einn af skipuleggjendunum.

Íslensku sveitirnar sem koma fram eru Grasætur frá Hafnarfirði, Johnny and the Rest frá Reykjavík, Blúsbrot frá Stöðvarfirði og Vax frá Egilsstöðum, ásamt hornfirsku sveitunum Mæðusveitin Sigurbjörn og Hulda Rós og Rökkurtríóið. Einnig munu bræðurnir Ómar og Óskar Guðjónssynir frá Hornafirði spila ásamt hljómsveit sinni.

Þrjár erlendar hljómsveitir koma fram á hátíðinni: Øernes Blues Band frá Danmörku og hinar sænsku Street Cowboys og Emil & the Ecstatics. Þeir síðastnefndu voru aðalgestir Norðurljósablúss 2006 og vöktu mikla lukku.

„Við renndum algjörlega blint í sjóinn með fyrstu hátíðina en við fengum fullt af fólki og ákváðum strax að halda áfram,“ segir Sigurður Már. „Við lentum í hremmingum á hátíðinni í fyrra. Það gerði vitlaust veður og bæði komust gestir og listamenn ekki til okkar. Björgunarsveitin sótti Pálma Gunnarsson og hans menn og fylgdi þeim í gegn frá Akureyri,“ segir hann og vonast eftir betra veðri í þetta sinn. „Við bara tökum á því þegar þar að kemur, svoleiðis er blúsinn. Þetta er bara spuni.“ - fb



**JOHNNY AND THE REST** Hljómsveitin Johnny and the Rest spilar blús á Höfn í Hornafirði.

# REM ferðast um heiminn

**Hljómsveitin REM ætlar í tónleikaferð um Bandaríkin og Evrópu til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni Accelerate. Hljómsveitirnar Modest Mouse og The National hita upp fyrir sveitina í tónleikaferðinni um Bandaríkin. Evróputúrinn stendur yfir frá júlí til september og mun sveitin spila á nokkrum tónleikahátíðum á þessum tíma. Platan kemur í búðir 31. mars hjá útgáfurisanum Warner Brothers. Hún verður fáanleg í hefðbundinni útgáfu og viðhafnarútgáfu. Hinni síðarnefndu fylgir 64 blaðsíðna bæklingur og DVD-mynddiskur með ýmiss konar góðgæti.**



**REM** Hljómsveitin REM gefur út nýja plötu á næstunni.



**GÁFU ÁGÓÐANN** Fóstbræðragengið ákvað að gefa ágóðann af sölu fimm mynddiska til Umhyggju og nam ávísunin tæplega þremur og hálfri milljón íslenskra króna.

# Gjafmildir Fóstbræður

Fóstbræðragengið úr samnefndum þáttum afhenti í gær Umhyggju ávísun upp á tæplega þrjár og hálfa milljón íslenskra króna. Er þetta ágóðinn sem kom af sölu fimm DVD-diska með öllum þáttaröðum Fóstbræðra. Ragna K. Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, veitti ávísuninni viðtöku en félagið vinnur að bættum hag sjúkra barna og fjölskyldna þeirra.




# Algerir yfirburðir Ríkissjónvarpsins

**Capacent birti nýlega áhorfstölur sem unnar eru samkvæmt nýrri tækni. Sjónvarpsáhorf er miklu meira en áður var talið.**

„Já, ég er mjög ánægður að fólk hafi áhuga á að horfa á það sem við höfum upp á að bjóða,“ segir Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri hjá Ríkisútvarpinu.

Nýjustu áhorfstölur, sem fundnar voru út með sérstakri tækni, þar sem viðmiðunarhópur Capacent ber á sér tæki sem nemur útvarpsbylgjur, voru í fyrsta skipti gerðar opinberar í gær. Þær sýna algera yfirburði Sjónvarpsins. Á topp 30 lista yfir vinsælustu dagskrárliði eru 23 Sjónvarpsins. Stöð 2 nær að lauma sér inn í 12. sætið með Pressu (30,6%) og í 19. sæti með Sjálfstætt fólk (28,5%) Annars á Sjónvarpið sviðið.

Vikuna 28. janúar – 3. febrúar mælast Laugardagslögin með 63 prósenta áhorf. Spaugstofan 57,3 prósent og kvöldfréttir Sjónvarps 46,6 prósent. Þórhallur segir það magnað að 63 prósent landmanna setjist fyrir framan sjónvarpstækið að kvöldi laugardags til að horfa á skemmtiþátt. Aðspurður segist hann ekki ætla að fagna þessum tölum með því að slá tappa úr kampavínsflösku þótt tilefni sé til. Það sé ekki hans stíll.

Áhorfstölur eru lygilega háar, miklu hærri en tölur sem sýndu sig í dagbókarkönnun. Svo virðist sem fólki hafi blöskrað eigið sjónvarpsgláp þegar það færði inn neyslu sína og dregið úr. En tækin ljúga ekki.

„Já, gríðarlega háar tölur og með ólíkindum. Ótrúlega gaman að sjá þetta. Íslenskir þættir eru að mælast vel og greinilega eftirspurn eftir slíku efni,“ segir Þórhallur.

Í tölum sem taka svo til 4. til 10. febrúar eru Laugardagslögin enn á toppnum með 54 prósent. Gettu betur mælist með 53 prósent og þá Spaugstofan með 51,3 prósent. Sjá meðfylgjandi lista.

jakob@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR** Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri er ánægður með nýja áhorfsmælingu Gallups. Þar eru yfirburðir Ríkissjónvarpsins miklir.







## Vinsælustu sjónvarpsþættirnir

| | | |
|---|---|---|
| 1. | **Laugardagslögin** (RÚV) | 54,7% |
| 2. | **Gettu betur** (RÚV) | 53% |
| 3. | **Spaugstofan** (RÚV) | 51,3% |
| 4. | **The Librarian** (RÚV) | 48,6% |
| 5. | **The Break Up** (RÚV) | 44,8% |
| 6. | **Kvöldfréttir** (RÚV) | 37,5% |
| 7. | **Curious Tribe** (RÚV) | 37,1% |
| 8. | **Kastljós** (RÚV) | 36,8% |
| 9. | **Brothers & Sisters** (RÚV) | 33,7% |
| 10. | **Forbrydelsen** (RÚV) | 33,4% |
| 11. | **Sunnudagsþáttur Evu Maríu** (RÚV) | 31,7% |
| 12. | **Criminal Minds** (RÚV) | 31,2% |
| 13. | **Top Gear** (Skjár einn) | 30,8% |
| 14. | **Taggart** (RÚV) | 29,6% |
| 15. | **Gettu betur** (e) (RÚV) | 28,6% |
| 16. | **Shaun the Sheep** (RÚV) | 27,5% |
| 17. | **American Idol** (Stöð 2) | 27,2% |
| 18. | **Laugardagslögin - úrslit** (RÚV) | 25,9% |
| 19. | **CSI: New York** (Skjár einn) | 25,8% |
| 20. | **Fréttir Stöðvar 2** (Stöð 2) | 24,7% |



# Tíminn með Odd Nerdrum guðsgjöf

**Fyrsta einkasýning listmálarans Þrándar Þórarinssonar verður opnuð í húsi Ó. Jónssonar og Kaaber á laugardag. Þrándur hrökklaðist á sínum tíma úr námi sínu í Listaháskóla Íslands og gerðist nemandi hjá hinum norska Odd Nerdrum.**



**ÞRÁNDUR ÞÓRARINSSON** Þrándur við sjálfsmynd sem hann málaði af sér í hlutverki bresks lávarðar.

„Það var ekki hljómgrunnur fyrir því sem ég var að gera og mér var sagt að ég gæti alveg eins gert þetta heima,“ segir Þrándur um hvarf sitt úr máladeild Listaháskóla Íslands. „Þessi gömlu málverk voru ekki málið og alltaf þegar ég spurði út í þau var sagt að ég gæti lesið um þau í bókum.“

Í kjölfarið hitti Þrándur hinn umdeilda listamann Odd Nerdrum og lærði að mála heima hjá honum í gamla Borgarbókasafninu. „Hann leyfði fólki að koma og mála hjá sér. Kennslan var aðallega fólgin í því að fylgjast með hvernig hann gerði þetta. Ég lærði heilmikið á þessu. Þessi tími með honum var algjör guðsgjöf.“

Á einkasýningunni sýnir Þrándur stór olíumálverk og sækir hann mörg viðfangsefni sín í íslenska sögu, þjóðsögurnar og Íslendingasögurnar undir áhrifum barokks og endurreisnar. Í verkum hans má finna þekkt stef úr íslenskri sögu, meðal annars Njálu og Egilssögu, auk þess sem Galdra-Lofti, Miklabæjar-Sólveigu og Jóni Arasyni bregður fyrir.

Þrándur segir að telja megi á fingrum annarrar handar þá listamenn sem máli í sama stíl og hann hérlendis. Flestir listamenn efni til gjörninga eða búi til annars konar list sem telst nútímalegri. „Þetta er búið að vera algjört tabú í listaheiminum. Fyrir þrjátíu árum var þetta algjörlega bannað en núna er þetta aðeins að aukast. Síðan er þetta líka gríðarlega mikil vinna og þarf margra ára nám til að ná tökum á þessu. Þetta er kannski ekki auðveldasta leiðin til að nálgast hlutina. Þessum stíl hefur aldrei verið hampað og málarar hafa átt erfitt uppdráttar með að koma sér á framfæri og fá að halda sýningar,“ segir hann.

Sýning Þrándar stendur yfir frá 16. febrúar til 1. mars.

freyr@frettabladid.is


Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans




410 4000 | landsbanki.is

# Kellogg's Special K kemur mér á sporið

Það er svo frábært þegar sólin hækkar á ný eftir hátíðarnar að hlaða batteríin og finna kraftinn streyma um æðarnar. Fara á fullt í ræktina og rifja upp allt sem ég auðvitað veit um næringu og hollustu. **Kellogg's Special K** er eitt af því sem kemur mér auðveldlega á sporið á ný, bragðgóður en fitusnauður morgunmatur, fullur af vítamínum og steinefnum. Svo er líka frábært að eiga ljúffenga stöng af Special K við höndina, ef mann langar í eitthvað sætara, bara 90 hitaeiningar.





## Mig langar til að ...

... nota tímann núna eftir hátíðarnar til að koma mér í form eftir barnsburð. Ég er svolítil dellukona og hef gaman af að taka á hlutunum. Ég byrja líka í nýrri vinnu og hlakka mikið til að fást við ný verkefni.

Eva Ýr Gunnlaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur




Kellogg's Special K

specialk.is

Fíton/SÍA FI024291

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| RAMBO | kl. 6.15, 8 og 10-P | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 4 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | kl. 4 | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

FRÁBÆR SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA "BOURNE IDENTITY OG "MR. & MRS SMITH"




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JUMPER LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.30 - 5.40 ÍSLENSKT TAL | 14 |
| CLOVERFIELD | kl. 8 - 10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| WALK HARD | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE ALIEN VS PREDATOR | kl. 10.10 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE WILD | kl. 6 - 9 | 16 |
| RAMBO | kl. 8 - 10 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSLENSKT TAL | 12 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 5.50 - 8 - 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.50 ÍSLENSKT TAL | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| MR. MAGORIUMS WO... | kl. 4 - 6 | L |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 5:30 | VIP |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 3:30 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| MR. MAGORIUMS WON... | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl.10 | 16 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 10:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MR. MAGORIUMS WO... | kl. 5:50 - 8 | L |
| UNTRACEABLE | kl. 10:10 | 16 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:50 | L |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| CLOVERFIELD | kl. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MR. MAGORIUMS WO... | kl. 6 - 8 | L |
| UNTRACEBLE | kl. 10 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 8 - 10 | 12 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 | 7 |
| ÁSTRÍKUR Á ... M/ÍSL TALI | kl. 5:30 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 12 |
| SWEENEY TODD | kl. 10 | 16 |


# Ánægður með árangur Amy

Bróðir Amy Winehouse, Alex, segir söngkonuna vera alsæla að vera lausa úr viðjum eiturlyfjavandans sem hún hefur glímt við síðustu ár. „Hún sagði mér að hún saknaði krakksins ekki, og að hún væri glöð að vera laus við það. Sem var mjög gott að heyra," segir Alex, sem kveðst sannfærður um að Amy hafi nú sagt þessum tíma í lífi sínu lokið. Söngkonan hefur verið í meðferð síðustu daga, en tók sér þó frí til að taka þátt í Grammy-verðlaunahátíðinni í síðustu viku. Þá söng hún fyrir hátíðargesti í gegnum gervihnött.

„Afeitrunin var henni erfið, en hún komst í gegnum þetta," segir Alex um yngri systur sína, og bætir því við að Grammy-verðlaunakvöldið hafa verið langþráð hjá öðrum fjölskyldumeðlimum. „Hún var jafn glaðleg og lífleg og hún var áður en þessir djöflar náðu taki á henni. Þetta var tvímælalaust besta kvöld sem fjölskyldan hefur upplifað í langan, langan tíma," segir Alex. „Í fyrsta skipti síðan ég veit ekki hvenær voru foreldrar mínir virkilega hamingjusamir, og Amy líka," bætir hann við.



**GLÖÐ OG LÍFLEG** Eldri bróðir Amy segir hana hafa verið eins og á árum áður á Grammy-verðlaunakvöldinu um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hringitónar móðga Morðingja

**Lög af fyrstu plötu Morðingjanna, Í götunni minni, hafa verið tekin úr sölu sem hringitónar á heimasíðu Símans eftir kvörtun frá Kimi records sem gefur út næstu plötu hljómsveitarinnar.**

Njáll Þórðarson hjá Símanum segir að hringitónarnir hafi verið settir inn vegna samnings Símans við 12 Tóna. Morðingjarnir, sem gáfu út plötuna sjálfir, voru með dreifingarsamning við 12 Tóna en slíkur samningur gefur útgáfufyrirtækjum ekki heimild til að selja tónlist hljómsveita sem hringitóna. Morðingjarnir segjast hafa orðið mjög hissa þegar þeir sáu lögin sín á síðunni. „Við gáfum ekki leyfi fyrir þessu, það er alveg á hreinu," segir Helgi Pétur Hannesson, meðlimur sveitarinnar.

Lárus Jóhannesson, annar eigandi 12 Tóna, segir aftur á móti að hringitónar Morðingjanna séu ekki frá þeim komnir. „Þetta er ekki rétt. Einu hringitónarnir sem við höfum sett þarna inn eru okkar eigin útgáfur og þau gögn sem ég hef undir höndunum styðja það."

Starfsmaður Símans segir að nokkuð hafi gætt á ruglingi hjá hljómsveitum vegna hringitóna sem hafi birst á heimasíðu fyrirtækisins án þeirra vitneskju. „Hljómsveitir hafa hringt í okkur og verið ósáttar til að byrja með. Við þurftum að svara fjórum símtölum í kringum jólaútgáfuna," segir Njáll, sem tekur engu að síður öllum slíkum símtölum fagnandi. „Við viljum að listamennirnir hugsi um sinn rétt því þetta er lifibrauð þeirra. Við höfum ekkert að fela."



**MORÐINGJARNIR** Lög af fyrstu plötu Morðingjanna hafa verið fjarlægð af heimasíðu Símans.

freyr@frettabladid.is




# Sólveig leikstýrir franskri Óskarsstjörnu

Íslenska leikstjóranum Sólveigu Anspach hefur verið falið að leikstýra stórri franskri sjónvarpsmynd um femínistann og anarkistann Louise Michel fyrir France 2-sjónvarpsstöðina. Undirbúningur er nú á lokastigi en Silvie Testud fer með aðalhlutverkið í myndinni. Testud hefur hlotið mikið lof fyrir leik sinn í kvikmyndinni La Vie en rose sem fjallar um ævi Édith Piaf en hún er tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna.

Louise Michel var í aðalhlutverki í Parísarkommúnunni sem tók völdin í höfuðborginni í tvo mánuði árið 1871 þegar stjórnarkreppa ríkti vegna umsáturs Prússa. Eftir að þeirri hallarbyltingu hafði verið hrundið voru flestir meðlimir kommúnunnar teknir af lífi nema Michel sem var send í útlegð. Hún settist að á frönsku nýlendunni Nýju-Kaledóníu og kynnti sér lífshætti eyjarskeggja en sneri aftur heim 1879, þá orðin þjóðhetja.

Sólveig hefur nýlokið við gerð íslensku kvikmyndarinnar Skrapp út sem skartar skáldkonunni Diddu í aðalhlutverki en fjöldi þekktra andlita kemur fyrir í myndinni, meðal annars Ingvar E. Sigurðsson, Ólafía Hrönn, Jörundur Ragnarsson og Krummi úr Mínus.

- fgg



**LEIKSTÝRIR Í FRAKKLANDI** Sólveig Anspach mun leikstýra kvikmynd um anarkistann og femínistann Louise Michel.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýir nágrannar **Kate Moss** eru hæstánægðir með að hafa fengið ofurfyrirsætuna í hverfið. Nærvera allra papparassanna sem fylgjast með hverju einasta skrefi fyrirsætunnar hefur orðið til þess að glæpatíðni í hverfinu hefur hríðfallið. Nágrannarnir eru því töluvert sáttari við Moss nú en í síðasta mánuði, þegar lögreglu bárust margar kvartanir yfir háværu partíi á heimili hennar.



**Al Pacino** fer væntanlega með hlutverk illmennisins í næstu Bond-mynd, Quantum of Solace. Hlutverkið verður lítið en gríðarlega mikilvægt, og vonast framleiðendur til þess að hann verði besta Bond-illmennið hingað til. Pacino myndi þannig fylgja í fótspor leikara á borð við **Christopher Walken**, **Christopher Lee** og **Robert Carlyle**, sem hafa allir leikið erkifjendur Bond.



Á sjúkrahúsinu þar sem börn **Jennifer Lopez** og **Marc Anthony** koma í heiminn hafa verið æfð viðbrögð við mögulegum mannránstilraunum. „Sjúkrahúsið verður með mikinn viðbúnað þegar Jennifer kemur til að fæða. Starfsfólk hefur æft viðbrögð, ef vera skyldi að það þyrfti að láta reyna á þau.“ Starfsmaður sjúkrahússins staðfesti að slík æfing hefði farið fram, en sagði tímasetninguna tilviljun eina.



**Kylie Minogue** hefur beðið hátískuhönnuðinn **Jean Paul Gaultier** um að hanna klæðnað fyrir komandi tónleikaferðalag hennar. Minogue leggur upp í tónleikaferðina KylieX2008 í byrjun maí, og vill klæðast fágaðri fötum en oft áður, þar sem fertugsafmæli hennar nálgast nú óðfluga. Gaultier sá einnig um eftirminnilega búninga á Blonde Ambition-tónleikaferðalagi **Madonnu** árið 1990.





## > Duisburg vill fá Þóru

Knattspyrnumarkvörðurinn Þóra B. Helgadóttir er heldur betur eftirsótt þessa dagana en þýska félagið Duisburg, sem er eitt sterkasta félag heims, sækir það fast að fá hana til sín. Að því er fram kemur á Vísi vill félagið fá hana strax en er til í að bíða eftir að tímabili ljúki, þurfi þess. Þóra spilar þessa dagana með belgíska liðinu Anderlecht og á reyndar í samningaviðræðum við félagið. Málið er því snúið fyrir hana. Margrét Lára Viðarsdóttir lék með Duisburg til skamms tíma en kom svo aftur heim.



sport

sport@frettabladid.is

**SUNNA MARÍA EINARSDÓTTIR, FYLKI:** ÁTTI STÓRAN ÞÁTT Í FRÆKNUM SIGRI NÝLIÐA FYLKIS GEGN VAL Í FYRRAKVÖLD

# *Fáum vonandi sjálfstraust til að gera vel*



Sunna María Einarsdóttir, 19 ára leikmaður Fylkis, var heldur betur í sviðsljósinu í undanúrslitaleik liðs síns gegn Val í undanúrslitum Eimskipsbikars kvenna í handbolta í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda í fyrrakvöld. Nýliðar Fylkis gerðu sér þá lítið fyrir og lögðu Val 21-22 og Sunna María skoraði sjö mörk, þar á meðal sigurmarkið þegar um ein mínúta var til leiksloka. Flestir höfðu búist við sigri Vals, sem er í harðri toppbaráttu í N1-deildinni og hafði lagt Fylki að velli tvisvar sinnum í vetur, en Sunna María kvað Fylkisstelpurnar hafa farið í leikinn með góðri trú.

„Það er ekkert annað hægt ef þú ætlar að vinna svona leik, þá verður þú að hafa trú á því sem þú ert að gera og hafa trú á eigin getu. Við lögðum þetta bara þannig upp að við hefðum allt að vinna og Valur hefði öllu að tapa og við spiluðum bara okkar leik," sagði Sunna María, sem er ánægð með að Fylkir sé kominn í úrslitaleik bikarsins í fyrsta skipti í sögu meistaraflokks félagsins.

„Það er náttúrlega bara frábært afrek og við hlökkum til að spila leikinn en ég vissi reyndar ekki einu sinni af því að Fylkir hefði aldrei verið þar áður, þannig að ég var ekkert að spá í það fyrir leikinn gegn Val," sagði Sunna María, sem kvað Fylkisstelpurnar hafa leikið lengi saman þrátt fyrir að ef til vill væri ekki mikil handboltahefð í Árbænum.

„Fylkisliðið er mjög ungt og fæstir leikmenn liðsins eru komnir á meistaraflokksaldur en það er samt ákveðinn kjarni í liðinu sem hefur leikið saman í gegnum alla yngri flokkanna og þekkist vel," sagði Sunna María, sem telur Fylkisliðið bara eiga eftir að verða betra.

„Það höfðu nú fæstir einhverja trú á þessu Fylkisliði fyrr í vetur og ég held að okkur hafi verið spáð neðsta sæti í N1-deildinni af mörgum. Við erum kannski búnar að vinna þá leiki sem við áttum að vinna í vetur og nú eftir sigurinn á Val vitum við hvað við getum og fáum vonandi sjálfstraustið til að fara að gera vel í deildinni líka," sagði Sunna María að lokum.

Ronaldo varð aftur fyrir alvarlegum meiðslum:

# Ferill Ronaldo á enda?

**FÓTBOLTI** Meiðslavandræði Ronaldo hjá AC Milan virðast engan enda ætla að taka en framherjinn snjalli var borinn meiddur af velli í leik gegn Livorno í Serie A-deildinni í fyrrakvöld aðeins þremur mínútum eftir að hafa verið skipt inn á í síðari hálfleik.

Ronaldo, sem er 31 árs, sleit liðband í vinstra hné og mun í það minnsta ekki leika meira með AC Milan á þessari leiktíð og jafnvel er óttast að knattspyrnuferill þessa mikla snillings gæti verið á enda. Ronaldo átti við sömu meiðsli að etja í lok árs árið 1999 þegar hann var leikmaður Inter en þá var það hægra hnéð sem var að angra hann. Í endurkomuleik hans í apríl árið 2000 meiddist hann svo aftur eftir aðeins sjö mínútna leik og var frá í tuttugu mánuði eftir það.

Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri AC Milan, var afar svekktur fyrir hönd Ronaldo.

„Ég vil ekki segja að ferill hans sé á enda, en aðeins tíminn mun leiða í ljós hvernig þetta fer og það eina sem við getum gert er að styðja hann í gegnum þetta," sagði Ancelotti í viðtali í leikslok í fyrrakvöld. Silvio Berlusconi, forseti AC Milan, var bjartsýnni á að Ronaldo myndi ná sér á ný.

„Ég er sannfærður um að Ronaldo eigi eftir að snúa aftur og ná fyrri styrk," sagði Berlusconi í viðtali við Rai-sjónvarpsstöðina.

Ronaldo hélt í gær til Parísar þar sem hann mun gangast undir aðgerð á hnénu. **- óþ**



**SÁRKVALINN** Hinn ólánsami Ronaldo grét af kvölum eftir að hafa meiðst illa á ný. NORDIC PHOTOS/AFP


**2. stig þjálfaramenntunar ÍSÍ!**

**Kennsla á 2. stigi hefst 26. feb. nk. Kennt verður einu sinni í viku, þriðjud. í Rvk og miðvikud. á Akureyri, 5 kennslustundir í senn frá kl. 17.00-21.00. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is**

**Sjá einnig á www.isi.is**









**GEIR SVEINSSON** Fékk loksins viðtal hjá HSÍ í gær og mun væntanlega gefa svar í dag um hvort möguleiki sé á því að hann taki við liðinu. Hann sést hér stýra leik með Val á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Geir svarar HSÍ í dag

**Leitin endalausa að landsliðsþjálfara í handknattleik heldur áfram en rúmar þrjár vikur eru síðan Alfreð Gíslason tilkynnti að hann væri hættur þjálfun liðsins. HSÍ fundaði með Geir Sveinssyni í gær og bíður svars frá honum.**

**HANDBOLTI** Það kemur væntanlega í ljós í dag hvort HSÍ muni fara í formlegar viðræður við Geir Sveinsson um að taka að sér starf þjálfara karlalandsliðsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins settu forráðamenn HSÍ sig í samband við Geir á miðvikudag og funduðu síðan með honum í gær. HSÍ bauð honum á fundinum að taka við landsliðinu. Geir ku hafa sagt HSÍ-mönnum að hann myndi svara fljótt hvort hann gæti farið í viðræður af fullum krafti. Samkvæmt heimildum blaðsins mun Geir væntanlega svara HSÍ strax í dag með framhaldið.

Geir vildi lítið tjá sig um málið þegar þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær og sagðist liggja undir feldi. Aron staðfesti aftur á móti að hafa ekkert heyrt frá HSÍ. Leit HSÍ að arftaka Alfreðs Gíslasonar er búin að vera löng og erfið. Rúmar þrjár vikur eru síðan Alfreð gaf það formlega út að hann væri hættur en hann tjáði HSÍ þá fyrirætlun sína að minnsta kosti tveim vikum fyrr.

Sambandið hefur því haft heilar fimm vikur til þess að vinna í þessum málum en það hefur enn ekki skilað neinum árangri.

Fyrsti kostur var sænski þjálfarinn Magnus Andersson sem þjálfar danska liðið FCK. Hann gat ekki tekið að sér starfið sökum skuldbindinga við FCK sem hann er samningsbundinn til 2011. Árið í ár er sérstaklega erfitt fyrir landsliðsþjálfara sem einnig þjálfa félagslið því Ólympíuleikarnir koma beint ofan í undirbúning félaganna. Eftir að Andersson hafði sagt nei sneri HSÍ sér að Degi. Þær viðræður gengu mjög vel og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru HSÍ-menn klárir á því að Dagur myndi taka við starfinu. Það kom þeim algjörlega í opna skjöldu að Dagur skyldi segja nei og var í raun eins og blaut tuska í andlit þeirra.

Miðvikudagurinn var þeim því erfiður. Þá stóðu eftir þeir Geir og Aron sem helst höfðu verið nefndir í starfið og HSÍ ákvað að spjalla við Geir næst.

Verði svar hans neikvætt verður staða HSÍ enn erfiðari og spurning hvort sambandið þurfi að athuga með þá erlendu þjálfara sem hringdu hingað til lands á dögunum og lýstu yfir áhuga sínum á að taka við liðinu.

**henry@frettabladid.is**

Helena Sverrisdóttir var valin besti leikmaður vikunnar í MWC-deildinni:

# Slær öllum nýliðunum við

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir og félagar hennar í TCU-háskólanum í Bandaríkjunum eru komnar á mikið skrið og unnu í fyrrakvöld sinn fimmta leik í röð.

TCU hefur þar með unnið 8 af 10 leikjum sínum innan MCW-deildarinnar og eru að komast í góða stöðu fyrir komandi úrslitakeppni. Helena var með 9 stig, 12 fráköst og 4 stoðsendingar í síðasta sigurleiknum, sem kom gegn Wyoming.

Frammistaða Helenu hefur ekki farið framhjá mönnum innan háskólaboltans og hún var nú síðast kosin besti leikmaður deildarinnar í síðustu viku þegar hún var með 14,5 stig og 8,5 fráköst að meðaltali á aðeins 24 mínútum í tveimur sigurleikjum liðsins, auk þess að hitta úr 55 prósentum skota sinna og senda 7 stoðsendingar gegn aðeins einum töpuðum bolta.

Helena er aðeins annar nýliðinn á tímabilinu sem fær þessa útnefningu en hún er hins vegar eini leikmaðurinn á sínu fyrsta ári sem er meðal efstu manna í stigum, fráköstum og stoðsendingum. Þegar val hennar var kynnt fylgdi sögunni að Helena væri 24. í stigum, áttunda í fráköstum og fimmta í stoðsendingum í MWC-deildinni. **- óój**



**KANN ÞETTA** Helena Sverrisdóttir finnur sig vel undir stjórn Jeff Mittie hjá TCU. FRÉTTABLAÐIÐ/KEITH ROBINSON

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 1
- Intel Core2Duo E2180 - 1MB
- 2GB DDR2 DDR2 667MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

79.950

## UPPFÆRSLA A
- AMD Sempron64 3600+
- MSI K9N6SGM-V AM2
- 1GB DDR2 667MHz
- 256MB Geforce 6100

12.950

## UPPFÆRSLA B
- Intel Core 2 Duo E2180
- MSI P6NGM-FD S775
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- Geforce 7100 skjást.

19.950

## TURNUPPFÆRSLA 1
- AMD Sempron64 3600+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250

29.950

## TURNUPPFÆRSLA 3
- AMD X2 DualCore 6000+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

69.950

## PALIT GEFORCE 8800GT
Palit GeForce 8800GT, 512MB 1,8GHz DDR3, 600MHz Core, 256-bit, DX10, 2xDVI, PCI-E 16X Frábært skjákort í leikina

PALIT

24.950

## XILENSE AFLGJAFI
Öflugur 550watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 120mm viftu, ATX ver. 2.2

XILENCE

5.950

## INTEL TÖLVUPAKKI 4
- Intel Core2Quad Q6600
- 2GB Dual DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce 8800GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

147.950

## AMD QUAD CORE
AMD Phenom QuadCore 9500 2.2GHz, Socket AM2+, 65nm, 4x512MB cache, 1800MHz FSB, Retail

AMD

19.750

## AMD MÓÐURBORÐ
Öflugt móðurborð frá MSI K9A2 CF-F fyrir AM2+Phenom, 4xDDRII Gb Lan 800, 4xSATA2 Raid, 2xPCI-E 16X Crossfire

MSI

11.950

## ACER ASPIRE 5720G - 102
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 1.8GHz Intel Core 2 Duo
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 250GB, SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

99.950

## 500GB ICY BOX
500GB IcyBox margmiðlunarspilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICYBOX

21.950

## TVIX 4100
Enn betri og fullkomnari TViX
- Styður H.264
- Innbyggt netkort
- HDMI útgangur

TViX

34.950

## 160GB PASSPORT
Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunnar

WD Western Digital

12.950

## 500GB MY BOOK
Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital

14.750

## 2GB MINNISLYKILL
Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR

1.950

## SENNHEISER HD202
Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

SENNHEISER

2.750

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Stjarnan-Njarðvík 87-79**
**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Karadzovski 26, Jarret Stephens 20 (12 fráк.), Jovan Zdravevski 15, Guðjón Lárusson 11 (7 frák.), Kjartan Kjartansson 5, Eiríkur Þór Sigurðsson 4, Fannar Freyr Helgason 4, Sævar Ingi Haraldsson 2.
**Stig Njarðvíkur:** Damon Bailey 22 (9 frák.), Jóhann Árni Ólafsson 18, Brenton Birmingham, 15 (6 frák., 5 stolnir), Friðrik Stefánsson 12 (16 frák.), Daníel Guðni Guðmundsson, 7, Hörður Axel Vilhjálmsson 5 (5 stoðs.).
**Skallagrímur-Grindavík 88-95**
**Hamar-Þór Ak. 89-93**
Stig Hamars: Roni Leimu 23, Bojan Bojovic 21, Nicholas King 13, Roman Moniak 12, Lárus Jónsson 8, Svavar Pálsson 7, Marvin Valdimarsson 4, Viðar Hafsteinsson 1.
Stig Þórs: Cedric Isom 28, Luka Marolt 27, Magnús Helgason 8, Bjarki Oddsson 6, Óðinn Ásgeirsson 4, Bjarni Árnason 3, Hrafn Jóhannesson 2, Birkir Hermannsson 2, Jón Kristjánsson 2, Þorsteinn Gunnlaugsson 2.
**Tindastóll-Snæfell 71-87**
**Stig Tindastóls:** Joshua Buettner 19, Philip Perre 15, Svavar Birgisson 15, Samir Shaptahovic 11, Halldór Halldórsson 6, Ísak Einarsson 5.
**Stig Snæfells:** Justin Shouse 17, Sigurður Þorvaldsson 16, Hlynur Bæringsson 16, Magni Hafsteinsson 15, Anders Katholm 12, Slobodan Subasic 11.

*UEFA-bikarinn:*

**Aberdeen-Bayern Munchen 2-2**
Josh Walker, Sone Aluko - Klose, Hamit Altintop.
**FC Zurich-HSV 1-3**
Eric Hassli - David Jarolim, Ivica Olic, Piotr Trochowski
**Rosenborg-Fiorentina 0-1**
- Adrian Mutu
**Bolton-Atletico Madrid 1-0**
El Hadji Diof.
**Slavia Prag-Tottenham 1-2**
David Strihavka - D. Berbatov, Robbie Keane.

Iceland Express-deild karla:

## Góður sigur hjá Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Grindavík sótti góðan sigur í Borgarnes í gær. Eftir að hafa verið undir komu þeir sterkir til baka og unnu, 88-95.

Nýr leikmaður, Florian Miftari, var að spila sinn fyrsta leik fyrir Borgnesinga á heimavelli en náði ekki að koma í veg fyrir tap.

Friðrik Ragnarsson þjálfari Grindvíkinga sagðist vera ánægður með stigin tvö: „Það er alltaf erfitt að koma á þennan völl og ég var virkilega ánægður með það hvernig við kláruðum leikinn. Ég sagði við strákana í hálfleik að við yrðum að stöðva Flake og það er ekki gert nema með því að koma í veg fyrir að hann fái boltann," sagði Friðrik. **- su**

# Frábær einvígi úti um allan völl

**KR tekur á móti Keflavík í kvöld í uppgjöri tveggja efstu liðanna í Iceland Express-deild karla. Fréttablaðið fékk þá Teit Örlygsson, þjálfara Njarðvíkur og Jón Arnar Ingvarsson, þjálfara ÍR, til þess að spá í leikinn.**

**KÖRFUBOLTI** Einn af úrslitaleikjum um deildarmeistaratitilinn í Iceland Express-deild karla fer fram í DHL-höllinni í kvöld þegar Íslandsmeistarar KR-inga taka á móti toppliði Keflavíkur. KR-ingar eiga harma að hefna frá því í fyrri leiknum sem Keflavík vann með 22 stiga mun, 107-85.

Það tap þýðir jafnframt að KR-ingar þyrftu að vinna leikinn með 23 stigum til þess að taka toppsætið af Keflavík í kvöld. Keflavík er með tveggja stiga forskot fyrir leikinn og með sigri fer liðið langt með að tryggja sér deildarmeistaratitilinn því liðið væri þá í raun komið með sex stiga forskot, með fjórum stigum meira en KR og betri árangur í innbyrðisviðureignum liðanna.

„Þetta verður frábær leikur, bæði lið eru gríðarlega vel mönnuð og eru kannski búin að vera jafnsterkustu liðin yfir veturinn. Ég held að ef Keflavík tekur þennan leik þá verður liðið nokkurn veginn komið með deildarmeistaratitilinn," segir Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, sem er búinn að spila við bæði lið að undanförnu.

„Þetta eru ólík lið. Keflavík er meira létteikandi lið, er með frábæran leikstjórnanda í Bobby Walker og stendur svolítið og fellur með honum en hann er alveg magnaður leikmaður. KR er með fleiri sterka pósta og ætti að öllu óbreyttu að vinna einvígið inni í teig. Annars er Siggi Þorsteins búinn að vera að spila frábærlega undanfarið og taka hellings framförum.

Það er mikið rætt um útlendingana í liðinu en Teitur segir íslensku strákana vera líka í stórum hlutverkum.

„Maggi og Jonni verða í stórum hlutverkum hjá Keflavík í þessum leik. Jonni hefur átti marga frábæra leiki og það er nokkuð ljóst að ef hann spilar vel þá vinnur Keflavík. Maggi hefur kannski aðeins gefið eftir en það vita allir hvernig hann er. Þó að Maggi sé ekki að skora 20 stig í leik þá setur hann alltaf mark sitt á leikinn," segir Teitur og bætir við.

„KR-megin er Helgi ofarlega í huganum á mér. Hann átti magnaðan leik í seinni hálfleik á móti okkur um daginn. Hann var frábær báðum megin á vellinum, gerði frábæra hluti á móti Brenton og skoraði hinum megin. KR-ingar eru síðan með fleiri toppmenn eins og Pálma sem er búinn að skjóta boltanum vel undanfarið og Brynjar sem er frábær skotmaður," segir Teitur, sem á erfitt með að spá fyrir um úrslit.

„Ég held að það verði frábær einvígi alls staðar. Það er ekkert ólíklegt að þessi leikur ráðist bara í blálokin," segir Teitur.

Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari ÍR-inga, hefur meiri trú á Keflvíkingum í leiknum og aðalrökin fyrir því finnur hann í varnarleiknum.

„Keflavík hefur verið að spila hraðan leik en KR hefur frekar viljað hægja á þessu upp á síðkastið. Þegar við spiluðum við Keflavík spilaði Keflavík mjög góða vörn allan tímann en mér hefur fundist KR-ingar verið gloppóttir í varnarleiknum síðustu mánuðina. Þegar þeir unnu meistaratitilinn í fyrra voru þeir að spila gríðarlega þétta og góða vörn. Heimavöllur KR er mjög sterkur en ég væri ekki hissa ef Keflavíkingar myndu stela þessum leik því ég held að vörnin þeirra geti gert útslagið," segir Jón Arnar sem eins og Teitur segir liðin vera ólík.

„Þetta eru í rauninn svolítið ólík lið því Keflvíkingar einblína nokkuð á bakverðina fyrir utan, útlendingana tvo og svo Magga. Bæði Sigurður og Ástralinn eru góðir en þeir eru ekki í aðalhlutverki í liðinu. Hjá KR leita þeir mikið til Joshua Helm og svo nú Sola eftir að hann kom. Þeirra leikur snýst því meira um stóru mennina," segir Jón Arnar en hann telur að frammistaða Bandaríkjamannanna koma til með að ráða úrslitum.

„Kanarnir tveir verða lykilmenn í þessum leik. Þetta verður spurning um hvort Helm nær að eiga mjög góðan leik eða hvort Walker spili vel. Maður sér alveg fyrir sér að KR gæti lent í vandræðum með Walker en á móti eru bæði Susnjara og Sigurður svolitlir villukarlar. Ef þeir lenda í villuvandræðum gæti Helm fengið að njóta sín en ef þeir ná að halda honum niðri þá ætti Keflavík að taka þetta," segir Jón Arnar.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 og það má búast við að menn geti fengið þar forsmekkinn af því sem koma skal í úrslitakeppninni sem hefst eftir rúman mánuð.

**ooj@frettabladid.is**



**LYKILMENN LIÐANNA** Miðherji KR-liðsins Joshua Helm og leikstjórnandi Keflavíkur Bobby Walker. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN


## Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Himinn og haf / SÍA

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


Stjarnan hefur gott tak á Njarðvík í Iceland Express-deildinni í körfubolta:

## Stjarnan skellti Njarðvík öðru sinni

**KÖRFUBOLTI** Stjörnumenn unnu átta stiga sigur á Njarðvík, 87-79, í Iceland Express-deild karla í Garðabæ í gær og endurtóku þar með leikinn frá því í fyrri leik liðanna þegar liðið vann 78-81 sigur. Líkt og þá voru þeir að frumsýna nýjan bandarískan leikmann og það er óhætt að segja að Jarret Stephens lofi góðu en hann var með 20 stig og 12 fráköst í gær en þurfti að sitja síðustu þrjár mínútur leiksins eftir að hafa fengið sína fimmtu villu.

„Ég veit að það hefur gengið illa hjá Stjörnuliðinu upp á síðkastið og ég er ánægður með að geta komið og hjálpað til. Við erum að reyna að komast upp á næsta stig, tryggja okkur sæti í úrslitakeppninni og sjá til hvað við getum gert í framhaldi af því," sagði Stephens sem var nokkuð sáttur við sinn fyrsta leik.

„Ég enn þá svolítið ryðgaður enda er ég ekki búinn að spila körfubolta í nokkurn tíma en mér fannst ég leika ágætlega og það sem stóð upp úr var að liðið var að spila vel," sagði Stephens og bætti við: „Þetta lítur vel út, ég fell vel inn í liðið og þó að ég hafi bara spilað með þessum strákum í tvo daga þá finnst mér að ég passi vel inn í Stjörnuliðið."

Stjörnumenn voru með frumkvæðið allan tímann, leiddu 24-18 eftir fyrsta leikhluta og voru 39-36 yfir í hálfleik. Grunninn að sigrinum lögðu þeir þó í þriðja leikhluta þegar þeir náðu mest fimmtán stiga forskoti, 57-42, og eftir það var það bara spurning fyrir Stjörnumenn að spila skynsamlega og éta upp klukkuna, sem tókst.

Dimitar Karadzovski var allt í öllu í Stjörnuliðinu og lék vel eins og Stephens og Jovan Zdravevski en eins átti Guðjón Lárusson góða innkomu. Baráttan og stemningin var Stjörnumanna allan tímann og það er ljóst að þeim hentar vel að spila við Njarðvíkinga.

Sóknarleikur Njarðvíkinga var vandræðalegur í gær og það var ekki nóg með að þeim gengi illa að stilla upp á móti grimmri og hreyfanlegri vörn Garðbæinga heldur fóru þeir einkar illa með galopin skot undir körfunni.



**VEIKUR** Damon Bailey lék með Njarðvík þrátt fyrir veikindi og það munaði um minna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Damon Bailey lék veikur og það sást langar leiðir og þá tókst Stjörnuliðinu ágætlega að loka á Brenton Birmingham. Friðrik Stefánsson var sterkur undir körfunni en líkt og Damon fór hann oft illa með dauðafæri undir körfunni. Daníel Guðmundsson átti fína innkomu og Jóhann Árni Ólafsson góðan endasprett (12 af 18 stigum í 4. leikhluta) en leikstjórnendurnir Sverrir Þór Sverrisson og Hörður Axel Vilhjálmsson fundu sig ekki og fyrir vikið var sóknin ráðleysisleg og tilviljunarkennd. **- óój**

# Vinsælustu

## eldhústækin í Hagkaupum

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



12.990kr GOTT VERÐ

**Philips safapressa** HR1861
- 700w safapressa
- Tekur hart grænmeti og ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tvær hraðastillingar
- 2 lítra matari
- 1,5l safakanna



7.990kr GOTT VERÐ

**Exido safapressa** 244002
- Öflug safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tvær hraðastillingar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa



4.990kr GOTT VERÐ

**Exido hraðsuðukanna** 245035
- 2000w
- Ál



5.490kr GOTT VERÐ

**Melissa vöfflujárn** 643105
- 1200w
- Býr til tvær vöfflur í einu
- Hvítt



2.990kr GOTT VERÐ

**Melissa vöfflujárn** 643104
- 850w
- Lætur vita með ljósi þegar vafflan er tilbúin
- Hvítt



2.990kr GOTT VERÐ

**Melissa hraðsuðukanna** 645083
- 2200w
- 1,5 lítra
- Snúrulaus
- Hvít



6.990kr GOTT VERÐ

**Philips vöfflujárn** HD4472
- Vandað 1000w vöfflujárn
- Hægt að stilla hve mikið vöfflurnar bakast
- Sýnir þegar vöfflurnar eru tilbúnar með ljósi



4.990kr GOTT VERÐ

**Philips samlokugrill** HD2383
- 700w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Silfur/svart



2.490kr GOTT VERÐ

**Melissa samlokugrill** 643050
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Hvítt

Gildir til 21. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

Nýtt kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > John Turturro

Turturro þykir afar eftirsóttur leikari en hann hefur til dæmis leikið í fleiri Spike Lee myndum en nokkur annar. Þrátt fyrir að þykja gæðaleikari og hafa unnið tvisvar til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Cannes hefur Turturro aldrei verið tilnefndur til Óskarsverðlaunanna. Turturro leikur í gamanmyndinni Mr. Deeds sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON GERÐI MÓÐUR SINNI SJÓNVARPSGRIKK

## *Það er hættulegt að sofna við skjáinn*

Sú var tíðin að hægt var að sjá klámmyndarás án þess að greiða sérstaklega fyrir hana. Ég verð að viðurkenna að ég nýtti mér það einu sinni og á þann hátt að móðir mín Bjarney Gísladóttir á enn hönk í bakið á mér. Þannig var mál með vexti að hún á það til að dotta yfir sjónvarpinu, eins og getur reyndar komið fyrir mig líka. Mér þótti eitt skiptið alveg heillaráð, þegar sú gamla svaf, að setja klámmyndarásina á og stilla hljóðið svo hátt að það myndi raska svefnfriðnum. Svo fór ég upp í eldhús þar sem ég sá framan í mömmu sofa undir óhljóðunum. En svo rankaði hún við sér þegar leikar voru teknir að æsast með tilheyrandi hávaða. „Hvurslags er þetta," heyri ég hana svo segja þegar hún verður vör við lætin. Svo sá hún prakkarasvipinn á syni sínum og fékk ég þá að heyra það en þá var svo gaman hjá mér að ég skellti skollaeyrum við öllum skammaryrðum.



Skömmu síðar var lokað fyrir þessa rás og ég hef ekki kynnt mér það nánar hvað þurfi að gera til að opna hana aftur. Ekki veit ég hvort móðir mín hafði þar hönd í bagga.

En svona getur sjónvarpið verið stórhættulegt. Það býður upp á alls konar prakkarafreistingar og síðan nagar samviskubitið mann lengi á eftir.

En svo getum við mamma í seinni tíð horft á sjónvarpið saman eftir að ÍNN byrjaði en þá taka nokkrar vaskar konur sig saman og ræða um samskipti kynjanna í þættinum Mér finnst. Hins vegar stendur það ekki lengi því þegar umræðan er komin á það gróft stig að mamma segir „hvurslags þetta" þá minnist ég klámmyndahrekksins, fæ samviskubit og skipti um rás meðan ég tala um heim sem versnandi fer.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Logi í beinni STÖÐ 2



▶ **20.10** Gettu betur SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Bachelor SKJÁREINN



▶ **22.00** Die Hard 2 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.50** Numbers SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Spæjarar**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Gettu betur** Að þessu sinni eigast við lið Menntaskólans við Hamrahlíð og Kvennaskólans í beinni útsendingu úr Vetrargarðinum í Smáralind.
**21.15 Hr. Deeds** Bandarísk gamanmynd frá 2002. Blíðlyndur ungur maður úr smábæ erfir ráðandi hlut í fjölmiðlafyrirtæki og stýrir því eftir eigin höfði. Leikstjóri er Steven Brill og meðal leikenda eru Adam Sandler, Winona Ryder, John Turturro og Peter Gallagher.
**22.50 Lewis - Tryggðabönd** (Lewis: Old School Ties) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufulltrúa í Oxford, glímir við dularfullt sakamál. Leikstjóri er Sarah Harding og meðal leikenda eru Kevin Whately, Laurence Fox, Frances Albery og Owen Teale. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.25 Óperudraugurinn** (Phantom of the Opera) Bresk/bandarísk bíómynd frá 2004 með söngvum eftir Andrew Lloyd Webber. Afskræmdur tónsnillingur felur sig í Parísaróperunni og hrellir starfsfólk hennar annað en unga söngkonu sem hann elskar. e.
**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Shattered Glass**
**08.00 Looney Tunes. Back in Action**
**10.00 The Legend of Johnny Lingo**
**12.00 Nanny McPhee**
**14.00 Shattered Glass**
**16.00 Looney Tunes. Back in Action**
**18.00 The Legend of Johnny Lingo**
**20.00 Nanny McPhee (Töfrafóstran)**
▶**22.00 Die Hard II**
**00.00 Troy**
**02.40 Boys**
**04.00 Die Hard II**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Sisters** (e)
**11.00 Joey**
**11.25 Örlagadagurinn** (Bjössi og Dísa)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**14.00 Wings of Love**
**14.45 Man's Work**
**15.25 Bestu Strákarnir** (e)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** W.I.T.C.H., Batman, Smá skrítnir foreldrar, Sylvester og Tweety Leyfð öllum aldurshópum.
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veðurfirlit**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.35 The Simpsons**
▶**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
**20.40 Bandið hans Bubba** (3:12) Rokkkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð.
**21.30 Stelpurnar**
**21.55 Man of the House** Sprenghlægileg og kolsvört gamanmynd með Tommy Lee Jones og Cedric the Entertainer.
**23.30 Dead Birds**
**01.05 Duplex** Frábær gamanmynd. Nancy og Alex eru í skýjunum enda hafa þau fundið draumahúsnæðið í Brooklyn. Þau flytja inn full tilhlökkunar og setja það ekki fyrir sig að háöldruð kona býr á efri hæðinni. En sú gamla fer fljótlega að gera þeim lífið óbærilegt.
**02.35 Outta Time**
**04.05 Joey**
**04.30 Bandið hans Bubba**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**17.35 Inside the PGA**
**18.00 Gillette World Sport**
**18.30 Kraftasport 2008** (Íslandsmótið í bekkpressu) Sýnt frá Íslandsmótinu í bekkpressu þar sem allir helstu kraftajötnar landsins mæta til leiks.
**19.00 FA Cup - Preview Show 2008**
**19.30 Utan vallar**
**20.15 Spænski boltinn -** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.05 World Supercross GP**
**22.00 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of Poker 2007) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**22.50 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of Poker 2006) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heims að borðum og keppa um háar fjárhæðir.
**23.40 NBA körfuboltinn** (NBA 2007/2008) Leikur í NBA-körfuboltanum.

## SÝN2

**18.00 West Ham - Birmingham** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik West Ham og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Everton - Reading** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Everton og Reading í ensku úrvalsdeildinni.
**21.20 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.45 Arsenal - Blackburn** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 Less Than Perfect** (e)
**17.45 Rachael Ray - NÝTT**
**18.30 Game tíví** (e)
**19.00 One Tree Hill** (e)
**20.00 Bullrun** (5:10) Það eru tólf lið sem hefja leikinn á heimasmíðuðum tryllitækjum og það lið sem kemur fyrst á áfangastað snýr heim með 13 milljónir í farteskinu.
▶**21.00 The Bachelor** (7:9) Þetta er tíunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er bandarískur hermaður. Hann heitir Andy Baldwin og er mikill sjarmör. Andy og stúlkurnar þrjár sem eftir eru eiga saman fjöruga daga og rómantískar nætur í Hawaii. Þau heimsækja einnig Pearl Harbor þar sem Andy gerir þeim ljóst hversu líf það er að vera eiginkona hermanns. Eftir að hafa ráðfært sig við besta vin sinn ákveður Andy hvaða tveimur stúlkum hann ætlar að bjóða heim að hitta foreldra sína.
**22.15 Law & Order** Rótækur friðarsinni er myrtur og Briscoe og Green komast að því að fórnarlambið lenti í útistöðum við fyrrum hermann skömmu áður en morðið var framið.
**23.05 The Boondocks**
**23.30 Professional Poker Tour**
**00.55 C.S.I. Miami** (e)
**01.45 Da Vinci's Inquest** (e)
**02.35 The Dead Zone** (e)
**03.25 World Cup of Pool 2007** (e)
**04.10 C.S.I. Miami** (e)
**04.55 C.S.I. Miami** (e)
**05.40 Vörutorg**
**06.40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40

### Bandið hans Bubba



Rokkkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð. Þátturinn verður í beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba. Í þriðja þætti fylgjumst við með því þegar Bubbi velur þá 10 keppendur sem komast í úrslitakeppnina.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Mr. Deeds

### Sjónvarpið kl. 21.15

Skemmtileg mynd með Adam Sandler og Winonu Ryder í aðalhlutverkum. Myndin er endurgerð á samnefndri mynd Frank Capra frá árinu 1936. Myndin þykir með þeim betri sem Sandler hefur leikið í en margar myndir hans undanfarin ár hafa ekki fallið í ljúfa löð hjá gagnrýnendum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Brot af íslenskri menningarsögu: Upphaf rokksins á Íslandi
**21.10** Flakk
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Svörtu sönggyðjurnar
**23.00** Kvöldgestir
**00.00** Fréttir
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (124:260)
**16.30 Hollyoaks** (125:260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank**
**18.15 Hollywood Uncensored**
**19.00 Hollyoaks** (124:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (125:260)
**20.00 Skífulistinn**
**20.50 Totally Frank**
**21.15 Hollywood Uncensored** Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood? Hér verður öllum spurningum svarað.
**22.00 My Name Is Earl - NÝTT** (2:28)
**22.25 Flight of the Conchords** (4:12)
▶**22.50 Numbers** (18:24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála.
**23.35 Falcon Beach** Paige, Lane og Erin eru öll í fríi á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrófa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðaltöffara bæjarins, þá fara málin að flækjast.
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaus um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu.
**21.00 Guðni af lífi og sál** Guðni Ágústson, formaður Framsóknarflokksins, spjallar við áhorfendur ÍNN eins og honum einum er lagið.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Þáttur í umsjá Guðjóns Bergmanns. Guðjón fær til sín gest og spjallar um heilsu og lífsstíl.
**Dagskrá ÍNN er endursýnd allan sólarhringinn og einnig um helgar.**

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Rabatten **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor **20.50** Finding Forrester **23.00** Cops and Robbersons

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Saras kjøkken **11.40** Columbo **12.50** Jan i naturen **13.05** Doc Martin **13.55** V-cup alpint: Slalåm 1. omgang, kvinner **14.55** V-cup kombinert **15.30** Laura **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ørneredet **17.05** Mamma Mirabelle viser film **17.15** Rorri Racerbil **17.25** Store maskiner **17.35** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Kalde spor **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kalde spor **23.05** Sju historier om rock **23.55** 30 Rock **00.15** Kulturnytt **00.25** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Grön glädje **12.35** Beckman, Ohlson & Can **13.05** Velvet **13.35** Min stora dröm **14.05** Törnfåglarna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Staden där tiden stannade **17.00** Lilla spöket Laban **17.05** Pozzie **17.10** Stora maskiner **17.15** Riddaren från Pelargonien **17.30** Evas superkoll **17.40** Fåret Shaun **17.50** Meka med Knäck **18.00** Familjen Ouf **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** America's Sweethearts **22.25** Rapport **22.35** Kulturnyheterna **22.45** Dubbat **23.15** Hart's War **01.15** Sändningar från SVT24

LAGERHREINSUN!
LAUGAVEGI 91
ALLRA SÍÐUSTU DAGAR
DÚNDUR
afsláttur
fatnaður, skór og fylgihlutir
aðeins í 2 daga föstudag og laugardag



OPIÐ:
FÖSTUDAG 11-18.30
LAUGARDAG 11-18.00
galleri laugavegi 91
CENTRUM eva gs skór galleri sautján

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta nú bara á dagskrá Ríkisútvarpsins. Gerður G. Bjarklind á föstudögum er algjör snilld.“*

Helgi Örn Pétursson verslunareigandi.

# Kreppan kreppti ekki að Valentínusi

„Blessaður vertu, Íslendingar virðast ekkert hafa verið að hlusta á vaxtatilkynningu Davíðs og félaga í Seðlabankanum og þessi dagur er miklu betri en sá í fyrra,“ segir Laufey Kristjánsdóttir hjá blómabúðinni Ísblómum, spurð hvort kreppan margumrædda hafi haft áhrif á blómakaupin á Valentínusardeginum.

Dagur elskenda og ástarinnar virðist smám saman vera að fikra sig upp að hlið konudagsins sem blómavænasti dagur ársins en hingað til hefur fólk haft horn í síðu dagsins sökum þess að hann er nánast alamerísk hefð. Að sögn blómafólks í Reykjavík var allt brjálað að gera seinnipart dags. „Ætli dýrasti blómvöndurinn hafi ekki kostað í kringum sextán þúsund krónur,“ segir Hafdís Hafþórsdóttir hjá Árbæjarblómum. Á þeim bænum höfðu menn orðið varir við að eldra fólk væri búið að taka daginn í sátt en hingað til hefur Valentínusardagurinn aðallega verið hafður í hávegum hjá yngri kynslóðinni.




Aðalheiður Gestsdóttir hjá Blómaverkstæði Binna tók undir það og sagði fólk á öllum aldri og af öllum kynjum kaupa blómavendi handa sínum heittelskaða maka. „Þrjátíu þúsund er sá dýrasti sem ég hef selt og hann var hálfgert blómahaf með rósum og liljum og eiginlega öllu,“ segir Aðalheiður. Guðrún Einarsdóttir í Blómavali í Skútuvogi segir að hjá sér hafi margir ungir piltar hlotið eldskírn sína í að kaupa blóm handa fyrstu ástinni og þá oftast eina rós og kort. „Við létum síðan miða fyrir tvo í bíó fylgja í kaupbæti,“ segir hún en dýrasti blómvöndurinn sem farið hafði út úr húsi kostaði litlar tíu þúsund krónur. - fgg



**GLEÐI Á VALENTÍNUSARDEGINUM** Kreppan hafði ekki mikil áhrif á blómakaup Íslendinga, sem hafa smám saman tekið Valentínusardaginn í sátt.



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í Asíu **6.** íþróttafélag **8.** málmur **9.** sægur **11.** til dæmis **12.** ofan á brauð **14.** menntastofnun **16.** drykkur **17.** gestrisni **18.** hrópa **20.** fyrir hönd **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurrka út **3.** bardagi **4.** kölkun **5.** á móti **7.** holdýr **10.** segi upp **13.** væl **15.** innyfla **16.** skír **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** fh, **8.** tin, **9.** mor, **11.** td, **12.** álegg, **14.** skóli, **16.** te, **17.** löð, **18.** æpa, **20.** pr, **21.** rifa.

**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** at, **4.** vitglöp, **5.** and, **7.** holsepi, **10.** rek, **13.** gól, **15.** iðra, **16.** tær, **19.** af.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Dagur Sigurðsson
2. Ein
3. Valgeir Guðjónsson



**MERCEDES CLUB** Mikil ólga er meðal keppenda í Laugardagslögunum og dagskrárstjóri segir gott að fólk taki keppnina alvarlega. Mercedes Club er í miðju ólgunnar. Meðlimir sveitarinnar eru sakaðir um svindl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÞORVALDUR BJARNI:** ALLIR SITJA VIÐ SAMA BORÐ Í LAUGARDAGSLÖGUNUM

# Sökuð um svindl í Eurovision

„Við þurfum svo sem enga bakraddasöngvara. Ég er til dæmis svo kröftugur að ég gæti tekið þetta einn. Þótt þetta séu toppmenn í húsbandinu var þetta óþarfi og hugsað sem alger uppfylling,“ segir Egill Einarsson, talsmaður Mercedes Club, sem keppir í Laugardagslögunum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir mikilli ólgu meðal þátttakenda í forkeppni Eurovision-keppninnar. Eru reglur sagðar beygðar til að hygla lagi Barða Jóhannssonar Ho ho ho, we say hey hey hey, en í 13. grein segir að keppendur á sviði megi aðeins vera sex. Í undanúrslitum síðasta laugardagskvöld voru auk meðlimanna fimm þrír bakraddasöngvarar úr hljómsveit hússins sem sungu með í viðlaginu: Ólafur Hólm trommari, Vignir Þór Stefánsson hljómborðsleikari og Stefán Már Magnússon gítarleikarinn snjalli. „Ég neita að tjá mig um málið og vísa því til föðurhúsanna,“ segir Ólafur aðspurður hvernig það sé að vera í miðju meints svindls.

Reglurnar eru reyndar óljósar. Þannig segir í 24. grein reglna sem tóku gildi árið 1. ágúst 2007 að Sjónvarpið áskilji sér fullan rétt til að breyta reglunum, túlka og skera úr um öll vafaatriði sem upp kunna að koma. Regluverkið kemur ekki til af góðu. Komið hafa upp álitamál í tengslum við forkeppnina hér heima og er skemmst að minnast átaka sem urðu árið 2006 milli hóps þátttakenda sem Kristján Hreinsson Skerjafjarðarskáld fór fyrir og svo Silvíu Nætur sem sögð var hafa dreift lagi sínu opinberlega, þverbrotið reglurnar og voru uppi kröfur um að Silvíu yrði vísað úr keppni.

Þorvaldur Bjarni er tónlistarstjóri keppninnar og hann segir engar reglur hafa verið brotnar. Allir sitji við sama borð og megi nýta sér raddir húsbandsins. „Nei, það kannski nýtist ekki öllum. En ef þú vilt stækka bakraddirnar þá getur þú það. Fleiri nýttu sér þetta, til dæmis þau í Wiggle Wiggle Song.“

Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri tekur í sama streng, fyrirkomulag hafi legið fyrir og verið samþykkt á fundi lagahöfunda. „Raddirnar voru í fyrstu umferð á teipi og svolítið mikið að taka það allt af þeim í þessari umferð. En úti mega bara vera sex á sviðinu.“ Þórhallur er ánægður með hversu alvarlega menn taka keppnina enda vilja allir komast til Serbíu og syngja fyrir 300 milljónir manna.

Þorvaldur Bjarni telur reyndar lítið þurfa að hjálpa laginu hans Barða. „Brilljansinn við þetta er að hægt væri að hafa taminn apa til að segja hó og hey og það kæmi vel út.“

Egill Einarsson hafnar aðspurður því að söngkennari bakvarðarsveitar Mercedes Club sé að verða gráhærður. „Gæti ekki verið ánægðari með okkur. Ég þurfti minnst á söngkennslunni að halda enda tónlistarmaður. En það þurfti að fínpússa suma. En við þrír munum klára þetta. Við þrír munum fara til Serbíu.“ jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Athygli vakti þegar **Davíð Oddsson** Seðlabankastjóri tók í spil við opnun Bridgehátíðar 2008 í fyrrakvöld. Þar sat hann til borðs með **Jóni Steinari Gunnlaugssyni** Hæstaréttardómara og fleiri góðum mönnum. Eitthvað hefur þó fundur um vaxtaákvörðun Seðlabankans daginn eftir setið í Davíð því spilamennskan þótti ekki upp á marga fiska. Mun Davíð hafa haft á orði í gær að það hefði ekki truflað hann mikið þó illa hefði gengið, verra hefði verið að draga hinn ágæta bridge-spilara Jón Steinar niður með sér um leið.



Greint var frá forvitnilegri ritdeilu þeirra **Einars Ágústs Víðissonar** og **Guðmundar Gíslasonar** á þessum stað í blaðinu í fyrradag. Deilan snerist um ágæti útvarpsstöðva og virtust skoðanir þeirra hafa mótast af því hvaða stöð spilaði tónlist þeirra sjálfra. Stór orð féllu. **Dr. Gunni** bendir á bloggsíðu sinni á önnur forvitnileg ummæli á netinu, en þau eru á heimasíðunni Bubbi.is.



Á spjallborði síðunnar lætur Ásbjörn nokkur til sín taka og virðist vera um sjálfan **Bubba Morthens** að ræða. Ásbjörn er óánægður með gagnrýni á sjónvarpsþátt sinn í fjölmiðlum. Hann tiltekur sérstaklega gagnrýni hér í Fréttablaðinu og svo í DV þar sem rapparinn **Dóri DNA** skrifaði um kónginn. Inntak skammarræðu Bubba, sé þetta þá hann sem skrifar, er á þá leið að Dóri DNA hafi helst unnið sér það til frægðar að vera útþynnt gen komið frá Nóbelsskáldinu, eins konar „vonnabí“ sem þó hafi ekki náð lengra en að skrifa um kvikmyndir og Bandið hans Bubba. - hdm



Fjalakötturinn
Veitingastaður
í gömlu Reykjavík



Aðalstræti 16, sími 514 6060

Lostavekjandi matseðill
Fjórréttaður, í boði 14–24 feb.
kr. 5.800.-

vísir.is
...ég sá það á visir.is



Viðskiptaráðuneytið hefur nú flutt sig um set,
Úr Arnarhváli að Sölvhólsgötu 7, í Reykjavík

Nýtt símanúmer ráðuneytisins er 545 8800

Sölvhólsgötu 7 • 150 Reykjavík
Sími 5458800 • Fax 511 11 61
www.vidskiptaraduneyti.is

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

# Fræðin auglýst í fyrsta sinn

„Það er ekkert farið að draga úr áhuga á stjórnmálafræði, það er bara heilmikil samkeppni um nemendur í þessum fræðum,“ segir Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands, en deildin auglýsir nú námið af miklum krafti í sjónvarpsauglýsingum á Skjá einum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta í fyrsta skipti sem námsdeild innan HÍ auglýsir námið sitt með þessum hætti en ekki er óalgengt að hinir svokölluðu einkaháskólar kynni sitt nám eftir þessum leiðum. „Við vildum bara nota þetta til að ná til ungs fólks og vekja athygli á því að stjórnmálafræði er ekki bara fyrir fólk sem ætlar að ná langt í pólítík,“ segir Margrét og bætir því við að stjórnmálafræðin sé bara að nútímavæðast og í hálfgerðri útrás.

Þótt stjórnmálafræði sé ekki útungunarstöð fyrir pólitíkusa hafa fjölmargir stjórnmálamenn setið á skólabekk í Odda, húsi stjórnmálafræðarinnar, og nægir þar að nefna Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Gísla Martein Baldursson og heilbrigðisráðherrann Guðlaug Þór Þórðarson. Spurð hvernig Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskólans, hafi litist á þessa leið stjórnmálafræðarinnar segir Margrét að hún sé eflaust mjög sátt enda nútímaleg í hugsun. - fgg



**Í ÚTRÁS** Margrét með þeim Gunnari Helga Kristinssyni og Ómari Kristmundssyni en stjórnmálafræðin auglýsir nú á Skjá einum.

Nýjar vörur frá Ethnikraft



Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS




Rýmingarsala
Rýmum fyrir nýjum vörum

Natuzzi Askalind 2 201 Kópavogi sími. 564-4477 · www.natuzzi.com

NATUZZI
It's how you live

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
**Þórgunnar Oddsdóttur**

## *Rotin rómantík*

Mikið skelfing er ég fegin að betri helmingurinn skuli ekki hafa asnast til þess að færa mér Valentínusargjöf í gær. Tilbúin rómantík í hjartalaga súkkulaðiboxi hefði verið tilvalin leið til þess að eyðileggja fyrir mér annars ágætan fimmtudag enda vekur fátt hjá mér meiri viðbjóð en allt þetta væmna Valentínusardót sem sjá hefur mátt í búðum undanfarna daga. Bleik blúnduhjörtu, sykursæt gjafakort og slepjulegir tuskubangsar með áletruninni „I love you" hljóta að vera ávísun á ælupest eða niðurgang.

**ANDÚÐ** mín á Valentínusardeginum ber líklega vott um dulda fordóma og útlendingahatur. Mér finnst sjálfsagt að gleðja makann á hinum alíslenska bóndadegi og bíð auðvitað spennt eftir konudeginum en amerísku Valentínusarvæmnina vil ég ekki sjá á mínu dagatali.

**ÞÓTT** Valentínusardagurinn hafi aldrei náð að festa vel rætur á Íslandi er augljóst að útlenskar og ófrumlegar klisjur um rómantík hafa gjörspillt landanum. Stundum sér maður stutt viðtöl (til dæmis við keppendur í fegurðarsamkeppnum og þáttakendur í raunveruleikasjónvarpsþáttum) þar sem spurt er hvað rómantík sé. Flestir nefna steingelda hluti eins og kertaljós og kampavín eða ganga jafnvel svo langt að segja að ökuferð í limmósínu og bónorð í beinni útsendingu séu ávísun á eilífa ástarsælu. Þvílík þvæla.

**SÖNN** íslensk rómantík er sannari og tilgerðarlausari en þessi ameríska sykurbræla. Á tímabili snemma á 20. öld þróaðist hinn gamli séríslenski öskupokasiður á öskudaginn í þá átt að vera eins konar Valentínusarkort. Stúlkur reyndu að lauma öskupoka á piltinn sem þær voru skotnar í og öfugt. Líklega er ekki til betra dæmi um íslenska rómantík. Þetta er náttúrlega miklu rómantískara en konfektkassi og blómvöndur því það krefst natni og tíma að sauma öskupoka. Að auki samræmist siðurinn vel þeirri tilhneigingu Íslendinga að fara leynt með tilfinningar sínar. Engin óþarfa væmni eða hreinskilni – maður laumast bara aftan að ástinni sinni, festir á hana öskupoka og hleypur í burt. Við þessa kuldalegu ástarjátningu bætist svo alíslensk kaldhæðni því það að hengja ösku á þann sem þú elskar hlýtur að vera áminning um það að ást sem brennur of heitt breytist í ösku fyrr en þig grunar.

**ÉG** held við ættum að endurvekja þennan sið að ári. Vanti menn ösku í pokana má brenna Valentínusarkortin frá því í ár.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 15. febrúar, 46. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.25 | 13.42 | 18.00 |
| Akureyri | 9.18 | 13.27 | 17.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Hótel Palú (Madonna di Campiglio)**



Nokkuð rúmgóð herbergi og vel útilátinn morgunverður á hótelinu. Öll herbergi eru með stórum svölum. Hægt er að kaupa kvöldverð á hótel All´Imperatore.

Verðdæmi: **59.900,-**

**Vikuferð með morgunverði**
Á mann í tvíbýli m.v. brottför 8. mars 2008

**Hótel Somont (Selva Val Gardena)**



Fallegt hótel í Alpastíl skreytt með útskurði heimamanna. Persónuleg þjónusta og snyrtimennska einkenna hótelið, sem stendur neðst við eina af skíðabrekkum Selva. Hægt að renna sér að hótelinu.

Verðdæmi: **98.774,-**

**Vikuferð með hálfu fæði**
Á mann í tvíbýli m.v. brottför 8. mars 2008

Ítalía hefur verið einn vinsælasti áfangastaður skíðaunnenda undanfarin ár og ekki að ástæðulausu. **Madonna di Campiglio** er fallegt fjallaþorp þar sem þú finnur þægilegustu brekkurnar og frábæra aðstöðu fyrir snjóbrettafólk. **Selva Val Gardena** er einn þekktasti skíðabær Ítalíu og jafnframt eitt besta skíðasvæði heims. Vikulegt flug fram yfir páska.

**Skelltu þér á skíði í vetur!**




**Innifalið:** Flug, flugvallaskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS